

HÆTT
EN EKKI
FARIN
VIÐTAL 34



Ólíkir tvíburar

Beinta Maria og Levi verða níu ára gömul í júlí, en Beinta er með sjaldgæfan sjúkdóm.

VIÐTAL 24



www.tacobell.is

Til dæmis, Half pound Bean Burrito

Tíu réttir á röngu verði

199 kr. stk.

Ártúnhöfða & Hjallahrauni 15

TACO BELL

Giftrir af máti. Giftrir ekki með öðrum tilboðum.

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARÚTGÁFA

FRÍTT

16. maí 2009 – 116. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

STÓRTÓNLEIKAR 70



Heiðra minningu móður Kristjáns

ESB 12

Sérlausnabekking er mikilvæg

OFURMINNI 32

Hefur heilaleikfimi að atvinnu



TVÖ SÉRBLÖÐ Í DAG



Lagadeild

Metnaður og gæði
Engin skólagjöld
Umsóknarfrestur til 5. júní

HÁSKÓLI ÍSLANDS



BRUNAÚTKALL Á HÓTELPAKI Þeir voru vonandi ekki mjög lofthæddir mennirnir sem unnu að því í gær að koma fyrir festingum fyrir gluggavottamenn á þaki fjórtán hæða turnsins á Grand hóteli. Eitthvað virðist hafa farið lítils háttar úrskæðis hjá þeim, því slökkviliðið var kallað að hótelinu á áttunda tímanum í gærkvöldi vegna gruns um eld.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Friðlýsingin sögð á skjön við Natóaaðild

Ríkisstjórnin ætlar að friðlýsa Ísland fyrir kjarnorkuvopnum. Krafist verður yfirlýsingar um að skip og flugvélar sem hingað koma beri ekki kjarnorkuvopn. Gengur gegn skuldbindingum við Atlantshafsbandalagið, segir lögfræðingur.

UTANRÍKISMÁL Í stjórnarsáttmálanum er kveðið á um að Ísland verði friðlýst fyrir kjarnorkuvopnum. Tillaga um slíkt hefur oftsinnis verið lögð fram á þingi en aldrei hlotið nægan stuðning. Samkvæmt álitni lögfræðingsins Bjarna Más Magnússonar stangast friðlýsing Íslands fyrir kjarnorku og umferð kjarnorkuknúinna farartækja á við skuldbindingar Íslands við aðild að Atlantshafsbandalaginu. Bandalagið hefur haft þá stefnu að gefa ekki upp hvort farartæki þess séu búin kjarnavopnum eður ei. Árni Þór Sigurðsson er formaður utanríkismálanefndar. Árni segir

að NATO verði að svara því sjálf hvort þetta hafi áhrif á veru Íslendinga í bandalaginu. Hann segist ganga út frá því að stjórnvöld sem sendi hingað herskip eða flugvélar verði að gefa út yfirlýsingar um að þau séu ekki búin kjarnorkuvopnum. Árið 1984 lýsti ríkisstjórn Nýja-Sjálands yfir sams konar friðlýsingu landsins. Í kjölfarið slitu Bandaríkjamenn varnarsamstarfi við landið, sem nefnt var ANZUS. Árni Þór segir að ríkisstjórnin hljóti að fara í saumana á því hvaða afleiðingar slík yfirlýsing hér á landi hefði. Þingsályktunartillaga um frið-

lýsingu hefur nú sinnum verið lögð fram, fyrst árið 1987, en aldrei fengist afgreidd. Á síðasta þingi lögðu þingmenn allra flokka, utan Sjálfstæðisflokks, fram slíka tillögu. Samtök hernaðarandstæðinga hafa á undförnum árum sent sveitarfélögum erindi um friðlýsingu og nú er svo komið að einungis fimm sveitarfélög hafa ekki samþykkt friðlýsingu. Þau eru: Grímsnes- og Grafningshreppur, Skútustaðahreppur, Reykjanesbær, Sandgerði og Vogar. Ákvæðum um friðlýsingu hefur þó ekki verið beitt gegn herskipum sem hingað til lands hafa komið. - kóp

Stóra stundin í Moskvu: Jóhönnu spáð sjöunda sætinu

SÖNGVAKEPPNI Úrslitakeppni Söngvakeppni evópsku sjónvarpsstöðvanna, Eurovision, verður haldin í Moskvu í kvöld. Jóhanna Guðrún Jónsdóttir flytur framlag Íslendinga, lagið Is it true?, sem verður sjöunda í röðinni. Það er einmitt sætið sem laginu er spáð af veðbankanum Oddschecker. - kóp

Toppurinn frá Thailandi

- framandi
- frumlegt
- frábært

THAI-CHOICE

Risastór

18 tommu pönnupizza með 2 áleggstegundum

1990 kr.

sbarro

Suðurlandsbr. 46 og Stjörnut. Kringlunni
www.sbarro.is • sími: 517 7750

SPURNING DAGSINS



Guðlaug, er þetta tóm tjara?

„Já, og algjör steypa.“

Minnihluti sveitarstjórnar Rangárbings gagnrýnir að verja eigi 2,6 milljónum í að malbika vegi að sumarhúsum. Guðlaug Ósk Svansdóttir er fulltrúi minnihlutans.



HUGVIT OG FRAMSÆKNI Á sýningunni Íslensk hönnun 2009 er kynnt brot af því besta í íslenskr hönnun í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hönnun á Kjarvalsstöðum:

Rjóminn af Íslenskri hönnun

FÓLK Sýning á íslenskr hönnun var opnuð í Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum í gær, á sama tíma og málverkasýningin Frá Unuhúsi til Áttunda strætis.

Hönnunarsýningin er unnin í samstarfi við Hönnunarmiðstöð Íslands og er á dagskrá Listahátíðar í Reykjavík. Sýningunni er ætlað að kynna brot af því besta sem er að gerast í íslenskr hönnun í dag með áherslu á hús-gagna- og vörubönnun og arkitektúr í víðum skilningi.

- hs / sjá Heimili og hönnun

Lífeyrissjóður verzlunarmanna:

Þorgeir hættir sem forstjóri

FÉLAGSMÁL Þorgeir Eyjólfsson hefur sagt starfi sínu sem forstjóri Lífeyrissjóðs verzlunarmanna lausu. Í samtali við fréttavef Morgunblaðsins í gær sagði hann ástæðuna vera breytingar á baklandi sjóðsins. Nýverið var skipt um stjórn VR og Kristinn Örn Jóhannesson tók við sem formaður af Gunnari Páli Pálssyni, en VR er bakland sjóðsins.

Stjórn sjóðsins fundar á mánudaginn um eftirmann Þorgeirs. Í fréttum Stöðvar 2 í gær kom fram að Þorgeir fengi sex mánaða uppsagnarfrest sinn greiddan og héldi lúxusjappa sínum. - kóp

Götulistamenn verða í háloftunum á Austurvelli klukkan tvö í dag:

Góð stemning fyrir Listahátíð í Reykjavík

MENNING Listahátíð í Reykjavík var sett í gær og hefur miðasala gengið vel að sögn Jóhönnu Vigdísar Guðmundsdóttur framkvæmdastjóra. Uppselt er á fjölda viðburða en enn eru til miðar á fjölmarga, enda margt í boði.

„Þetta hefur gengið ótrúlega vel og stemningin fyrir Listahátíð er góð eins og endranær. Miðasala hefur gengið vel og mér sýnist að menn séu almennt að rækta garðinn sinn og sinna því sem er nær, en ekki fjær,“ segir Jóhanna, sem merkir ekki kreppuhugsunarhátt þegar kemur að miðasölu.

Meðal fjölmargra viðburða á hátíðinni má nefna að í dag klukk-

an 14 sýnir ástralski götulistahópurinn Strange Fruit listir sínar á Austurvelli. Listafólkið er á fjögurra metra háum sveigjanlegum stöngum og sýnir á þeim alls kyns kúnstir. Það mun setja svip sinn á borgarlífið um helgina.

Í dag verða einnig sýndir fimm stórir skulptúrar undir heitinu Campingkvinner, sem hverfist um hjólhýsi í líki kvenna. Þá má sjá á Austurvelli klukkan 14 og 16. - kóp

Í HÁLOFTUNUM Áströlsku götulistamennina í listahópnum Strange Fruit bar við háloftin þar sem þeir stóðu á ríflega fjögurra metra háum stöngum sínum fyrir utan Kjarvalsstaði í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Stefnir í jafnt kynjahlutfall árið 2057

Viðskiptalífið ætlar að sameinast um að auka hlutfall kvenna í forystusveit fyrirtækja. Í dag er um fimmtungur framkvæmdastjóra og stjórnarmanna konur. Fyrirtæki sem eru stofnuð og rekin af báðum kynjum standa sig betur en önnur.

JAFNRÉTTISMÁL Fyrsta skrefið í því að auka hlutfeld kvenna í stjórnunarstöðum fyrirtækja er að fjölga konum í stjórnnum fyrirtækjanna. Þetta kemur fram í niðurstöðum rannsóknar Creditinfo á hlutfeld kvenna í íslensku atvinnulífi.

Forystufólk Samtaka atvinnulífsins, Félags kvenna í atvinnurekstri og Viðskiptaráðs Íslands skrifaði í gær undir samkomulag þar sem hvatt er til fjölgunar kvenna í forystusveit íslensks atvinnulífs. Markmiðið er að í lok árs 2013 verði hlutfall hvors kyns ekki undir fjórtíu prósentum.

Hlutfall kvenna af stofnendum fyrirtækja hefur aukist jafnt og þétt á síðustu árum. Árið 1990 voru konur ellefu prósent stofnenda fyrirtækja, en í ár er hlutfallið komið upp í 22 prósent, samkvæmt könnun Capacent. Haldi þessi hæga þróun áfram á óbreyttum hraða verður kynjahlutfallið ekki jafnt fyrr en árið 2057, samkvæmt útreikningum Fréttablaðsins.

Af 24.390 framkvæmdastjórum íslenskra fyrirtækja eru 4.503 konur. Hlutfallið er því 18,5 prósent. Gera má ráð fyrir því að karlkyns framkvæmdastjórar séu að meðaltali með tæplega þriðjungu hærra laun en konur sem eru framkvæmdastjórar, samkvæmt rannsókn Capacent. Ríflega 150 þúsund krónum munar á meðallaunum karlkyns og kvenkyns framkvæmdastjóra, en tölurnar eru frá árinu 2007.

Eftir því sem fyrirtækin eru stærri því minni líkur eru á að konur veljist í stöðu framkvæmda-



ATVINNULÍFIÐ Helstu niðurstöður úr könnun á hlutfeld kvenna í íslensku atvinnulífi voru kynntar á tíu ára afmælisráðstefnu Félags kvenna í atvinnurekstri í Rúgbrauðsgerðinni í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

stjóra. Hjá minnstu fyrirtækjum eru konur 22 prósent framkvæmdastjóra, en aðeins níu prósent hjá þeim stærstu.

Konur eru um fimmtungur stjórnarmanna íslenskra fyrirtækja. Þær virðast þó mun vinsælli varamenn, því 51 prósent varamanna í stjórnnum er konur.

Heppilegast virðist vera að bæði kynin komi að stofnum og rekstri fyrirtækja. Fram kemur í könnun Capacent að arðsemi eigin fjár sé

meiri hjá fyrirtækjum með kvenkyns framkvæmdastjóra. Arðsemi eigin fjár sýnir hversu mikið eigendur hagnast á fyrirtækjum sínum.

Fyrirtæki eru ólíklegri til að lenda í alvarlegum vanskilum ef framkvæmdastjórar þeirra eru konur. Þá eru fyrirtæki sem stofnuð eru af báðum kynjum ólíklegri en önnur til að hætta rekstri, hvort sem er vegna gjaldþrots eða annarra ástæðna. brjann@frettabladid.is

Afskriftir á skuldum hættulegar segir forstjóri Símans:

Augljós mismunur hjá ríkisbönkunum

VIÐSKIPTI „Tillögur um stórkostlega fyrirgreiðslu ríkisbanka gagnvart einum aðila á markaði felur augljóslega í sér mismunur gagnvart öðrum,“ skrifar Sævar Freyr Práinsson, forstjóri Símans, í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag.

Þar fjallar Sævar um frumvarp til nauðarsamninga Teymis, sem gerir ráð fyrir því að skuldir Teymis, Vodafone og Kögunar verði skrifaðar niður um þrjátíu milljarða króna. Sævar segir nauðsynlegt að eitt gangi yfir alla á samkeppnismarkaði.

„Að kollaþarva markaðnum þannig að þeim sé umbunað sem ekki standa sig er ekki bara ósanngjarnt heldur beinlínis hættulegt fyrir samfélagið til lengri tíma

litið,“ skrifar Sævar. Það gangi jafnframt gegn úrskurði Samkeppniseftirlitsins, og eftirt sé að sjá að þessi aðferð geti samræmt ríkisstyrkjareglum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Sævar segir stjórnendur Teymis hafa keyrt fyrirtækið í prot löngu áður en íslenska bankakerfið hafi hrunið. Eigið fé hafi farið úr því að vera jákvætt um 7,5 milljarða króna í að verða neikvætt um 25 milljarða á átta mánuðum.

Það sé því lágmarkskrafa að horft sé til annarra fyrirtækja á samkeppnismarkaði, ætli ríkisbankarnir sér að halda áfram að skrifa niður skuldir fyrirtækja sem hafi keyrt sig í prot.

- bj / sjá síðu 18



SUNGIÐ TIL SIGURS Hrafna söng til sigurs á sviði Smáralindarinnar í gær og er ný Idolstjarna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

70 þúsund greiddu atkvæði: Hrafna hafði sigur í Idolinu

SKEMMTUN Hrafna Hanna Elísa Herbertsdóttir hafði sigur í Idolinu á Stöð 2 í gær. Alls greiddu sjötu þúsund manns atkvæði og var Hrafna valin fram yfir Önnu Hlín Sekulic, sem lenti í öðru sæti.

Hrafna flutti lagið Ticket to the Moon með ELO og dómnefnd valdi fyrir hana lagið Ég elska þig enn með Mannakornum. Báðar stúlkurnar fluttu síðan lagið Alla leið, sem þeir Örlygur Smári og Páll Óskar sömdu sérstaklega fyrir keppnina. Anna Hlín flutti lagið Woman in Love, sem Barbra Streisand gerði frægt, og dómnefnd valdi lagið Hlustaðu á regnið með Trúbrot.

- kóp

Kröfu landeiganda hafnað:

Landsvirkjun á vatnsréttindin

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur hafnað kröfu landeiganda við Þjórsá um vatnsréttindi í ánni. Landsvirkjun telst því eiga svo gott sem öll vatnsréttindi Þjórsár, en þau eru forsenda þess að áin verði virkjuð, eins og áform hafa verið uppi um.

Landeigandinn krafðist þess að samningur um sölu vatnsréttinda, sem gerður var um miðja síðustu öld teldist niður fallinn þar sem ríkið hefði ekki nýtt réttinn. Þessu hafnaði Hæstiréttur, og staðfesti þar með dóm héraðsdóms í málinu. Aðilar þurfa sjálfir að greiða sinn málskostnað. - bj

Útboð Orkustofnunar:

Tvær umsóknir í Drekasvæðið

IGNADUR Tvær umsóknir bárust um sérleyfi til rannsóknar og vinnslu kolvetnis á Drekasvæðinu, en útboðsfrestur rann út í gær. Umsóknirnar verða opnaðar á Orkustofnun klukkan 14 á mánudag og gefst almenningi kostur á að vera viðstaddur.

Í tilkynningu Orkustofnunar segir að áhuga umsækjanda á útboðinu beri að fagna, sérstaklega í ljósi hinna sérstöku aðstæðna á Drekasvæðinu. Um kostnaðar- og áhættusamt verkefni til langs tíma sé að ræða. Stofnuninni hefur einnig borist umsókn um leitarleyfi. - kóp

OB-LYKILINUM

-5 kr.

VIÐ FYRSTU NOTKUN Á ÓB-LYKILINUM OG SÍÐAN ALLTAF -2KR.

ÓB-lykilhafar geta safnað Vildarpunktum Icelandair. Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is eða í síma 515 1141.

26 stöðvar um land allt. www.ob.is

Kringlan

Opið til 18

Kringlukast

« miðvikudag til mánudags »

20-
50%
afsláttur af
nýjum vörum

KRINGLUKASTSBLAÐIÐ ER Á KRINGLAN.IS

Mán til mið 10-18.30, fim og fös 10-19, lau 10-18, sun 13-17 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is

Komdu í heimsókn

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	126,25	126,85
Sterlingspund	191,51	192,45
Evra	171,18	172,14
Dönsk króna	22,984	23,118
Norsk króna	19,39	19,504
Sænsk króna	16,048	16,142
Japanskt jen	1,3282	1,336

SDR	191,63	192,77
-----	--------	--------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
209,9316
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Enn með stöðu sakbornings í máli konu sem fannst látin í dúfnakofa:

Krufningarskýrslan er tilbúin

LÖGREGLUMÁL Lögregla hefur fengið í hendur krufningarskýrslu konu sem fannst látin í dúfnakofa í Hafnarfirði í byrjun febrúar. Lögregla vill ekkert gefa upp um niðurstöðuna, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur sambýlismaður konunnar, sem sat í gæsluvarðhaldi vegna málsins um tíma, enn stöðu sakbornings í málinu.

Konan, Sirrey María Alexandersdóttir, fannst látin í dúfnakofa nálægt geymslusvæði til móts við álverið í Straumsvík að kvöldi 5. febrúar. Hún var nakin með lambhúshettu á höfði. Úlpa hennar lá á jörðinni fyrir utan kofanum. Svo virðist sem konan hafi komið að kofanum ásamt sambýlismanni sínum á bíl.

Maðurinn, sem er fæddur árið 1972 eins og konan, var úrskurðaður í tveggja vikna gæsluvarðhald daginn eftir. Fram hefur komið að fólki hafi verið í óreglu. Maðurinn losnaði úr varðhaldi 20. febrúar. Líklegt þótti að konan hefði farið inn um glugga á

DÚFNAKOFINN Kofinn sem konan fannst látin í er í eigu Skrautdúfnafélags Hafnarfjarðar.



kofanum sjálf og ekki var talið útilokað að hún hefði frosið í hel.

Bráðabirgðaniðurstaða krufningar barst skömmu eftir að málið kom upp en varpaði ekki frekara ljósi á málið.

Velferðarsjóður barna: Styrkir námskeið fyrir börn

FÉLAGSMÁL Velferðarsjóður barna stendur í sumar fyrir verkefni Sumargleði. Með því er ætluin að styrkja ýmiss konar námskeið fyrir börn og unglunga hjá sveitarfélögum, íþróttafélögum og félagasamtökum.

Velferðarsjóðurinn vill tryggja jafnan aðgang barna og unglunga að námskeiðum. Þar sem fjárhagslegar aðstæður margra heimila hafa versnað til muna undanfarið mun sjóðurinn koma til móts við þau heimili sem illa standa. Til þess þurfa námskeiðahaldarar að sækja um hjá Sumargleðinni. Verkefnastjóri er Þórey Edda Elísdóttir.



MÓTMÆLI Á GASA Ísraelskir landamæra-verðir handtaka Palestínumann.

Palestínუმენн fagna ekki: Upphafshörmunga minnst

PALESTÍNA, AP Palestínუმენн á Vesturbakkanum og Gasasvæðinu hafa undanfarna daga minnst þess að 61 ár er liðið frá því að Ísraelsríki var stofnað árið 1948.

Hundrað þúsunda Palestínუმენн flúðu eða voru hrakin að heiman í kjölfar stofnunarinnar. Palestínუმენн nefna þennan atburð „nakba“, eða hörmungarnar.

Á Vesturbakkanum, þar sem Fatah-hreyfingin ræður ríkjum, minnstust menn þessa á fimmtudag, en í gær á Gasasvæðinu, þar sem Hamas hefur völdin.

ESB má ekki kljúfa þjóðina

Ólafur Ragnar Grímsson minnti á að stjórnskipan hefði staðist þolraun en ekki liðast í sundur vegna átaka, í ræðu sinni við setningu Alþingis. Umræðan um aðild að ESB mætti ekki kljúfa þjóðina í herðar niður.

STJÓRNMÁL „Enn eru hér alþingismenn sem kynntust því á yngri árum hvornig ágreiningur um tengslin við önnur ríki klauf þjóðina í herðar niður, sundraði samstöðu á orlagastundum,“ sagði Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, í ræðu sinni við þingsetningu 137. löggjafarþings í gær. Hann minnti þingmenn á að hafa hugfast að „á hinum nýju tímum þarf að efla samstöðu Íslendinga, varðveita þá einingu sem er forsenda árangurs“. En jafnframt að umræðan um Evrópusambandið gæti orðið efni til slíks klofnings eins og þjóðin hafi áður reynt, ef illa tekst til. Því þurfi öll meðferð málsins að vera með þeim hætti að sem flestir verði sáttir.

„Rökin bæði með og á móti eru svo efnisrík að sérhverjum ber að virða málf lutning hinna, gæta hófs, viðurkenna að málið snertir svo sögu, sjálfsvitund og framtíðarsýn Íslendinga að strengir röksemda og heitra kennda munu ætíð hljóma í senn.“

Ólafur Ragnar minnti einnig á að Alþingis biða erfiðari verkefni en oftast áður. Að endurreisa fjármálakerfið, atvinnulífið og heimilin og að tryggja velferð þeirra sem nú glíma við atvinnuleysi, tekjutap og eignamissi auk þess að efla umsvifin í byggðum landsins.

Þegar umræðan um stjórnarskrá er tengd efnahagslegum erfiðleikum þarf að hafa í huga að stjórnskipun og lýðræðislegt samfélag stóðst mikla þolraun, að liðast ekki í sundur vegna átaka og erfiðleika, sagði Ólafur Ragnar. „Aldrei fyrr hefur alþingiskosningar borið að með slíkum hætti og mikilvægt að gera nú fagnað því að þjóðin tók af öryggi og festu valdið sem henni bar í sínar hendur. Það sýnir styrk lýðræðisins meðal okkar og rætur þess í hugum fólksins, hefðum og siðum sem allir virða.“

Í umræðum um breytingu á stjórnarskrá þurfi því að hafa í huga sögu Íslendinga og hinar evrópsku lýðræðishefðir og meta hvers vegna Evrópa hafi kosið sér slíkt lýðræðisform sem þingræði er. „Þó margt megi sannarlega bæta í stjórnskipan landsins blasir engu að síður við sú staðreynd að stjórnarskráin sem þjóðin samþykkti við lýðveldisstofnun dugði vel þegar mest á reyndi. Þjóðinni var fært það vald sem



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON Forseti Íslands minnti við upphaf Alþingis í gær á að stjórnarskráin hefði dugað vel þegar á reyndi.

FJÓRIR NÝIR ÞINGMENN FORMENN

Nýr forseti Alþingis, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, kallaði eftir tilnefningu allra flokka í vinnuhóp til að endurskoða starf þingsins í ræðu sinni á Alþingi í gær. „Við viljum vinna áfram í því að gera Alþingi að fjölskylduvænum vinnustað, til að vinnulag verði eins og hjá öðrum í þjóðfélaginu,“ segir Ásta Ragnheiður.

Skipað var í fastanefndir þingsins í gær og í tólf fastanefndum, utan forsætisnefndar, eru þingmenn Samfylkingar og Vinstri grænna með formennsku í sex nefndum hver flokkur. Þá eru sex konur og sex karlar formenn nefnda. Guðbjartur Hannesson verður formaður fjárlaganefndar og Árni Þór Sigurðsson formaður utanríkisnefndar.

Fjórir nýliðar fá að spreyta sig á nefndarformennsku. Fyrir Samfylkingu verður Skúli Helgason formaður iðnaðarnefndar og Oddný Harðardóttir formaður menntamálanefndar. Fyrir Vinstri græn verður Lilja Mósedóttir formaður félags- og tryggingamálanefndar og Björn Valur Gíslason formaður samgöngunefndar.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokks, og Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokks, verða í utanríkis- málanefnd. Borgarhreyfingin mun eiga fulltrúa í öllum nefndum, auk þess að eiga áheyrnarfulltrúa í forsætisnefnd.

FORMENN FASTANEFNDA ALÞINGIS

Samkvæmt samkomulagi stjórnarflokkanna

Allsherjarnefnd
Steinunn Valdís Óskarsdóttir (S)

Efnahags- og skattanefnd
Helgi Hjörvar (S)

Félags- og tryggingamálanefnd
Lilja Mósedóttir (V)

Fjárlaganefnd
Guðbjartur Hannesson (S)

Forsætisnefnd
Ásta Ragnh. Jóhannesdóttir (S)

Heilbrigðisnefnd
Puríður Backman (V)

Iðnaðarnefnd
Skúli Helgason (S)

Menntamálanefnd
Oddný Harðardóttir (S)

Samgöngunefnd
Björn Valur Gíslason (V)

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Atli Gíslason (V)
Umhverfisnefnd
Þórunn Sveinbjarnardóttir (S)

Utanríkisamálanefnd
Árni Þór Sigurðsson (V)

Víðskiptanefnd
Álfheiður Ingadóttir (V)

hún kallaði eftir, alþingiskosningar fóru fram, ríkisstjórn með meirihluta að baki sér kemur til hins nýja þings og víótækari

breytingar hafa orðið á löggjafarstofnuninni en nokkru sinni á lýðveldistíma.“

svanborg@frettabladid.is

LAGER SALA

SÍÐASTA HELGI

Rafha ehf.

Ópið virka daga 10-18 laugardag 11-16

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík Sími 5880500 www.rafha.is

VEÐURSPÁ

Elisabet Margeirsdóttir
Veðurfréttamaður

BLÍÐA FRAM Í NÆSTU VIKU
Helstu tíðindin eru þau að það verða litlar sem engar breytingar næstu daga en það og er hæglaetis veður fram undan. Það verður áfram hlýtt og líklegt að hitinn fari hátt í 19 stig í innsveitum suðvestanlands næstu daga.

Á MORGUN
Hæg norðaustlæg eða breytileg átt.

MÁNUDAGUR
Hægviðri.

HEIMURINN

Alicante	24°
Basel	22°
Berlín	16°
Billund	11°
Eindhoven	16°
Frankfurt	19°
Friedrichshafen	21°
Gautaborg	12°
Kaupmannahöfn	12°
Las Palmas	20°
London	14°
Mallorca	25°
New York	22°
Orlando	31°
Ósló	16°
París	15°
San Francisco	25°
Stokkhólmur	12°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig er í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

TAX FREE!

Aðeins þessa helgi!

TAX FREE!



AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT AF ALLRI ÚTIMÁLNINGU OG VIÐARVÖRN

Gildir í Húsasmiðjunni um land allt



Frábær
á skjólgirðingar og
viðarklæðningar

Mest selda
pallaólía
á Íslandi



695

Einnig frábært verð á
málningaráhöldum!

Málningarfata
12 ltr, fyrir 25 sm rúllur.
7006205



Rúllusett
Rullex 25 sm.
7010099

999

Lestu allt
um málningu
og viðarvörn
í Sælureit



Frábær saman

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

KJÖRKASSINN

Á að leggja á sykurskatt í forvarnaskyni?

Já	37,4%
Nei	62,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Á forseti Íslands að hitta Dalai Lama þegar hann kemur hingað til lands?

Segðu þína skoðun á visir.is

Lögreglustjóri segist ekki fórna lögreglumönnum fyrir skipulagsbreytingar:

Breytingarnar kosta ekkert

LÖGREGLUMÁL Það er misskilningur hjá Arinbjörni Snorrasyni, formanni Lögreglufélags Reykjavíkur, að kostnaður muni hljóta af fyrirhuguðum skipulagsbreytingum hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Þetta segir Stefán Eiríksson lögreglustjóri.

Arinbjörn gagnrýndi í Fréttablaðinu í gær að ráðast ætti í breytingarnar, sem fela í sér að settar verði á fót fimm sjálfstæðar lögreglustöðvar í borginni, á meðan lögreglumönnum fækkar og ekki er til fé til að halda þeim í vinnu. Þá sagði hann að félagið hefði kallað eftir upplýsingum um kostnaðinn en engin svör fengið.



TILFÆRSLUR Stefán, til hægri, ásamt Friðrik Smára Björgvinssyni, yfirmanni rannsóknardeildar lögreglunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Breytingarnar eru ekki til þess að auka kostnað heldur miklu frekar til þess að draga úr kostnaði,“ segir Stefán, og vísar þar bæði

til umræddra skipulagsbreytinga sem og fyrirhugaðra breytinga á vaktakerfi lögreglumanna. „Við erum ekki að setja af stað breytingar sem gera það að verkum að við getum ekki ráðið fólk til starfa. Það væri nú býsna skrítið.“

Stefán segir að í fyrstu muni hljóta einhver smávægilegur kostnaður af því að flytja menn á milli staða. „En þetta eru fyrst og fremst tilfærslur á fólk. Það eru engar nýráðningar og það ekki verið að kaupa neinn dýran búnað, þannig að það liggur enginn meiri háttar kostnaður í þessu. Það er alveg á hreinu,“ segir lögreglustjórinn.

-sh

Bardagar geisa í Sómalíu: Íbúar að verða matarlausir

SÓMALÍA, AP Íbúar í Mogadishu, höfuðborg Sómalíu, hafa varla þorað út fyrir hússins dyr þrátt fyrir að matarleysi sé farið að hrjá marga.

Harðir bardagar hafa geisað í borginni, þar sem stjórnarherinn berst við herskára múslima. Nú er svo komið að stjórnin hefur ekki nema helstu götur borgarinnar á sínu valdi, ásamt nokkrum stjórnarbyggingum.

Óttast er að uppreisnarmenn, sem njóta liðsinnis útlendra Al Kaída-liða, nái borginni á sitt vald og fái þar með fullt frelsi til að athafna sig í landinu.

-gb

Stofufangi í Búrma:

Meðferð á Suu Kyi fordæmd

BÚRMA, AP Leiðtogar á Vesturlöndum og mannréttindasamtök fordæma meðferð herforingjastjórnarinnar í Búrma á Aung San Suu Kyi, Nóbelsverðlaunahafa og leiðtoga stjórnarandstöðunnar þar í landi.



AUNG SAN SUU KYI

Hún hefur verið í stofufangelsi árum saman, en átti að losna fyrir mánaðamót. Herforingjastjórnin lagði hins vegar í vikunni fram nýja ákæru á hendur henni fyrir að brjóta skilmála stofufangelsisins. Norska Nóbelsverðlaunanevndin gaf einnig út yfirlýsingu í gær, þar sem þess er krafist að hún verði án tafar látin laus.

-gb

DÓMSTÓLAR

Henti gleriláti í síðu manns

Riflega tvítugur maður hefur verið ákærður fyrir sérlega hættulega líkamsárás, en honum er gefið að sök að hafa kastað gleriláti í síðu manns á fimmtugsaldri á tjaldstæðinu við Þrastaskóg. Sá hlaut ílangan marblett og eymsli í aftanverðum brjóstakassa, að því er segir í ákæru, og krefst rúmlega hálftrar milljónar í bætur.

Ákærður fyrir að slá mann

Maður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir líkamsárás í Þorlákshöfn í júní í fyrra. Hann sló sér eldri mann í andlitið. Sá krefst rúmlega 400 þúsund króna í bætur.

LOTTÓ

Lottóið sýnt seinna í kvöld

Dregið verður í Lottóinu í kvöld klukkan 22.30 en ekki 18.45 eins og vanalega. Frestunin er vegna beinnar útsendingar Sjónvarpsins frá Söngva-keppni evrópskra sjónvarpstöðva.



MARÍA OG ÞORSTEINN MÁNI Í STAFNI Eldborg er í raun handverk bátasmiðanna en nú eru góð ráð dýr því báturinn á að vera kominn út fyrir mánaðamótin.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURDUR

Á hrakhólum með bát

Bátasmiðir lenda á hrakhólum með ókláraðan bát ef ákvörðun Borgarbyggðar gengur eftir. Sýnir forgangsroð sveitarfélagsins að koma bátasmiði fyrir kattarnef vegna skolphreinsistöðvar, segir Þorsteinn Máni bátasmiður.

SKIPULAGSMÁL Síðastliðin tvö og hálf ár hafa þau Þorsteinn Máni Árnason og María Sigurjónsdóttir unnið að smíði þrjátíu tonna báts í atvinnuhúsnæði í Brákarey í Borgarnesi. Deila þeirra við Borgarbyggð, sem á húsnæðið, hefur sett alla þá vinnu í uppnám. Að óbreyttu eiga þau að fjarlægja bátinn út úr húsinu 1. júní næstkomandi. Þau óttast að ef báturinn sé settur út núna, þegar húðin á honum er óvarin, gæti það valdið verulegu tjóni og jafnvel orðið til þess að ekki fáiast haffæraleysi á hann. Slíkt tjón mætti meta á marga tugi milljóna.

Borgarbyggð hefur ákveðið að láta rífa húsið svo hægt sé að hefjast handa við framkvæmdir við hreinsistöð sem er fyrir aftan það en nýjar lagnir eiga að koma þar sem húsið er nú. Þorsteinn Máni og María segjast hafa margt út á vinnubrögð Borgarbyggðar að setja. „Í afstöðumynd sem fylgir útboðsgögnunum með framkvæmdunum við skolphreinsistöðina sést að rörið



ATVINNUHÚSNÆÐIÐ Í BRÁKAREY Bæjarfyrirvöld hyggjast rífa húsið.

fer framhjá húsinu og er í tveggja og hálf metra fjarlægð þar sem það kemur næst,“ segir hann. „Ég fæ ekki skilið af hverju þarf að rífa 1.380 fermetra hús af því að lögn eiga að fara fram hjá því.“

Þau segjast einnig afar ósátt við vinnubrögð Borgarbyggðar í þessu máli. „Ég var hérna fyrir tilviljun einn dag í október síðastliðnum þegar ég varð vör við það að hingað var kominn hópur sem ætlaði að rífa húsið en því var bjargað,“

segir María. Þau segjast ekki hafa fengið uppsagnarbréf frá bænum en hins vegar heyrir stjórnsýslumenn segja það í fjölmiðlum að þau eigi að vera komin út 1. júní næstkomandi. „Fyrir mér gildir slík uppsögn ekki en það gerir aftur á móti heidursmannasamkomulag sem ég gerði við Pál Brynjarsson bæjarstjóra um að ég fengi alltaf sex mánaða fyrirvara.“ Þess ber að geta að þau leigðu húsið í gengum þriðja aðila svo leigusamningur milli þeirra og Borgarbyggðar var aldrei til.

„Svo er alltaf verið að tala um nýsköpun og sprotafyrirtæki en svo sést hvernig forgangsroðin er í raun og veru hjá þessu sveitarfélagi þegar skolphreinsilagnir eru láttnar verða til þess að ekki sé hægt að smíða bát sem mundi síðan koma sér vel fyrir samfélagið hér og auka tekjur þess.“

Þorsteinn segist helst vilja fá næði til að klára báttinn í þessu húsnæði en það gæti þurft tvö ár.

js@frettabladid.is

Forstöðumaður framkvæmdasviðs segir húsið rífið vegna skolplagna:

Segir velviljann illa launaðan

SKIPULAGSMÁL Jökull Helgason, forstöðumaður framkvæmdasviðs Borgarbyggðar, segir að verið sé að vinna að því að tengja allar skolpleiðslur bæjarins í eina skolphreinsistöð. Skolplagnir eigi að fara um þar sem húsið er nú og eins þurfi verktakar athafnasvæði við framkvæmdirnar. Kannað hafi verið hvort hægt væri að gera þessar framkvæmdir og hlífa húsinu.

„Í svari frá Orkuveitu Reykjavíkur kom í ljós að kostnaður við það næmi tugum milljóna,“ segir Jökull. „Og sveitarfélagið var ekki tilbúið að leggja í þann kostnað.“ Hann segir enn fremur



JÖKULL HELGASON

af þeim sökum.

Tvívegis hefur þeim Þorsteini Mána og Maríu verið sent bréf þar sem leigusamningnum er sagt upp. Í fyrra skiptið fengu þau þriggja mánaða fyrirvara sem síðan var lengdur um aðra þrjá mánuði.

„Reyndar er varla hægt að tala um leigu því þau eru þarna fyrir velvilja Borgarbyggðar og borga enga leigu,“ segir hann. 26. febrúar síðastliðinn setti Jökull síðan sjálfur í viðurvist tveggja votta annað uppsagnarbréf í bréfalgu og tekur uppsögnin gildi 1. júní næstkomandi. Hann segir það af og frá að menn hafi verið sendir til að rífa húsið eins og María heldur fram. Hann segir verkefni þeirra vera afar merkilegt en hins vegar sé það gremjulegt að þau, sem eru þarna með báttinn fyrir velvilja sveitarfélagsins, skuli ekki virða það að nú þarf sveitarfélagið á því að halda og mikið liggja við.

-jse

UPPLÝSINGATÆKNI TIL ENDURREISNAR

Bætt þjónusta – lægri kostnaður

RÁÐSTEFNA UT-DAGSINS 19. MAÍ 2009

Í tilefni af degi upplýsingatækninnar, UT-deginum, verður haldin ráðstefna þar sem fjallað verður um hvernig hægt er að nýta upplýsingatækni sem verkfæri til að lækka kostnað og bæta þjónustu. Þar verður m.a. kynnt aðferðafræði til að meta kostnað og ávinning af upplýsingatækni og sagt frá verkefnum þar sem góður árangur hefur náðst.

Ráðstefnan verður haldin á Hótel Hilton Nordica þriðjudaginn 19. maí nk. Hægt er að skrá sig á vefnum www.sky.is eða með tölvupósti á sky@sky.is.

DAGSKRÁ

12:00 Skráning og afhending ráðstefnugagna Samlokkuhlæðing kl. 12:00-13:00	14:00 Aukin þjónusta með minni tilkostnaði Stefán Eiríksson og Halldór Halldórsson
Spjall með sérfræðingum. Umræðuefni eru eftirfarandi:	14:20 Kaffi og spjall með sérfræðingum
• Rafræn skilríki	14:40 Verkfrækista fyrir rafræna stjórnsýslu – í boði forsætisráðuneytis Halla Björg Baldursdóttir
• Opinn hugbúnaður	15:00 Opinber gögn: Falinn fjársjóður Hjálmar Gíslason
• Rafræn eyðublöð	15:20 Heilbrigðisþjónusta á Netinu Kristján G. Guðmundsson
• Fjarskiptamál og verkefni fjarskiptasjóðs	15:40 Facebook og samskiptasamfélög Marianna Friðjónsdóttir
• Rafrænir reikningar	16:00 Lokaorð Sigrún Jóhannesdóttir
• Umbætur í vefmálum	16:10 Ráðstefnuslit
13:00 Ávarp Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra	16:10-17:00 Spjall með sérfræðingum
13:15 Upplýsingatækni til endurreisnar – Netrikið Ísland Guðbjörg Sigurðardóttir	
13:35 Hvernig má minnka fyrirhöfn borgara við að sækja opinbera þjónustu – Arðsemi rafrænnar stjórnsýslu og einfaldara regluverks frá sjónarhóli notenda Jón Óskar Hallgrímsson	

Ráðstefnustjóri: Þóroldur Árnason, formaður Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja og forstjóri Skýrr

FORSETISRÁÐUNEYTI | sky | FFR FÉLAG FORSTÖÐUMANNA RÍKSSTOFNANA | UT-DAGURINN



UPPSELT

Einleikstónleikar VÍKINGS HEIÐARS ÓLAFSSONAR

Háskólabíó á morgun, sunnudagskvöld kl. 20.00

AUKATÓNLEIKAR 24. maí

LHASA DE SELA og hljómsveit

Nasa 24. maí kl. 20.00 — Miðaverð: 3.500

UPPSELT 23. maí

Orbis Terræ ORA

Margrét Vilhjálmssdóttir, leikkona og listrænn stjórnandi sýningarinnar, fer fyrir hópi fjölda listamanna sem leiðir gesti um leiksýninguna Orbis Terræ – ORA.

Frumnýning í kvöld kl. 20.00, Þjóðmenningarhúsið Aðrar sýningar, 17., 20., 24. og 27. maí kl. 20.00. 23. maí kl. 17.00 Miðaverð: 3.450



Hvernig þjóðmenning verður stríðsmenning

Listahátíð er hafin

Á Austurvelli í dag klukkan 14 og 16

GÖTULISTAMENN frá Ástralíu

Forboðnir áveitir leika listir sínar á fjögurra metra háum stöngum sem sveigjast fram og aftur með tilþrifum. Aðgangur ókeypis.



TVEIR MENN, EIN KONA og SÆSKRÍMSLI

Sýning Huldu Hákon veitir einstaka innsýn í skrautlegan hugmyndaheim hennar. Listasafnið á Akureyri, kl. 15.00 Aðgangur ókeypis



Norskar HJÓLHÝSAKONUR

Fimm skúlptúrar á hjólum eftir Marit Benthe Norheim. Austurvöllur í dag kl. 14 til 18 — Aðgangur ókeypis.

NÁTTÚRUGÆSLUSTÖÐIN Reykjavík

Listamaðurinn, vísindamaðurinn og baráttukonan Natalie Jeremijenko opnar Náttúrugæslustöðina, í miðri hringiðu efnahagskreppu og loftslagsbreytinga.

Reykjavíkurtjörn og víðar kl. 11.00–14.00. Uppákoma fyrir alla fjölskylduna: Fuglamatur gróðursettur, vélgæsir keyrðar, börnum, fuglum og fiskum gefið og tjarnartúrar.

Gallerí 100° kl. 15.00–17.00. Spjall listamannsins og vísindamanna. Aðgangur ókeypis



Í HÚSI SÁRSAUKANS


Olga Bergmann skygnist bak við það sem skapast við sáran missi, áföll eða umbyltingu aðstæðna. Listasafn Reykjaneshæjar kl. 17.00 Aðgangur ókeypis



Á morgun, sunnudag: **BRENNIÐ ÞIÐ, VITAR!**

Myndlist í fjórum vitum, einum í hverjum landshluta í samvinnu við Siglingastofnun

Ásdís Sif Gunnarsdóttir sýnir í Kópaskersvíta, Curver Thoroddsen í Bjargtangavita, Gjörningarklúbburinn í Garðskagavita og Unnar Örn í Dalatangavita. Opnun í vitunum kl. 15.00 Aðgangur ókeypis



LÍFIÐ ER EKKI BARA LEIKUR – það er líka dans á rósum

Sýning á íslenskum ímyndarljósmyndum frá sjöunda áratug síðustu aldar. Ljósmyndasafni Reykjavíkur kl. 15.00 Aðgangur ókeypis



Hégómaröskun

Hrafnhildur Arnardóttir er þekkt undir heitinu Búðarþjófur (Shoplifter) í heimaborg sinni New York.

Gallerí i8 kl. 16.00 Aðgangur ókeypis




Sjá einnig sýningarnar: Frá Unuhúsi til Áttunda strætis og Íslensk hönnun 2009, á Kjarvalsstöðum og tvenndarsýningu Hrafnkels Kristjánssonar og Sigurðar Guðmundssonar í Listasafni Íslands.

Kynntu þér alla dagskrána á www.listahatid.is

Miðasala á www.listahatid.is
www.midi.is og í síma 552 8588

15.–31. MAÍ

2009



LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK

REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL



1. Hvað heitir strákafélagið íslenska sem skipað er samkynhneigðum knattspyrnu- og sundmönnum?
2. Hversu mörg mörk skorðu Stjórnustrákarnir gegn lánlausum Prótturum í Pepsi-deildinni í fyrrakvöld?
3. Hver er fangelsismálastjóri?

SVÖRIN ERU Á Síðu 70

Obama veur sérdómstólana í Guantanamo til lífs á ný:

Umdeild ákvörðun Obama

BANDARÍKIN, AP Ákvörðun Baracks Obama Bandaríkjaforseta um að endurvekja sérstaka dómstóla Bandaríkjahers á Kúbu hefur fengið misjafnar viðtökur.

Þessir sérdómstólar, sem ríkisstjórn George W. Bush kom á laggirnar, hafa það eitt hlutverk að dæma í málum fanganna í Guantanamo, sem grunaðir eru aðild að hryðjuverkastarfsemi.

Obama hefur lofað því að fanga-búðunum verði lokað í byrjun næsta árs. Enn er 241 fangi þar í haldi hersins, en sérdómstólarnir fá væntanlega mál 20 þeirra til meðferðar.

Réttarstaða fanganna verður



FANGAR Í GUANTANAMO Mál tuttugu fanga af nærri 250 koma væntanlega til kasta hinna endurreistu dómstóla.

NORDICPHOTOS/AFP

bætt verulega þegar dómstólarnir taka á ný til starfa, frá því sem áður var. Meðal annars verður

óheimilt að nota upplýsingar sem fengust með því að beita fangana grimmilegri, ómannúðlegri eða niðurlægjandi meðferð við yfirheyrslur.

Mannréttindasamtök, sem fögnuðu ákvörðun Obama um að loka búðunum, gagnrýna hann nú fyrir að endurvekja sérdómstólana.

„Það eru vonbrigði að Obama ætli að endurvekja frekar en að ljúka þessari misheppnuðu tilraun,“ segir Jonathan Hafetz hjá bandarísku borgararéttarhreyfingunni ACLU. Hann segir ekkert því til fyrirstöðu að hefðbundnir bandarískir dómstólar fái mál fanganna til meðferðar.

- gb

Evruríkin sextán:

Verulegur samdráttur á árinu

EVROPUSAMBANDIÐ, AP Samdrátturinn í efnahagslífi evruríkjaanna sextán nam 2,5 prósentum á fyrsta fjórðungi ársins. Greinilegt er að heimskreppan hefur tekið verulegan toll af þessum ríkjum.

Samdrátturinn í Þýskalandi, sem er stærsta hagkerfi evrusvæðisins, varð 3,8 prósent, sem er mesti samdráttur þar í landi síðan á áttunda áratug síðustu aldar. Stjórnvöld ríkjanna sextán vonast til þess að miklar vaxtalækkunar og aukin ríkisútgjöld komi efnahagslífinu af stað, svo annar eins samdráttur sjáist ekki aftur.

- gb

VERÐMUNUR HJÁ TANNLÆKNUM

Skoðun nýs sjúklings

LÆGSTA VERÐ

2.500 kr. Hafsteinn Ingvarsson
2.625 kr. Ásta Björt Thoroddsen
2.660 kr. Haukur Þorsteinsson

HÆSTA VERÐ

6.000 kr. Jónas Már Björgvinsson
5.500 kr. Kristín Gígja Einarisdóttir
5.125 kr. Klemens S. Anoniusson

Verð í opinberri gjaldskrá **2.660 kr.**

Viðgerð 1 flötur

LÆGSTA VERÐ

2000 kr. Jónas Geirsson*
5.390 kr. Haukur Þorsteinsson
5.500 kr. Hrafn G. Johnsen

* Þessi tannlæknir gefur upp verðið 2.000 til 11.000 kr.
 ** Þessi tannlæknir gefur upp verðið 6.000 til 13.000 kr.
 *** Gefur upp verð á bilinu 1.000 kr. til 3.800 kr.
 **** Gefur upp tvær tímaeiningar.

HÆSTA VERÐ

13.450 kr. Vilhelm Grétar Ólafsson
13.112 kr. Þorsteinn Scheving Thorsteinsson
13.000 kr. Karl Guðmundsson**

Verð í opinberri gjaldskrá **5.390 kr.**

Tannhreinsun

LÆGSTA VERÐ

1000 kr. Jónas Geirsson***
2.000 kr. Jónas B. Birgisson
2.315 kr. Hartmann Ásgrímsson

HÆSTA VERÐ

5.340 kr. Haukur Þorsteinsson
5.000 kr. Þórir Gíslason
5.250 kr. Ásta Björt Thoroddsen****

Verð í opinberri gjaldskrá **1.780 kr.**



GLEÐILEGT SUMAR!
HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ YKKUR

REDKEN

5 H AVENUE NYC

SALON VEH REYKJAVÍK

SALON VEH * HÚSI VERSL. KRINLUNNI 7 * S: 568 7305

Margfaldur verðmunur

Verðmunur á tannviðgerðum barna hleypur á þúsundum króna samkvæmt nýrri verðkönnun. Innan við helmingur tannlækna tók þátt í henni.

NEYTENDUR Margfaldur verðmunur er á hæsta og lægsta verði í þjónustu tannlækna fyrir aldurshópinn átta til tólf ára, samkvæmt nýrri könnun Neytendasamtakanna. Kannað var verð á nítján verkþáttum tannlækna og er munurinn á hæsta og lægsta verði ætíð margfaldur.

Sem dæmi þá kostar ódýrasta röntgenmynd ekki neitt hjá einum tannlækni á meðan sá dýrasti tekur 2.580 krónur; skoruþylling kostar 2.330 hjá ódýrasta tannlæknum en 7.310 hjá þeim dýrasta. Alls tóku 107 tannlæknar þátt í könnuninni eða innan við helmingur starfandi tannlækna. Það er léleg þátttaka að mati Jóhannesar Gunnarssonar, formanns Neytendasamtakanna. „Mér finnst mjög gagnrýnivert að þeir vilji ekki allir gefa okkur upp sitt verð. Ég vonast

til að þegar við endurtökum könnun þá sjái fleiri sóma sinn í því að svara,“ segir Jóhannes.

Foreldrar barna fá 75 prósent endurgreitt af tannlæknaþjónu en verð miðast þá við gjaldskrá heilbrigðisráðherra sem gefin var út árið 2004. Vegna misræmis milli gjaldskrárinnar og verðs hjá tannlæknum er endurgreiðslan þó oft mun lægra hlutfall. Til dæmis eru tæpar 2.000 krónur endurgreiddar fyrir skoðun á nýjum sjúklingi, sem eru 75 prósent af 2.660. Eins og sjá má á meðfylgjandi töflu er hæsta verð slíkrar skoðunar 6.000 krónur og myndi kostnaður foreldra í því tilviki vera um 4.000 krónur í stað tæplega 700 króna.

Töflu með verði þeirra tannlækna sem tóku þátt er að finna á heimasíðu Neytendasamtakanna www.ns.is.

- sbt

FRIGG

bolur og buxur



Verð bolur: 7.800 kr.
Verð buxur: 6.800 kr.



Léttur flísfatnaður úr Polartec® Power Stretch®, efni sem teygist á fjóra vegu og heldur vægum hita á líkamanum.



NEWPORT H2

Keen barnasandalar

Verð: 6.200 kr.



Flottir barnasandalar með táavörn, frönskum rennilás og mjög góðu gripi.



ANDVARI

vindheldur ullarjakkí

Verð jakki: 16.500 kr.



Vindheldur ullarjakkí með mjúku flísfóðri, sérmótuðu sniði á olnbogum og hettu sem hægt er að smella af.





Eurovision-kvöldið byrjar hjá N1!

Hjá N1 færðu allt sem þú þarft til að koma
Eurovision-partíinu þínu í syngjandi sveiflu.
Góða skemmtun og áfram Ísland!

**Partí
tilboð!**

Eurobandið:
Öll bestu Eurovision
löggin á einum disk! **695 kr.**





GIRAFFAFJÖLSKYLDA Litli girafinn Shani fær góða athygli frá foreldrum sínum, Naruk og Kibaya, í dýragarðinum í Berlín. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Verðbreytingar á vörukörfu ASÍ frá því í janúar 2009:


Hreinlætisvörur hækkuðu mest í verði

NEYTENDUR Hreinlætisvörur, drykkjarvörur og ýmsar nýlenduvörur hafa hækkað mikið en grænmeti, ávextir og mjólkurvörur hafa lækkað í verði á flestum stöðum þar sem verð var kannað á vegum verðeftirlits ASÍ. Mælingar á vörukörfu ASÍ fóru fram í nítjándu viku og er miðað við mælingar frá því í þriðju viku.

Vörucarfan hækkaði mest í Kaskó og Nóatúni en lækkaði mest í 10-11, Krónunni og Bónus. Þetta kemur fram í tilkynningu frá ASÍ.

Vörucarfan hækkaði um 3,6 prósent í Kaskó og um 3,1 prósent í Nóatúni en lækkaði um 2,6 pró-

Vörucarfa ASÍ Breytingar á milli 3. og 19. viku 2009



Heimild: Fréttatilkynning ASÍ

Grafið sýnir að verðið hækkaði mest í Kaskó og Nóatúni en lækkaði mest í Tíu-ellefu.

sent í 10-11, 1,7 prósent í Krónunni og 1,6 prósent í Bónus.

Ester Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri verðeftirlits ASÍ, segir

að hækkanir hafi verið áberandi á hreinlætisvörum, drykkjarvörum og ýmsum nýlenduvörum í flestum verslunum en að öðru leyti sýni

niðurstöðurnar að matvælavörð hafi lækkað.

Í Kaskó má rekja verðhækkunina til mikillar hækkunar á kjötvörum, hreinlætis- og snyrtivörum og drykkjarvörum. Í Krónunni vega þyngst hækkanir á hreinlætis- og snyrtivörum og drykkjarvörum en kjötvörur lækkuðu í verði um níu prósent.

Í stórmörkuðum hækkaði verð vörucarfunnar mest í Nóatúni eða um 3,1 prósent sem rekja má mest til hækkananna á kjötvörum, hreinlætis- og snyrtivörum, brauði, kornvörum og drykkjarvörum. Af stórmörkuðum lækkaði Hagkaup verðið mest eða um 0,7 prósent.

- ghs



Verð kr. 265.000.-

Rainbow

Þjóðum nokkrar Rainbow á **186,000**
Eða gömul Rainbow upp í nýja tilboð 155,000

Hrein fjárfesting ehf

Dalbraut 3 105 reykjavík • rainbow@rainbow.is
Sími verslun 567 7773 . kvöld og helgar 893 6337



GORDON BROWN Stjórnin á í vök að verjast, eins og reyndar þingheimur allur, vegna þess hve þingmenn hafa ótæpilega þegið fé úr ríkissjóði. NORDICPHOTOS/AFP

Ráðherra segir af sér

Fyrsti ráðherrann sem segir af sér vegna útgjaldahneykslisins í Bretlandi er Shahid Malik. Hann segist þó ekki hafa brotið neinar reglur og kvartar undan „blóðþorsta“ blaðamanna. Fylgi ríkisstjórnar Gordons Brown er í lágmarki.

BRETLAND Shahid Malik, aðstoðar-dómsmálaráðherra Bretlands, sagði af sér í gær eftir að upp komst að hann hafði nælt sér í rúm 65 þúsund pund úr opinberum sjóðum undanfarnin þrjú ár.

Féð, sem er jafnvirði um það bil 12 milljóna króna, fékk hann í styrk fyrir halda annað heimili í London, en hann á einnig heimili í kjördæmi sínu, Vestur-Jörvíkurskíri. Féð átti að nota til að greiða leigu af húsnæðinu, en í reynd fékk hann húsnæðið mjög ódýrt og mismunurinn fór í eigin vasa.

Sjálfur hafði Malik þó, stuttu fyrir afsögn sína, sagt hafa hreinan skjöld: „Ég þarf ekki að biðjast afsökunar á neinu. Ég hef ekki gert neitt rangt,“ sagði hann, og bætti því við að nú væri nóg komið af „blóðveislu“ fjölmiðla, sem undanfarna daga

hafa ljóstrað upp um hvern þingmanninn á fætur öðrum. Þingmennirnir hafa þegið stórar fjárhæðir úr ríkissjóði til þess að kaupa í matinn og greiða fyrir viðhald af húsum þeirra, og annað af því tagi sem almenningi þykir eðlilegt að launin þeirra eigi að duga fyrir. Jafnvel eru dæmi um þingmann sem lét ríkið greiða afborganir af láni, sem hafði þó verið greitt að fullu.

Dagblaðið Telegraph komst yfir þessar upplýsingar um útgjöld þingmanna, sem birta átti hvort sem er samkvæmt dómsúrskurði í næsta mánuði. Blaðið hefur verið að birta þessar upplýsingar smám saman, með þeim afleiðingum að þingheimur er í uppnámi.

Enginn stjórnarmáflökkur hefur sloppið óskaddaður. Sumir þingmenn hafa endurgreitt tugi þúsunda punda, og þótt þeir haldi

því statt og stöðugt fram að þeir hafi farið algerlega að þeim reglum, sem um þessi mál gilda, þá lætur almenningur sér fátt um þær varnir finnast.

Margir þingmenn eru sagðir hugleiða að segja hreinlega af sér þingmennsku vegna þessara uppljóstrana.

Ríkisstjórn Gordons Brown og Verkamannaflokksins stendur afar tæpt þessa dagana. Efnahagskreppan á sinn þátt í litlu fylgi hennar, en þessi útgjalda-mál þingmanna eiga einnig stóran þátt í hrakförum flokksins.

Samkvæmt nýrri skoðanakönnun, sem gerð var fyrir dagblaðið The Sun, myndu 22 prósent kjósa Verkamannaflokkinn, en Íhaldsflokkurinn fengi 41 prósent og Frjálslyndi flokkurinn 19 prósent.

gudsteinn@frettabladid.is

Sjóðfélagafundur 18. maí Ársfundur 19. maí

Stafir lífeyrissjóður boðar til ársfundar á Grand hóteli Reykjavík á þriðjudaginn kemur, 19. maí, kl. 17:00. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf og tillögur að breytingum á samþykktum sem hægt er að kynna sér á stafir.is.

Stafir boða jafnframt til sjóðfélagafundar kvöldið fyrir ársfund, mánudaginn 18. maí, kl. 20:00.

Stjórnendur Stafa ætla þar að „ryna í stöðuna“ með fundargestum og svara fyrirspurnum um afleiðingar hrunsins og um niðurstöður ársreiknings 2008.

Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta og afla upplýsinga eða leita svara við spurningum.

Allir sjóðfélagar eru hjartanlega velkomnir á báða fundina!

Stjórn Stafa lífeyrissjóðs

STAFIR
LÍFEYRISJÓÐUR

Stórhöfða 31 | 110 Reykjavík | Sími 569 3000 | www.stafir.is

Sjúkraflutningamaður segist hafa vísað til illrar meðferðar á hælisleitendum:

Ósáttur við umfjöllun fjölmiðla

HÆLISLEITENDUR Sturla Ólafsson sjúkraflutningamaður segir að honum hafi verið „naudgað“ af fjölmiðlum þegar þeir fjölluðu um skrif hans á Fésbókarsíðu 12. maí.

Stöð 2 greindi þá frá því að þar stæði, í umfjöllun um hælisleitendur, „held við ættum bara að negla frímerki á rassgatið á þessu liði og senda það með fyrstu flugvél til Órafjarrillú“.

Vakti þetta sérstaka athygli þar sem Sturla vinnur á Suðurnesjum, þar sem hælisleitendur eru geymdir. Hann gæti því þurft að flytja þá á sjúkrahús í veikindum.



STURLA ÓLAFSSON

Sturla segist hafa verið að vísa til bágborinnar meðferðar stjórnvalda á fólkinu. Það sé látið dúsa hér ár eftir ár, án þess að nokkuð sé gert í þeirra málum. Því sé ekki leyft að vinna eða ganga í skóla á meðan. Skárri væri að fara illa með fólkið á skemmrí tíma, svo sem með því að senda það strax burt.

„Fjölmiðlar hafa látið líta svo

út að hér sé rasismi á ferð. En það er fáránlegt að halda að ég, sem hef lagt mikið á mig til að verða sjúkraflutningamaður, hafi viljað niðurlægja fólk sem er að berjast við ómurlugar aðstæður og sér enga lausn aðra en að svelta sig.“

Sturla biðst afsökunar á ummælum sínum, en segist ekki geta borið ábyrgð á ummælum annarra, sem birtust á síðunni. Hann hafi reynt að skýra mál sitt fyrir fréttastofu Stöðvar 2 en allt kom fyrir ekki. Sturla ítrekar að hann og samstarfsmenn hans starfi af heilindum og manngæsku. Því megi treysta.

- kóp

Tónleikahald innanlands: Færri tónleikar nú en fyrri ár

MENNING Töluvert minna hefur verið um tónleikahald hér á landi síðustu ár ef marka má nýjustu tölur Hagstofunnar.

Tónleikahald á Íslandi jókst töluvert árið 2005 en þá voru haldnir vel yfir 2.300 tónleikar. Síðan þá hefur verið stöðug fækkun og árið 2008 voru haldnir færri en 2.000 tónleikar. Ljóst er að kreppan hefur sett mark sitt á tónlistina því tónleikahald dróst um 26 prósent í desember 2008 miðað við desember árið á undan. Hins vegar hefur tónleikum Símfónihljómsveitar Íslands ekki fækkað. Ágúst er vinsælasti mánuðurinn fyrir tónleikahald. - hds

Nemendur og kennarar í Vogaskóla fagna fimmtíu ára afmæli skólans:

Marserað við Öxar við ána í Vogahverfi

TÍMAMÓT Það voru kátir krakkar og kennarar sem marseruðu í skrúðgöngu með furðuhatta í gærmorgun í tilefni af fimmtíu ára afmæli Vogaskóla. Fremst í flokki fór fánaberi sem fékk aðstoð Skólahljómsveitar Austurbæjar sem meðal annars er skipuð nemendum Vogaskóla.

Fyrr um morguninn höfðu nemendur ásamt starfsfólki tekið sig til og búið til hatta sem margir hverjir voru ansi skrautlegir. Þar var meðal annars hægt að líta á prinsessu, álfa, pípu og gítarhatta í mismunandi litum.

Skrúðgangan vakti mikla lukku vegfarenda er gengið var um Voga-

hverfið veifandi íslenskum fánum og fylgdust þó nokkrir foreldrar með.

Félagarnir Kristþór Sæmundsson og Hlynur Víkingsson voru meðal nemenda og höfðu þeir orð á hversu mikill andi væri yfir þessu öllu og hvað þetta væri frábært og skemmtilegt. Eftir á var svo grillað á skólalóðinni og allir fengu pylsur í tilefni dagsins. Í dag verður svo opið hús og hátíðardagsskrá í sal skólans.

STUÐ Á LANGHOLTSVEGINUM Hressir nemendur og kennarar Vogaskóla fóru í skrúðgöngu í tilefni af afmælinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



VIÐ ÞINGHÚSIÐ Í BRUSSEL Strangar reglur verða settar um útgjöld.

NORDICPHOTOS/AFP

Evrópuþingið herðir reglur:

Þingmönnum bannað bruðlið

EVROPUSAMBANDIÐ, AP Árum og áratugum saman hafa þingmenn Evrópusambandsins verið gagnrýndir fyrir bruðl á kostnað evrópskra skattgreiðenda.

Þeir hafa keypt sér dýra flugmiða, boðið vinum og ættingjum út að borða á fínum veitingastöðum og jafnvel skráð maka sinn og börn sem aðstoðarmenn á háum launum.

Á þessu verður nú breyting. Þegar nýtt þing kemur saman að loknum kosningum í júní gengur í gildi bann við slíku bruðli. Heildarlaunin verða lægri og strangar reglur settar um útgjöld. - gb

Norðmenn í Kongó:

Grunaðir um morð á bílstjóra

NOREGUR Norðmaður hefur verið í haldi hersins í Kongó í viku en hann og félagi hans, sem hefur verið á flotta undan lögreglu frá því að Norðmaðurinn var handtekinn, eru grunaðir um að hafa myrt bílstjóra sinn. Mennirnir neita sök, að sögn dagblaðsins VG, og segja að ræningjar hafi skotið bílstjóran.

Samkvæmt lögum má halda mönnum í fangelsi í fimmtán daga í Kongó án þess að ákæra sé gefin út og birt mönnum. Ekki þarf heldur neinn sérstakan gæsluvarðhaldsúrskurð. Sendiherra Noregs, Jon Veia, segir bagalegt að ákæra hafi ekki verið gefin út. Norsk yfirvöld reyna að fá fangann fluttan í borgaralegt fangelsi. - ghs

STJÓRNSÝSLA

Þórunn ráðuneytisstjóri

Þórunn J. Hafstein mun taka við af Þorsteini Geirssyni sem ráðuneytisstjóri dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til 1. september. Þorsteinn sótti um leyfi vegna veikinda.

Raun- og náttúruvísindi:
Eðlisfræði
Efnafræði
Ferðamálafræði
Jarðeðlisfræði
Jarðfræði
Landfræði
Lífefnafræði
Líffræði
Stærðfræði

Verkfræði, tölvunarfræði:
Efnaverkfræði
Hugbúnaðarverkfræði
Iðnaðarverkfræði
Rafmagns- og tölvuverkfræði
Tölvunarfræði
Vélaverkfræði
Umhverfis- og byggingarverkfræði

Ætlar þú að taka virkan þátt í uppbyggingu og rekstri íslensks þjóðfélags?

Framtíðarhorfur í atvinnumálum hér á landi byggjast að verulegu leyti á námi sem kennt er á Verkfræði- og náttúruvísindasviði HÍ.

- Fjölbreytt, lifandi og skemmtilegt nám
- Kennarar í fremstu röð
- Náin tengsl við atvinnulífið
- Sterk rannsóknarhefð
- Alþjóðlegt samstarf

Umsóknarfrestur til 5. júní.
Skráning á www.verkognatt.hi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ

FRÉTTAVIÐTAL: Auðunn Arnórsson höfundur bókar um aðildarviðræður við Evrópusambandið

Þekking á sérlausnum mikilvæg

Af 35 köflum sem semja þarf um í aðildarviðræðum við Evrópusambandið eru einungis fjórir eða fimm kaflar sem ættu að vera erfiðir, segir Auðunn Arnórsson í nýrri bók sinni sem fjallar um hvernig aðildarviðræður fara fram.

„Það kom þannig til að ég átti gamalt handrit í tölvu sem fjallaði um nýju aðildarríkin sem gengu í Evrópusambandið 2004 og 2007, þannig að ég átti kafla um aðildarsamninga þessara ríkja og vissi heilmikið um hvernig þeir höfðu farið fram,“ segir Auðunn Arnórsson, blaðamaður á Fréttablaðinu, sem nýverið sendi frá sér bók sem nefnist Inni eða úti? Aðildarviðræður við Evrópusambandið, þar sem farið er yfir aðildarferlið.

„Þegar Evrópuumræðan breyttist í kjölfar hrunsins í október, þá rann mér blóðið til skyldunnar að leggja mitt af mörkum til að gera Íslendingum kleift að nálgast aðgengilegar upplýsingar um það hvernig þetta aðildarferli er,“ segir Auðunn og bætir við að ferlið sé mjög skýrt, vegna þess hversu mörg lönd hafa gengið í sambandið á síðustu árum. „Það sem ég tók mér fyrir hendur var að máta Ísland inn í þetta ferli, lið fyrir lið.“

Fjórir erfiðir kaflar af 35

Auðunn segir aðildarviðræður skiptast upp í 35 efniskafla, sem byggja á því hvernig lagasafn og stefnumið Evrópusambandsins eru skipt upp. „Frá bæjardryrum ESB séð þá snúast aðildarviðræður

fyrst og fremst um það hvernig umsóknarríki tekur upp gildandi löggjöf og stefnumið sambandsins. Ísland hefur í gegnum EES-samstarfið, Schengen og annað Evrópusamstarf tekið upp mjög stóran hluta þessa regluverks. Hátt í 20 kafla af þessum 35 er mín niðurstaða.“ Af þessum 35 köflum segir Auðunn vera fjóra eða fimm sem gætu reynst erfiðir í samningum, þar sem mikið veltur á því hvernig um semst.

Mikið hefur verið rætt um sjávarútvegs- og landbúnaðarkafnan, sem gætu reynst erfiðir um að semja. Að auki segir Auðunn að aðild að efnahags- og myntbandalaginu og hvernig Ísland verði skilgreint í byggðastefnu sambandsins gæti orðið erfitt í samningum.

„Það hversu fljótt Ísland gæti tekið upp evruna er atriði sem hugsanlega byðist í tengslum við aðildarsamning. Það er opin spurning sem miklu varðar fyrir Ísland.“

Hvað varðar byggðastefnuna segir Auðunn það velta mikið á því hvernig landsbyggðin verður skilgreind inn í kerfið, þar sem það ræður úrslitum um hversu háar fjárhæðir er hægt að sækja úr sjóðum ESB, til dæmis til framkvæmda í sveitarfélögum.

Byggðastefnan byggist á því að öll héruð innan aðildarríkjanna eru flokkuð niður eftir ýmsum skilyrðum á borð við meðaltekjur á mann, strjálbýli, fjarlægð frá mörkuðum og fleiru og ræður sú flokkun því hversu háa styrki hægt er að sækja í byggða- og þróunarsjóði sambandsins. Eitt af aðalskilyrðunum fyrir því að fá hæstu styrkina, er að meðaltekjur á íbúa séu lægri en 70 prósent af meðaltali ESB. „En



AUÐUNN ARNÓRSSON Segir mikilvægt að sinna undirbúningsvinnu og þekkja sérlausnir fyrir aðildarsamninga til að ná fram sem bestum samningi við Evrópusambandið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

það eru frávik frá þessari reglu, sérstaklega þegar um er að ræða héruð sem eru einangruð, eða búa við aðrar aðstæður sem gera þeim erfiðara fyrir að halda sinni samkeppnishæfni sem byggð í Evrópu-

sambandinu. Þessi sjónarmið eiga tvímælalaut við landsbyggðina á Íslandi, jafnvel allt landið.“

Undirbúningur skiptir öllu

„Aðildarviðræður eru að forminu

til tvíhliða ríkjaráðstefna milli allra aðildarríkjanna annars vegar og umsóknarlandsins hins vegar,“ segir Auðunn. Aðildarríkin skipta með sér formennsku í sex mánuði hverju sinni og er það formennskuríkið sem stýrir viðræðunum, með framkvæmdastjórn ESB sér til aðstoðar.

Í bók Auðuns er mest fjallað um hvernig aðildarferli fer fram í gegnum stofnanir ESB, en til hliðar við það er einnig að finna pólitískt ferli í helstu höfuðborgum Evrópu. „Við vitum að sérstaklega í sjávarútvegsáttum stöndum við frammi fyrir því að Íslendingar skilgreina fiskimiðin sem þjóðarauðlind, en sameiginleg sjávarútvegsstefna sambandsins byggir á þeirri hugmynd að fiskistofnar í lögsögu aðildarríkjanna séu sameiginleg auðlind. Til að skapa skilning meðal viðsemjenda á okkar rökum þarf að tala við ráðamenn aðildarríkjanna. Það skiptir meira máli en framkvæmdastjórnin í þessu tilviki, því þetta er pólitísk spurning, sem er leysanleg eins og allar aðrar pólitískar spurningar.“

Heppilegt að hafa Spánverja

Um það hefur verið rætt að það sé heppilegt að sækja um í sumar, því þá verða Svíar með formennsku í Evrópusambandinu, en um áramót munu Spánverjar taka við því hlutverki. Auðunn segir það gott að hafa þjóð okkur vinveitta þegar ferlið fer í gang, því Svíar muni geta sett aðild Íslendinga í pólitískan forgang og flýtt þannig fyrir því að ferlið komist á rekspól. „Það sem getur sett svoltið strik í reikninginn er að skipt verður um framkvæmdastjórn nú í haust. Það sem fyrst gerist í ferlinu eftir að búid er

LAUSNIR FYRIR HEIMILIÐ

Við vinnum með þér að lausnum fyrir heimilið

Landsbankinn býður upp á nokkur úrræði fyrir heimili sem eiga við greiðsluferfiðleika að etja. Við aðstoðum þig við að velja lausn sem kemur til móts við þínar þarfir. Hafðu samband við þjónustufulltrúa í útibúinu þínu.

GREIÐSLUJÖFNUN VERÐTRYGGÐRA ÍBÚÐALÁNA

Þeir viðskiptavinir Landsbankans sem eru með verðtryggð lán með veði í íbúðarhúsnæði geta óskað eftir greiðslujöfnun lánanna, sér að kostnaðarlausu, þjóni það hagsmunum þeirra. Umsókn er að finna í Einkabanka Landsbankans.

GREIÐSLUJÖFNUN ERLENDRA ÍBÚÐALÁNA

Viðskiptavinir Landsbankans sem eru með gengistryggð lán með veði í íbúðarhúsnæði geta óskað eftir greiðslujöfnun lánanna, telji þeir það þjóna hagsmunum sínum. Umsókn má nálgast í Einkabanka Landsbankans.

FRESTUN GREIÐSLU AFBORGANA OG VAXTA

Mögulegt er að fresta afborgunum og greiðslu vaxta íbúða- og fasteignalána með veði í 12 mánuði að uppfylltum skilyrðum bankans. Höfuðstóll fer hækkandi á frestunartímabilinu.

að sækja um, er að framkvæmdastjórn er falið að semja skýrslu þar sem lagt er mat á aðildarhæfni umsóknarríkisins. Sú skýrsla er forsenda fyrir því að ráðherraráð Evrópusambandsins taki afstöðu til þess hvort hefja beri viðræður.“

Hvað varðar formennsku Spánverja á fyrri helming ársins 2010 segir Auðunn að það geti orðið Íslendingum heppilegt. „Út frá hagsmunum Íslendinga getur það verið mjög gott, því formennskuríkið er alltaf í málamiðlunarhlutverki. Það er í hlutverki þess að sjá til þess að það náist niðurstaða í þeim samningum sem farið er í. Því getur það ekki leyft sér að ota sínum sérhagsmunatota eins harkalega og annars væri.“

Víðræður snúast um sérlausnir

Ýmsir hafa haldið því fram að afstaða Evrópusambandsins og gildandi löggjöf þess sé vel þekkt og ef aðildarsamningar snúast fyrst og fremst um það hvernig umsóknarríki tekur upp gildandi löggjöf og stefnumið ESB, er þá eitthvað um að semja? Auðunn segir að með því að skoða aðildarsamninga annarra ríkja sjáist að það sé alltaf sveigjanleiki til sérlausna. „Hvert aðildarríki heftir alltaf eitthvert sérmál sem það telur sig verða að ná fram í aðildarviðræðum. Það eru mörg fordæmi fyrir sérlausnum og sértækum aðlögunum eftir aðstæðum í hverju landi. Það er einmitt mikilvægt að samninganeftir íslenska nýti sér til hins ýtrasta að skoða þær sérlausnir sem önnur ríki hafa fengið í sínum samningum til að færa rök fyrir því að Íslendingar ættu að fá sínar sérlausnahugmyndir fram í viðræðunum.“

Auðunn bendir á að eitt sé laga- bókstafurinn og annað sé praktíkin; hvernig leyst sé úr málum. „Það má til dæmis benda á ákvæði

MISERFIÐIR KAFLAR Í VIÐRÆÐUNUM

Erfiðir

Landbúnaður
Sjávarútvegur
Efnahags- og myntbandalagið
Bygðamál
Fjármál og fjárlög ESB
Stofnanamál

Miðlungserfiðir

Matvælaöryggi
Orkumál
Skattamál
Félags- og atvinnumál
Mannréttindi og dómstólar
Umhverfismál
Tollabandalagið
Alþjóðatengsl
Utánríkis-, öryggis- og varnarmál

Heimild: Inni eða úti? Aðildarviðræður við Evrópusambandið

um að styrkja beri sérstaklega norðurslóðalandbúnað, bæði í Finnlandi og Svíþjóð, sem er ekki álitid vera undantekning frá landbúnaðarstefnunni, en er samt sérsniðin lausn.“

Auðunn segir að hægt sé að vísa til margra fordæma fyrir slíkum sérlausnum, sem eru varanlegar en gilda ekki einungis í einhvern aðlögunartíma. „Þess vegna reynir mjög á að undirbúningurinn og heimavinnan hér sé þannig að alls konar slíkar sérlausnir í aðildarsamningum annarra landa séu nýttir sem fordæmi fyrir kröfum Íslendinga.“



FRÉTTAVIÐTAL

SVANBORG SIGMARSÐÓTTIR
svanborg@frettabladid.is

Áfram fjör og flottar vörur
Sprengitilboð

laugardag og sunnudag

NÝTT KORTATÍMABIL

Gerðu góð kaup
alla helgina!

Sprengidagar

25% AFSL. AF ÖLLU*

nema **15%** afsláttur af allri snyrtivöru og hjá NTC

Afsláttur af völdum vörum hjá Oasis og Jane Norman

*Munið að 25% Sprengidagsafsláttur gildir ofan á allar útsöluvörur

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Pantaðu ráðgjöf á landsbankinn.is,
í útibúinu þínu eða í síma 410 4000

Landsbankinn

FRESTUN VEGNA SÖLUTREGÐU

Viðskiptavinir sem hafa keypt fasteign, en ekki tekist að selja eign sem þeir áttu fyrir, geta óskað eftir frestun afborgana af höfuðstóli og vaxtagreiðslum af annarri eigninni. Sama rétt eiga þeir sem eru að byggja.

SKULDBREYTING LÁNA

Viðskiptavinur stendur til boða að láta meta hvort mögulegt sé að skuldbreyta lánum þeirra. Möguleikar á skuldbreytingu eru háðir mati á greiðslugetu viðkomandi.

FRESTUN AFBORGANA ÍBÚÐALÁNA Í ERLENDRI MYNT

Mögulegt er að fresta afborgunum lána í erlendri mynt með veði í íbúðarhúsnæði í allt að 12 mánuði að uppfylltum skilyrðum bankans. Eingöngu eru greiddir vextir á tímabilinu.

SKULDBREYTING SKAMMTÍMALÁNA

Viðskiptavinir geta sótt um að skuldbreyta skammtímalánum. Skuldbreyting er háð mati á greiðslugetu viðskiptavinar.

EUROVISION

Hagkaup óskar Jóhönnu og Eurovision
hópnum góðs gengis í Eurovison keppninni
í kvöld með lagið "Is it true".

CD



YOHANNA
1.699.-
Verð áður 1.999.-

true

íslensk
hönnun

True línan er íslensk hönnun, fyrir konur í öllum stærðum. Í framleiðslu er farið eftir ströngustu gæðakröfum Evrópu. Hágæða efni eru notuð s.s. bómull og sérstök teygja sem heldur flíkinni lengur í sama formi. Litir sumarsins eru allt frá klassískum litum yfir í bjartari liti sumarsins.



KJÓLL
6.999.-



KJÓLL
5.999.-

LEGGINGS
2.999.-



KJÓLL
5.999.-

SOKKABUXUR
1.299.-

NÝTT
KORTA
TÍMABIL



OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Is it true?

Þú færð endurgreiddan True kjólinn ef Jóhanna Sigrarí Eurovision!*



KJÓLL
3.999.-

SKÓR
5.990.-

LEGGINGS
1.999.-

KJÓLL
5.999.-

LEGGINGS
1.699.-

KJÓLL
5.999.-

KJÓLL
4.999.-

LEGGINGS
1.999.-

KJÓLL
5.999.-

KJÓLL
3.999.-

LEGGINGS
1.999.-

*Geymdu strimilinn til að eiga möguleika á endurgreiðslu.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

Fjöldi viðskipta: 58

OMX ÍSLAND 15
253 +0,44%

Velta: 202 milljónir

OMX ÍSLAND 6
698 +0,94%

MESTA HÆKKUN

↑ ALFESCA 6,90%
CENTURY ALUMIN. 4,86%
ÖSSUR 1,46%

MESTA LÆKKUN

↓ BAKKAVÖR 5,21%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVISITÖLU: Alfesca 3,10 +6,90% ... Atlantic Airways 167,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 515,00 +0,00% ... Bakkavör 1,82 -5,21% ... Eik Banki 83,00 +0,00% ... Eimskipafélagið 1,00 +0,00% ... Føroya Banki 121,00 +1,26% ... Icelandair Group 4,50 +0,00% ... Marel Food Systems 59,40 +0,34% ... Össur 104,50 +1,46%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

náðar á vísir.is

Saxbygg gjaldþrota

„Þetta er ósköp dapurlegt allt saman,“ segir Björn Ingi Sveinsson, framkvæmdastjóri fjárfestingarfélagsins Saxbygg ehf.

Félagið var tekið til gjaldþrotaskipta í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær og tók skiptastjóri, Einar Gautur Steingrímsson lögmaður, við búinu.

Saxbygg hefur um nokkurra ára skeið verið í eigu Saxhóls, félags Nóatúnsfjölskyldunnar og Bygg, Byggingarfélags Gunnars og Gylfa.

Nafni félagsins hefur nú verið breytt í eignarhaldsfélagið Icarus.

Stærsta eign þess í dag var 54 prósent hlutur í Smáralind á móti Íslandsbanka. Aðrir hluthafar áttu innan við tvö prósent. Rekstur Smáralindar þyngdist verulega við hrun krónunnar í fyrra og tapaði eignarhaldsfélagið 4,3 milljörðum króna í fyrra. Viðræður standa enn yfir um endurfjár-



SMÁRALIND Stærsti eigandi Smáralindar er gjaldþrota og er verslunarmidstöðin að nær öllu leyti komin í hendur bankanna.

mögnun á 5,3 milljarða króna láni, sem er á gjalddaga í september. Saxbygg var með umsvifamestu hluthöfum Glitnis og átti 5,7 prósent hlut þegar ríkið tók bankann yfir í fyrrahaust. „Það var þungt högg,“ bendir Björn Ingi á. Hann vildi litlu bæta við að öðru leyti en því að engar skuldir séu í félaginu við aðra en viðskiptabankana. Ekki náðist í skiptastjóra í gær. -jab

Stýrivextir lækka vegna flensu

Seðlabanki Mexíkó lækkaði stýrivexti um 75 punkta í gær og fara vextirnir við það í 5,25 prósent.

Þetta er fimmti mánuðurinn í röð sem seðlabankinn lækkar vextina. Ákvörðunin nú grundvallast nær eingöngu á viðleitni stjórnvalda til að yta hjólum efnahagslífsins í gang á ný eftir að svínafleisan lagðist yfir það með harkalegum afleiðingum fyrir ferðamennsku og útflutning.

Efnahagslíf landsins má ekki við því að bæta miklum byrðum á sig eftir kreppuna en gert er ráð fyrir að flensan muni kosta þrjátíu milljarða pesóa, sem jafngildir 0,3 prósentum af landsframleiðslu Mexíkó. -jab

Straumur selur eQ í Finnlandi

Seðlabankinn lánaði fimmtíu milljónir evra með veði í finnska bankanum.

Skilanefnd Straums hefur selt finnska bankann eQ fyrir 37 milljónir evra, jafnvirði 6,3 milljarða króna. Kaupandi er sænska eignastýringarfyrtækið Nordnet Group, sem skráð er í kauphöllina í Stokkhólmi.

Andvirðið færast að öllu leyti í bækur Seðlabankans en hann lánaði Straumi 50 milljónir evra í desember í fyrra vegna gjalddaga á láni í mars síðastliðnum. Lánið var að öllu leyti tryggt með veði í eQ. Prettán milljónir evra vantar upp á greiðslu lánsins og mun Straumur nýta aðrar tryggingar til að mæta því, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

eQ sérhæfir sig í eignastýringu, verðbréfamíðun og fyrirtækjaráðgjöf og er verðlaunað fyrir greiningu sína.

Straumur keypti fyrirtækið í



MÁLIN RÆDD Frá stjórnarfundum Straums um það leyti sem eQ var keypt fyrir tveimur árum. Félagið reiddi fram jafnvirði 22 milljarða króna fyrir félagið en fékk 6,3 til baka. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

forstjóratið Friðriks Jóhannssonar um mitt ár 2007 fyrir um 260 milljónir evra, jafnvirði 22 milljarða króna þá.

Kaupin voru tímamót í sögu Straums enda mörkuðu þau fyrstu skref í útrás bankans.

Sala eQ hefur staðið fyrir dyrum frá því snemma í mars, eða frá því Fjármálaeftirlitið greip inn í rekstur Straums. Síðan þá hefur saxast mjög á starfseminu og nær öllu starfsfólki verið sagt upp. Hátt í sextíu manns sitja eftir nú en stór hluti starfsmanna kveður um mánadámótin.

Í tilkynningu frá bankanum segir að hæsta tilboði hafi verið tekið í finnska félagið. Einn viðmælenda Fréttablaðsins segir verið lágt og skýrast af þeirri erfiðu stöðu sem fyrirtæki tengd Straumi hafi ratað í eftir yfirtöku FME á fjárfestingarbankanum. Hafi fáir kostir verið í stöðunni en að selja starfseminu, jafnvel þótt ekki fengist mikið fyrir hana. -jab



SÉÐ YFIR OSLÓ Kaupþing og Exista áttu þrjátíu prósent í norska tryggingarísanum Storebrand fyrir ári. Yjað var að yfirtöku. Nú stýrir skilanefnd gamla Kaupþings 5,5 prósent hlut í félaginu.

Selja hlutinn í Stóra-Brandi

Forráðamenn Singer & Friedlander, fyrrverandi dótturbanka Kaupþings í Bretlandi, seldu í gær 4,5 prósent hlut bankans í norska fjármála- og tryggingafélaginu Storebrand. Um mitt ár 2007 var ýjað að yfirtöku Íslendinga á félaginu.

Í gær gekk Singer & Friedlander frá sölu á 4,5 prósent hlut í norska fjármála- og tryggingafélaginu Storebrand. Fyrir hvern hlut fengust 24,5 norskar krónur, sem er 2,3 prósentum undir meðalverði mánadarsins.

Verðið stóð í 25,8 norsku krónum á hlut á fimmtudag. Það féll um tæp sjö prósent í fyrstu viðskiptum gærdagsins og fór nokkuð undir söluverðið.

Miðað við þetta fellur hálfur milljarður norskra króna, jafnvirði 9,8 milljarða íslenskra króna, í skaut forráðamanna Singer & Friedlander.

Gamla Kaupþing keypti fyrstu hlutina, tæp tvö prósent, í Storebrand um mitt ár 2005 og varð við það þriðji til fjórði umsvifamesti hluthafinn. Hann bætti hratt við sig og var svo komið í mars í hittifyrri að stjórnendur urðu að fá sérstaka heimild norskra fjármála-yfirvalda til að rjúfa tíu prósent múrinn. Blekið var vart þornað á pappírnum þegar Kaupþing



SIGURÐUR EINARSSON

flaggaði fimmtungshlut og fullnýttri heimild.

Gengi hlutabréfa í Storebrand stóð hæst á vordögum 2007 þegar það sló rúmar 100 norskar krónur á hlut. Um svipað leyti og gengið tók að

gefa eftir bættist Exista, stærsti hluthafi gamla Kaupþings, í hópinn þegar það keypti fyrsta kastið 5,56 prósent hlut á meðalengingunni 76,25 norskar krónur á hlut.

Þegar yfir lauk voru íslensku félagin umsvifamestu hluthafar tryggingafyrirtækisins með tæp þrjátíu prósent í fyrirtækinu og var ýjað að yfirtöku þeirra á norska tryggingarísanum.

Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður gamla Kaupþings, settist í stjórn tryggingafélagsins í byrjun síðasta árs. Hann gekk úr henni í byrjun mars á þessu ári.

Eftir ríkisvæðingu bankanna í fyrrahaust seldi Exista hlut sinn í Storebrand til Gjendsdige, eins af umsvifamestu hluthöfum Storebrand, með milljarðatapi. Félagið er ekki á meðal kaupenda að hlut Singer & Friedlander nú.

Skilanefnd gamla Kaupþings situr enn á 5,5 prósent hlut í tryggingafyrirtækinu og mun gera það áfram, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. jonab@markadurinn.is



www.myndlistaskolinn.is

Myndlista- og hönnunarsvið / 2009-2010



Inntökupróf - lau. 6 / 6 / 09 - umsóknarfrestur til 1. júní
www.myndlistaskolinn.is

Eins árs undirbúningur fyrir nám í hönnun - myndlist eða arkitektúr.
Um 80% útskrifaðra nemenda fara áfram til náms á háskólastigi.

MYNDLISTASKÓLINN
Í REYKJAVÍK

Hönnunar- og handverksskólinn
Tækniskólinn

Mótun - leir og tengd efni / 2009-2010



Mótun A-hluti og C-hluti - umsóknarfrestur til 1. júní
www.myndlistaskolinn.is

Ný námsbraut - leið til BA gráðu.
Námið er tilraunastofa þar sem efni, aðferðir og hugmyndir mætast.

Tapa 12,4 milljörðum

„Það er ljóst að íslenskt bankahrun og alþjóðlega fjármálakreppan hefur leikið efnahagsreikning Askar Capital grátt. Það jákvæða er að lánveitendur félagsins hafa gert sér grein fyrir því og tekið ákvörðun um að styðja við bakið á fjárhagslegri endurskipulagningu,“ segir Benedikt Árnason, forstjóri Aska Capital.

Bankinn tapaði 12,4 milljörðum króna í fyrra samanborið við 800 milljóna hagnað í hittiðfyrra.

Mestu munar um 9,4 milljarða króna afskriftir og varúðarniðurfærslu á viðskiptavild, svo sem eignaleigufyrirtækis Avant og virði fasteigna, svo sem þeirra sem bankinn er með í eignastýringu fyrir tryggingafélagið Sjóvá.

Samkvæmt ársuppgjöri bankans sem birt var í gær var eigið fé neikvætt um rúma 1,8 milljarða króna um síðustu áramót og eiginfjárlutfall um 5,2 prósent. Lögbundið lágmark er 8,0 prósent. -jab



Þjónustudagur Toyota



Toyota með allt á hreinu

Í dag gerum við allt glansandi flott fyrir sumarið á Þjónustudegi Toyota. Milli klukkan 11 og 15 bjóðum við öllum eigendum Toyota til umboðs- og þjónustuaðila Toyota. Þar verður nóg um að vera.

Komið í heimsókn, haldið upp á Þjónustudaginn með Toyota og akið burt á skínandi hreinum bílum í sönnum Evróvisjóngrí.

Við þrífum bílana að utan - grillum og látum gosið freyða.

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Bílatangi
Suðurgata 9
Ísafjörður
Sími: 456-3800

Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is

**Today
Tomorrow
Toyota**

Misnotkun hugtaka í stjórn málaumræðu:

Fylgifiskurinn

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Sviptingarleið ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum er sett fram í nafni réttlætisins. Hvernig má vera að ráðstöfun undir slíku formerki sé efnahagslega hættuleg eins og fullyrt er? Allir hljóta að viðurkenna að efnahagslegur ávinningur sem ekki byggir á réttlátum leikreglum er óverjanlegur. Í stjórn málaumræðingum undangenginna ára hefur sá málflutningur sigrað sem tengir núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi við ranglæti. Af sjálfu leiðir að þrjár fjórðu hlutar þjóðarinnar hafa í skoðanakönnunum lýst andstöðu við það. Í því ljósi hefur ríkisstjórnin ákveðið að svipta smábátasjómenn og útvegsmenn veiðiheimildum á tuttugu árum. Þar um er stefnan skýr.

Ríkisstjórnin á hins vegar engin svör þegar spurt er hvaða skipulag á að koma í staðinn. Það þýðir að ríkisstjórnin getur ekki sagt í hverju réttlætið er fólgið þó að hún telji sig vita hvar ranglætið liggur. Þetta er ekki sagt ríkisstjórninni til hjóðs. Í meira en tvo áratugi hefur engum tekist að setja fram hugmyndir um fiskveiðistjórnun sem meirihluti þjóðarinnar gæti sammælt um að væru réttlátari en núverandi kerfi.

Þessi veruleiki hlýtur að kveikja þá spurningu hvort skynsamleg rök standi til að viðhalda þeirri svart/hvítu skilgreiningu á réttlæti og ranglæti sem ráðið hefur ríkjum í sjávarútvegsumræðunni. Eins mikilvægt og það er að stjórn málaákvæðanir byggist á réttlæti stendur heilbrigðri stjórn málaumræðu ógn af hinu þegar réttlætis-hugtakið er misnotað.

Það sem verra er. Misnotkun grundvallarhugtaka getur leitt af sér óskynsamlegar ákvæðanir. Þar stendur sviptingarstefnan eins og hnifurinn í kúnni. Óréttlætið í sjávarútveginum er ekki meira en það að þeir héldu takmörkuðum veiðirétti sem stundað höfðu sjóinn þegar kerfið var lögleitt. Um leið var reynt að tryggja þjóðhagslega hagkvæmni með frjálsum viðskiptum eins og í öðrum atvinnugreinum.

Fiskistofnarnir eru auðlind sem lýtur nýtingartakmörkunum. Fyrir vikið verður aðgangur að henni aldrei óheftur. Þeir sem halda því fram að til sé lausnir sem tryggi að fleiri geti stundað sjóinn og atvinnu megi skapa í fleiri byggðum eru að segja þjóðinni ósatt þó að þeir tali að eigin álit í nafni réttlætisins. Ósannindi eru vondur fylgifiskur í stjórn málaumræðu.

Uppboð á aflaheimildum mun ekki tryggja vinnu í fleiri sjávarplássum. Úthlutun aflaheimilda eftir snotru hjartalagi stjórn mála-manna mun því aðeins færa litlum sjávarplássum meiri fisk að hann verði tekinn frá öðrum. Munu Vestmannaeyingar og Akureyringar fallast á að réttlætið fái stöðvað á þann veg? Grímseyingar hafa þegar hafnað réttlæti á þessum forsendum.

Ákvörðun um sviptingu veiðiheimilda án þess að fyrir liggja hvað á að koma í staðinn setur rekstur sjávarútvegsins eðlilega í uppnám. Það þýðir að í atvinnugreininni sem endurreisn efnahagslífsins á að byggjast á fara öll fjárfestingaráform í frost. Við stöðununa bætist þetta: Þegar veð fyrir áhvílandi lánum hverfa hrynjandi fyrirtækin misfljótt eftir því hversu sterkir innviðir þeirra eru. Það þarf ekki hagfræðinga til að sjá þetta.

Kjarni málsins er þessi: Glapræði er að setja rekstur sjávarútvegsins í uppnám þegar þörfin hefur ekki í annan tíma verið brýnni fyrir hagnað sem orðið getur uppspretta nýrra fjárfestinga og atvinnusköpunar á öðrum sviðum. Fylgifiskurinn endurspeglar í lakari lífskjörum en ella. Hvaða réttlæti er í því?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUPLAG: 365 miðlar eht

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal jk@frettabladid.is og Þorsteinn Pálsson thorseinn@frettabladid.is ADSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Sama góða CONDIS bragðið ...

Remi nougat

CONDIS

... í nýjum umbúðum

Götterbörns

FRÁ DEGI TIL DAGS

Eðlilegast núna

Eins og kunnugt er tilkynnti ríkisstjórnin að hún ætlaði að leggja fram þingsályktunartillögu um aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Fyrstu viðbrögð Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formanns Framsóknarflokksins, voru að lýsa yfir undrun. Í Fréttablaðinu 12. maí lét formaðurinn hafa eftir sér að „[a]uðvitað væri eðlilegast að ríkisstjórnin sjálf sækti um aðild en fyrst svo verður ekki, verð ég að viðurkenna að það er um þetta mikil óvissa.“



Eðlilegast þá

Þessi viðbrögð formannsins hljóta að hafa komið framsóknarmönnum á óvart; þau eru nefnilega á skjön við stefnu flokksins fyrir kosningar, sem kvað á um að „Ísland hefji aðildarviðræður við Evrópusambandið á grundvelli samningsumboðs frá Alþingi“. Nú heitir það „mikil óvissa“.

Eðlilegast þá

Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Borgarahreyfingarinnar, hefur verið kjörin í Íslandsdeild NATO-þingsins. Þetta sætir vissum tíðindum. Birgitta er einlægur friðarsinni, en þeir hafa löngum haft horn í



siðu bandalagsins og má því búast við ferskum vindum á NATO-þinginu. Birgitta gæti gert margt vitlausara en að snara völdum kvæðum eftir sjálfa sig yfir á ensku og lesa fyrir hershöfðingjana. Ljóðið „Talið niður til stríðs“ væri þeim til dæmis holl lesning, þar sem meðal annars stendur: „Sekur er sá sem ekkert gerir/ Sampykkir öll voðaverkin/ með þögn sinni/ Hvar eru hetjurnar/ þorum við/ að vera hetjur/ eða munum við þessa þunna hljóði.“ bergsteinn@frettabladid.is

Aftur til ársins 2007

Verði frumvarp til nauðasamninga Teymis samþykkt mun eiga sér stað alvarlegur markaðsbrestur á einum mikilvægasta samkeppnismarkaði landsins, fjarskiptamarkaði. Frumvarpið gerir ráð fyrir að skuldir Teymis, Vodafone, Kögunar, Skýrr og fleiri dótturfélaga verði skrifðar niður um 30 milljarða króna og ekki verði byrjað að greiða afborganir af þeim lánum sem eftir standa fyrir en á árinu 2011. Í blönduðu hagkerfi, þar sem jafnræði skal ríkja á markaði, er algerlega nauðsynlegt að leikreglur séu skýrar og að eitt gangi yfir alla. Tillögur um stórkostlega fyrirgreiðslu ríkisbanka gagnvart einum aðila á markaði fela augljóslega í sér mismunun gagnvart öðrum.

Rekstur Teymis

Í nóvember 2006 varð til fyrirtækið Teymi og rúmun tveimur árum síðar er Teymi gjaldþrota. Félagið skuldaði um 50 milljarða króna í árslok 2008 og var með neikvætt eigið fé upp á 25 milljarða króna. Á þessu tímabili tóku stjórnendur Teymis fjölmargar afdrifaríkar ákvæðanir. Vandamál Teymis máttu vera öllum ljós um mitt seinasta ár og hefði mátt forðast mikinn skaða ef gripidi hefði verið til ráðstafana þá. Eigið fé félagsins var að brenna upp. Þá var ákveðið að endurmeta virði farsímakerfis Vodafone. Bókfært virði kerfisins var fært upp um 5,4 milljarða til að styrkja eigið fé, á pappírnum að minnsta kosti. Fyrir þessa fjármuni hefði mátt byggja tvö ný landsdekkandi farsímakerfi! Svona mætti lengi telja en allt ber að sama brunni; Teymi var komið í þrot löngu áður en til



SAEVAR FREYR ÞRÁINSSON UMRÆÐAN | Samkeppni á fjarskiptamarkaði

hruns íslensks bankakerfis kom. Eða hvernig öðruvísi getur eigið fé fyrirtækis farið úr því að vera jákvætt um 7,5 milljarða í það að vera neikvætt um 25 milljarða á 8 mánuðum? Ástæðurnar voru ekki hvirfilbyljur á alþjóðlegum lánamörkuðum heldur röð mistaka og rangar ákvæðanir í rekstri félagsins.

Jafnræði?

Tillagan nú er að breyta óheyrlægum skuldum í hlutafé í eigu ríkisbankanna með þeim afleiðingum að dótturfélag Teymis, til dæmis Vodafone, standi eftir, hóflega skuldsett, tilbúin í grimma samkeppni sem aldrei fyrr. Orðrétt segir: „Vaxtagreiðslur hefjast í byrjun árs 2011. Vegna mikillar óvissu um framvindu í íslensku efnahagslífi og þróun vaxta fela þessi greiðslukjör í sér verulegt svigrúm til greiðslu afborgana og vaxta.“

Standa slík kjör öðrum fyrirtækjum til boða eða eiga þau eingöngu við fyrirtæki sem búið er að keyra í þrot? „Óvissa í efnahagslífinu“ á að sjálfsögðu við um alla sem starfa á íslenskum markaði og víst að allir tækju fegin hendi tilboði frá banka um „verulegt svigrúm“. Tökum

dæmi af Símanum og Skiptum. Þessi fyrirtæki hafa alltaf greitt af sínum lánum og keypt gengisvarnir. Þegar harðna fór á dalnum var gripidi til viðamikilla og erfiðra aðhaldsaðgerða í rekstrinum; starfsfólk tók á sig launalækkun, dregið var úr fjárfestingum, endursamið við birgja og svo mætti lengi telja. Niðurstaðan er sú að fyrirtækin hafa staðið storminn af sér og ekkert bendir til annars en að svo verði áfram. Okkar starfsfólk spyr nú: „Til hvers erum við að þessu efrikið tekur á sig öll vandamál samkeppnisáðilans svo hann geti haldið áfram eins og ekkert hafi í skorist?“

Markaðsbrestur

Að kollvarpa markaðnum þannig að þeim sé umbannað sem ekki standa sig er ekki bara ósanngjarn heldur beinlínis hættulegt fyrir samfélagið til lengri tíma lítið. Þessi aðferð gengur þvert á tilmæli Samkeppniseftirlits í álit nr. 3 frá 2008 um að fyrirtækjum sé ekki mismunað með ómálefnalegum hætti auk þess sem erfið er að sjá hvernig hún getur samræmt ríkisstyrkja-reglum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Sé það ætlan ríkisbankanna að skrifa niður skuldir fyrirtækja sem hafa keyrt sig í þrot til þess að þau haldi áfram rekstri er það lágmarkskrafa að horft sé til annarra fyrirtækja á viðkomandi mörkuðum. Verði skuldir Teymis skrifðar niður með þessum hætti hverfur Teymi aftur til ársins 2007, sömu stjórnendur en verulega lægri skuldir en þá. Vandinn er sá að það er komið árið 2009 hjá okkur hinum.

Höfundur er forstjóri Símans.

Stýrivextir og stjórnvöld

UMRÆÐAN

Már Wolfgang Mixa skrifar um efnahagsmál

Það er almunna í hagfræðikenningum að verð afurða ræðst af framboði og eftirspurn. Minnki framboð eða eykst eftirspurn þá hækkar verð afurða. Sé þróunin öfug þá lækkar verðið. Fjármagn er einnig afurð sem þróast því með sama hætti. Vilji fólk spara minna eða taka fleiri lán þá hækkar verðið í formi hærri vaxtastigs, aukist áhugi á sparnað og áhugi til lántöku minnkar þá lækka vextir. Svona ætti, í það minnsta, ferlið almennt að vera.

Af ofangreindu er eðlilegt að í pensluskeiði undanfarinna ára hefur Seðlabanki Íslands stöðugt verið að hækka vaxtastig, sem hefði átt að draga úr fjármagni í umferð. Stjórnvöld hafa aftur á móti samhlíða því verið að lækka óbeint vexti, þvert á þau skilaboð sem opinberar hagtolur veittu með aukningu fjármagns í umferð í formi:

- Hækkunar íbúðalána í 90%
- Vaxtabóta (sem hvetja til skuldsetningu)
- Skattalækkana
- Lítis aðhalds í útlánun banka
- Sama þróun hefur átt sér stað í Bandaríkjunum



MÁR WOLFGANG MIXA

undanfarin ár, stýrivextir hafa verið lækkaðir þrátt fyrir að sparnaðarhlutfall þar af tekjum hafi farið úr 5-10% í að vera neikvætt. Þetta er stór ástæða húsnæðisbólunnar bæði þar og hér. Svipaða sögu er að segja af flestum öðrum vestrænum þjóðum.

Þetta óeðlilega erlenda vaxtastig fangaði athygli margra. Erlendar lántökur jukust stjarnfræðilega og með aðgerðaleyssi juku stjórnvöld enn frekar á fjármagn í umferð og því þenslu. Bitlausir stýrivextir hækkuðu stöðugt sem lamaði atvinnulíf og jók freistinguna á því að taka erlend lán.

Í dag þarf að draga úr neyslu og ætti áherslan í þjóðfélaginu að vera á að minnka skuldir og fara jafnvel að spara á nýjan leik. Stjórnvöld segjast aftur á móti vonast til að sjá stýrivexti í kringum 2-3% í lok árs sem dregur úr vilja til sparnaðar – með þessu vaxtastigi er verið að senda röng skilaboð. Vandinn sem við glímum við í dag er of mikil neysla undanfarin ár, ekki sparnaður. Neysla, t.d. í formi bílakaupa, gerir ekkert annað en að flytja gjaldeyri úr landi.

Stýrivextir eiga að taka mið af raunverulegum aðstæðum – núverandi aðstæður kalla á aðhald, sparnað og skynsamlega neyslu.

Höfundur er hagfræðingur.

MEMO

- auðvelt að læra
- einfalt í notkun



Muna!



Einfaldasta leiðin til að öðlast betra minni

MEMO

Oddbjörn By

VERÖLD



Betri árangur á öllum sviðum!

Lærðu með einföldum hætti að leggja á minnið allt það sem þú átt svo erfitt með að muna.

Memo auðveldar þér einnig að tileinka þér námsefni af öllu tagi á miklu skemmri tíma en áður.



VERÖLD

Bræðraborgarstíg 9

TAX FREE

AF ÖLLUM GARÐHÚSGÖGNUM
Gildir 16.-17. maí



20% AFSLÁTTUR*

AF ALLRI VIÐARVÖRN OG ÚTIMÁLNINGU!

* Korthafar viðskiptakorts BYKO fá 5% viðbótarafslátt af tilboðsverðum á viðarvörn og útimálningu!

+5%
VIÐBÓTARAFSLÁTTUR
TIL KORTHAFA BYKO*



5L

Vnr. 86363040-550

Pallaolía 4.690

KJÖRVARI pallaolía, glær, græn, hnota, fura rauð fura eða rauðviður.

+5%
VIÐBÓTARAFSLÁTTUR
TIL KORTHAFA BYKO*



1L af viðarskola fylgir frítt með. Aðeins í BYKO Breidd.

Landsins mesta úrval af grillum!

Vnr. 50632101

Gasgrill

DELUX gasgrill með þremur brennurum, niðurfellanleg hliðarborð, fitubakki sem auðvelt er að þrifa, hitamælir, neistakveikjari, þrýstijafnari og slanga fylgja, efri grind og hitadreifiplata. 4 hjól – mjög meðfærilegt, svart/grátt postulínshúðað lok, 12,3 KW.



Frábær kaupauki með grillum*

SodaStream

SodaStream tæki ásamt gashylki sem dugar í 60 lítra. 1 L plastflaska fylgir með grillum yfir 40.000 kr.**

Verðmæti: 13.990 kr.

**Gildir í dag laugardag í öllum verslunum BYKO meðan birgðir endast.

NÝTT
MÓDEL



FRÍHEIM-SENDING

Þjódum fría heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu af völdum samsettu grillum ef verslað er í BYKO Breidd fyrir kl. 15 í dag laugardag.

46.900

ÓDÝRT



Einfalt í uppsetningu, samsetningu og flutningum!

19.900

Vnr. 50632115

Gasgrill

COMBO gasgrill, samanbrjótanlegt með 2 hjólum og hliðarborðum. Mjög einfalt í uppsetningu. Grillflötur: 42x35cm. Stærð uppsett: 104x46x33cm. Stærð samsett: 10x46x87cm. Neistakveikjari, þrýstijafnari og slanga fylgja og hitadreifiplata, 3,6 KW.

KAUPAUKI MEÐ SMÆRRI GRILLUM

Með öllum grillum undir 40.000 kr. í dag í BYKO Breidd fylgir 6 x 2L af Pepsi og snakkpoki. Gildir meðan birgðir endast.



AFGANGA SALA

komdu og þrúttaðu!

30-80% AFSLÁTTUR

Lýkur á sunnudaginn í tilbursölu BYKO Breidd.

Pallaefni á betra verði

Vnr. 0058325

Pallaefni

Fura alheflað
27x120 mm
A-gagnvarið.

299 kr./lm

GILDIR AÐEINS DAGANA
14.-17. MAÍ

Vnr. 0058254

Girðingaefni

Fura alheflað
22x95 mm
A-gagnvarið.

197 kr./lm

Vnr. 0058504

Pallaefni

Fura alheflað
45x95 mm
A-gagnvarið.

315 kr./lm

Vnr. 0058506

Pallaefni

Fura alheflað
45x145 mm
A-gagnvarið.

479 kr./lm

30% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM, BÚSÁHÖLDUM, FLÍSUM OG LJÓSUM!
Gildir 16.-17. maí og ekki með öðrum tilboðum.

Sumarhátíð í BYKO Breidd

í dag frá kl. 13-16

til 3. júlí




Sumarleikur

BYKO og Rásar 2

Allir sem versla í BYKO geta tekið þátt í sumarleik með því að setja nafn sitt í pott. Dregið út alla föstudaga.

glæsilegir
vinningar

Aðalvinnur að verðmæti
136.900 kr. ásamt
100.000 kr. inneign
hjá BYKO.



Pylsa og gos – Leikmenn meistaraflokks Breiðabliks grilla.

Hoppukastali – Fyrir börnin.

Kjörís – Ís fyrir alla.

Gröfukeppni í LM BYKO – kl. 13:00 fyrir fullorðnu börnin.

Þátttakendur leysa léttu þraut og vinningshafinn hlýtur vöruúttekt í LM BYKO að upphæð 20.000 kr.



GOÐI



málning

SodaStream



Kynningar og ráðgjöf

SodaStream – Kynning á nýrri vörulínu.

Málning og viðarvörn – Sérfræðiráðgjöf frá Málningu.

Gæludýrafóður – Kynning frá Líflandi – 10% afsláttur.

Áburður – Ráðgjöf frá Fóðurlöndunni.

Viðhaldssími BYKO – Ráðgjöf frá sérfræðingi BYKO.

FYRSTA, ANNAD...
SLEGIÐ!

Uppboð – kl. 13:30 - 15:00

40" „Eurovision sjónvarp“.

Lágmarksboð 60.000 kr., fullt verð 149.995 kr.

Sláttuvél.

Lágmarksboð 15.000 kr., fullt verð 32.900 kr.

Outback gasgrill.

Lágmarksboð 20.000 kr., fullt verð 41.900 kr.

5 manna tjald.

Lágmarksboð 5.000 kr., fullt verð 16.900 kr.

Og fullt af öðrum frábærum vörum.

40"

Á UPPBOÐI



Lágmarksboð
60.000 kr.

Fullt verð
149.995 kr.



Samningsstaða og samningsmarkmið

UMRÆÐAN

Jón Baldvin Hannibalsson skrifar um Evrópumál

Nýlega kom út bókin *Inni eða úti?* eftir Auðun Arnórsson. Þetta er lítil bók um mikið efni: Hvernig á litla Ísland að semja um aðild við hið stóra Evrópusamband? Umræðuefnið er þessi dægrin á hvers manns vörum. Þessi litla bók á því brýnt erindi við alla Íslendinga, sem á annað borð kæra sig ekki kollótta um framtíð sína og sinna.

Að vísu er þetta ekki eins stór ákvörðun og virðast mætti við fyrstu sýn. Við erum nefnilega engir nýgræðingar í Evrópusamstarfi. Hinn 1. jan. sl. voru 15 ár liðin frá því að Ísland gerðist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Eins og höfundur sýnir fram á, þýðir það að við erum eins konar aukaaðilar að ESB nú þegar. Í samningaviðræðunum framundan þurfum við því aðeins að semja um tiltölulega fá vandmeðfarin mála-svið: Þau sem skipta mestu máli eru: Sjávarútvegur, landbúnaður og byggðamál, evrusamstarfið og kostnaður og mönnum örbjóðar í hinum stóru stofnunum ríkjasambandsins.

Engum dylst, sem fylgist með þjóðarumræðunni, að u.þ.b. þriðjungur þjóðarinnar er skíthræddur um, að eitthvað hræðilegt muni koma fyrir þjóðina, stígi hún skrefið til fulls í Evrópusamstarfinu og gerist fullgild aðildarþjóð. Af hverju eru svona margir svona vodafone hræddir?

Sumpart er þetta ofurskiljanlegt. Íslendingar teljast vera innan við 0,1% af núverandi íbúafjölda Evrópusambandsins. Margir finna því sárt til smæðar sinnar. Þeir óttast að tynast í mannhafinu; að verða áhrifalaus handbendi stærri þjóða. Við erum nýfrjáls þjóð – fyrrverandi nýlendþjóð. Sjálfstæðisbaráttan við Dani setur enn svipmót sitt á hugarfar og pólitíska orðræðu okkar. Þorskastríðin við Breta eru



JÓN BALDVIN HANNIBALSSON

enn í fersku minni. Stundum finnst okkur eins og allir útlendingar séu óvínir, sem vilji okkur illt. Skynsamleg umræða, sem byggir á staðreyndum og yfirveguðu hagsmunum, á erfitt uppdráttar í svona andrúmslofti.

Snertur af ofsóknarkomplex

Við búum yfir lítilli reynslu í alþjóðasamskiptum. Sú hugsun, að við þurfum að tala máli okkar við erlenda áhrifamenn til að fá brýnum hagsmunamálum framgengt, er mörgum íslenskum stjórn-málamönnum framandi. Margir þeirra virðast halda, að þeir séu einir í heiminum. Margir þeirra, sem þykjast færir í flestan sjó á heimavelli, reynast uppburðarlitlir og umkomulausir í framandlegu umhverfi. Tungumálakunnátta Íslendinga er reyndar langt fyrir neðan meðaltal hjá smáþjóðum í Evrópu. Flestir þykjast geta bjargað sér á amböguensku, sem dugar skammt þegar á reynir að rökræða flókin mál með sérhæfðu tungutaki. Vald á skandinavísku er að deya út með yngri kynslóðinni. Meginlandstungumál eru flestum framandi. Þessi málhelti þolir lítt samanburð við fjöltungi stjórn-málamanna smáþjóða á meginlandi Evrópu. Það stóðar lítt að senda mállausa menn í samningaviðræður við útlenda sérfræðinga.

Hvers vegna er svo auðvelt að telja Íslendingum trú um, að þjóðir sem starfa af fúsum og frjálsum vilja í fjölþjóðasamtökum, til þess að gæta þar gagnkvæmra hagsmuna, hafi þar með glatað sjálfstæði sínu og fullveldi? Hvers vegna í ósköpunum ættu þær rúmlega 20 smáþjóðir, sem af fúsum og frjálsum vilja hafa samið um aðild að Evrópusambandinu, – hvers vegna ættu þær að hafa gert það til

að farga sjálfstæði sínu? Umræða af þessu tagi flokkast undir einhvers konar paranoju – og þarfnast sérstakrar meðferðar.

Hvað sagði ekki Hannes Pétursson, sjálft þjóðskáldið, um daginn? Þótt hann væri allur af vilja gerður að eta súrmeti í öll mál, var hann ekki viss um, að framboðið yrði nóg, ef innflutningur á búvélum og tækjum og áburði og umbúðum legðist allt í einu af. Þá færir lítið fyrir fæðuörygginu. Og fiskveiðarnar væru varla annað en frá hendinni til munnins, ef innflutningur skipa, véla og veiðarfæra legðist af.

Ekki ein í heiminum

Við getum m.ö.o. ekki látið eins og við séum ein í heiminum – okkur að kostnaðarlausu. Um 20 þúsund Íslendingar hafa misst vinnuna þessi dægrin. Allir þeir sem vinna við sjávarútveg og landbúnað teljast vera til samans innan við 11 þúsund manns. Þeim fer fækkaði vegna aukinnar tækni, sem leysir mannhöndina af hólmi. Þessi 20 þúsund störf, sem okkur vantar fyrir Íslendinga með fjölbreytta menntun og starfsþjálfun munu ekki verða til í sjávarútvegi og landbúnaði. Þau verða til í opnu þjóðfélagi, sem tekur fullan þátt í alþjóðasamskiptum.

Einstaklingur, sem verður fyrir þeirri þungbæru reynslu að verða gjaldþrota, á ekki annarra kosta vól en að freista samninga við lánardrottina sína. Við þurfum með sama hætti að semja um greiðslukjör skulda, lánalengingu og lækkun vaxta. Þjóð sem hefur fyrirgert lánstrausti sínu, býr við refsivexti. Einungis um 3% lækkun vaxta á erlendum skuldum fyrirtækja, heimila og ríkisins getur lækkað greiðslubyrði þjóðarbúsins um meira en tvö hundruð milljarða. Við þurfum að semja um afnot af notihæfum gjaldmiðli, af því að okkar eigin er rúinn trausti. Við þurfum að semja um endurfjármögnun skulda og aðgang að lánsfé. Það er sama hvert lítið er. Við þurfum að semja við aðra, lánardrottina, Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, aðildarþjóðir Evrópusambandsins og Evrópusambandið sjálft til þess að finna lausn á bráðavanda – neyðarástandi – sem við ráðum ekki við að leysa ein á báti.

Við vitum m.ö.o. að aðild að Evrópusambandinu og upptaka evru mundi hjálpa til við að leysa mörg af okkar brýnustu vandamálum. Við vitum líka, að til þess að það geti orðið verðum við að leita samninga sem taka nokkur ár. Einmitt þess vegna er óráðlegt að slá ákvörðuninni á frest, því að samningar við Evrópusambandið snúast ekki bara um frambúðarlausn einhvern tíma í fjarlægri framtíð – heldur líka um lausnir á þeim bráðavanda, sem við verðum að leysa nú þegar með samningum.

En þótt raunsæið beini okkur á þessa braut, þá glymur hræðslu-áróðurinn sífell í eyrum til að æra og valla villugjarna af vegi. Þeir munu stela auðlindunum okkar, er sagt. Útlendir flotar munu flykkjast á Íslandsmið, landbúnaðurinn verður lagður í rúst, við verðum látin borga meðlög með fátækum þjóðum í Austur- og Suður-Evrópu (miklu meira en við fáum í staðinn). Við getum ekki lengur gengisfellt krónuna til þess að lækka launin, ef afli bregst eða verð á fiski fellur í útlöndum. Og við, sem erum svo fá og smá, munum engin áhrif hafa í málstofum miðstjórnarvaldsins í Brüssel. Við verðum eins og hverjir aðrir niðursetningar á stórbýlum lénsherranna til forna.

Samningsmarkmið

Bók Auðuns er skrifuð til þess að svara hræðsluáróðri af þessu tagi. Í staðinn fyrir upphrópanir og sleggjudóma eru bornar fram staðreyndir og upplýsingar um reynslu annarra þjóða, sem á undanföllum árum hafa farið í gegnum samningaferli við Evrópusambandið. Það er satt að segja undrunarefni, að á þessum hálfu öðrum áratug, sem pólitíska forystan á Íslandi hefur verið að velja því fyrir sér,

hvort hún treysti sér til að semja við Evrópusambandið, þá hefur enginn, hvorki stjórnvöld né fræðimenn, myndast við að skilgreina þau samningsmarkmið, sem Íslendingar ættu að setja sér í aðildarviðræðum. Ráðuneyti gera náttúrlega ekki slíkt, nema þeim sé sagt það. Og stjórnmalámonnum hefur yfirleitt staðið svo mikill stuggur af hræðsluáróðri sérhagsmunahópa, að þeir hafa ekki þorað að taka á málinu. Nú hefur höfundur þessarar bókar tekið af þeim ómakíð. Hann setur fram í skýru og skilmerkilegu máli, í hverjum kaflanum á fætur öðrum, hver samningsstaða Íslands er og hver samningsmarkmiðin ættu að vera.

Í sjávarútvegs málu er samningsmarkmiðið að íslenska fisk-

Engin önnur Evrópusambandsþjóð á sögulegan rétt til veiða á Íslandsmiðum. Með þessari lausn er því ekkert frá öðrum tekið, sem þeir hafa átt, né heldur er neins krafist af öðrum, sem þeir þurfa að gefa eftir.

veiðilögsagan, sem er algerlega aðskilin frá hinni sameiginlegu lögsögu bandalagsins, verði viðurkennd sem sérstakt fiskveiðistjórnunarsvæði á íslensku forræði. Þetta stýst jafnt við fordæmi annarra og veigamikil rök, sem byggja á sérstöðu Íslands. Nyttjastofnar á Íslandsmiðum eru allir staðbundnir. Engin önnur Evrópusambandsþjóð á sögulegan rétt til veiða á Íslandsmiðum. Með þessari lausn er því ekkert frá öðrum tekið, sem þeir hafa átt, né heldur er neins krafist af öðrum, sem þeir þurfa að gefa eftir. Það eru gagnkvæmir hagsmunir að fiskveiðir á Íslandsmiðum verði sjálfbærar.

Að því er varðar rétt útlendinga til að fjárfesta í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum, er hægt að vísa til sérreglna, eins og þeirra sem gilda fyrir Álandseyjar um „takmörkun á rétti þeirra, sem ekki eiga lögheimili í viðkomandi landi á að eignast ráðandi hlut í fyrirtækjum sem þar starfa, án þess að slíkar takmarkanir teljist brjóta í bága við jafnræðisregluna“. Íslendingar verða sjálfir að gera það upp við sig, hvort sérlausn af þessu tagi telst eftirsóknarverð.

Margir eru þeirrar skoðunar, þ.á.m. undirritaður, að eina leiðin til þess að létta óbærilegri skulda-byrði af sjávarútvegsfyrirtækjunum sé sú að leyfa þeim, eins og öðrum fyrirtækjum, að leita eftir erlendu hlutafé. Fyrst sögulegur réttur til veiða er enginn og verði ráðandi hlutur útlendinga í fyrirtækjunum takmarkaður, þarf ekki að hafa þungar áhyggjur af svo nefndu „kvótahoppi“, sem gætt hefur í veiðum úr sameiginlegum fiskistofnum og á sameiginlegum hafsvæðum eins og t.d. á Norðursjó, en mundi ekki eiga við á Íslandsmiðum.

Það má merkilegt heita, að talsmenn kvótahafanna í LÍÚ eru svo uppteknir af því að varðveita illa fengin forréttindi sín til einokunar á fiskveiðiheimum, að þeir sjá óvini í hverju horni, en gleyma því gersamlega, að gengi Ísland í ESB yrðum við „fiskveiðistórveldi“ innan sambandsins. Í svokallaðri grænbók framkvæmdastjórnar ESB um fyrirhuguðu endurskoðun SFS (sameiginlega fiskveiðistofnunnar), sem birt var í lok apríl 2009 er ýmislegt haft til hliðsjónar úr íslenska fiskveiðikerfinu (sjá bls. 56–62). Í framhaldi af þeirri umfjöllun segir Auðunn:

„Eðlilegt samningsmarkmið Íslendinga væri að fá vilýrði fyrir því, að íslenski fulltrúinn í framkvæmdastjórninni yrði settur yfir sjávarútvegs málin. Norðmenn fengu slíkt vilýrði, þegar þeir gerðu sinn aðildarsamning árið 1994.“

Byggðastefna í anda framsóknar

Landbúnaði, byggðamálum og sveitarstjórnarmálum eru gerð þrýðileg skil í bók Auðuns, þótt ekki verði orðlengt um það í þessari umsógn. Svo vel þykist ég þekkja til íhygli og sjálfstæðrar skoðanamyndunar einstaklinga í bændastétt, að margir þeirra munu hugsa sig um

tvísvar að loknum lestri, áður en þeir trúa sem nýju neti hræðslu-áróðri bændaforystunnar um endalok landbúnaðar og landsbyggðar. Íslenskir bændur vita, að ytri skilyrði landbúnaðar á Íslandi mun gerbreystast, hvort sem við göngum í ESB eða ekki, þegar niðurstöður fást í yfirstandandi viðræður á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um auknið frelsi í milliríkjavíðskiptum með landbúnaðarvörur. Spurningin er, hvort íslenskir bændur yrðu ekki betur undir það búnir, eins og t.d. sænskir bændur, að takast á við þær breytingar, innan ESB fremur en utan?

Að því er varðar byggðamálin segir höfundur eftirfarandi: „Eðlilegt samningsmarkmið

Íslands væri að fá allt landið, vegna einangrunar í úthafinu, strjálbýlis og óblíðrar náttúru, skilgreint inn í „markmið 1“ í uppbyggingar- og byggðastyrkjakerfinu. Það gæti haft mikið að segja um það, hversu mikið Íslenskir aðilar (sveitarfélög og fleiri aðilar sem sótt geta um uppbyggingar- og byggðáhrunnarstyrki) gætu fengið greitt úr sameiginlegum sjóðum ESB og þar með hver nettóaðildariðgjöld Íslands að sambandinu yrðu.“

Í upphafi var þess getið, að Íslendingar telst vera innan við 1% af samanlagðum íbúafjölda Evrópusambandsins. Það er því eðlilegt, að menn beri nokkurn kvíðboga fyrir áhrifaleysi í stofnunum sambandsins. Um þetta er ágæt umfjöllun í bókinni. Á það er bent, að ekki er allt sem sýnist í þessu efni. Leitun mun vera á fjölþjóðasamtökum, þar sem smáþjóðir hafa jafnmikil áhrif og innan ESB, enda er meirihluti aðildarþjóða smáþjóðir skv. skilgreiningu. Við mætum gjarnan hugsa til þess, að ef að líkum lætur, þá yrðu um 64000 íbúar að baki hverjum íslenskum Evrópuþingmanni á móti 800.000 að baki hverjum þýskum þingmanni. Erum við ekki að bólsótast yfir misvægi atkvæða, sem mælist 1 á móti 2? Er þjóðverjar svona miklu fúsari en við til að afsala sér „fullveldi“ í samstarfi við aðra?

Aðferðarfræði Evrópusambandsins er að leysa ágreiningsmál, sem upp koma milli aðildarþjóða með samningum, á grundvelli laga og réttar. Smáþjóðir einbeita sér eðli málsins samkvæmt að fáum lykil-málum, sem varða brýna þjóðar-hagsmuni, og reyna að ná þeim fram í bandalagi við aðrar þjóðir, sem eiga svipaðra hagsmuna að gæta. Íslendingar myndu skipa sér í sveit með Norðurlanda- og Eystrasaltsþjóðum í svæðis-bundnu samstarfi innan ESB. Við höfum góða reynslu af margra áratuga samstarfi Norðurlandþjóða og þurfum ekki að óttast ofríki af þeirra hálfu. Sem fiskveiðistórveldi mundi Ísland eðlilega gera kröfu til þess að fá í sinn hlut framkvæmdastjórn yfir fiskveiðimál-efnum, eins og fyrr var tíundað og rökstutt. Á því leikur enginn vafi, að í sjávarútvegs- og orkumálum yrðu áhrif Íslands meiri og aðstaða til að koma fram hagsmunamálum sínum betri, innan ESB en utan.

Þetta er eins og fyrr sagði lítil bók um mikið efni. Hún getur þénað íslenskum fyrirtækjum og heimilum sem handbók um samningstöðu og samningsmarkmið Íslands í væntanlegum aðildarsamningnum. Greining höfundar á vandamálum og lausnum, sem og frásögn af reynslu annarra þjóða, ætti að vera til þess fallin að eyða fordómum og styrkja forsendur málefnalegar umræðu um brýn-ustu hagsmunamál þjóðarinnar í náinni framtíð.

Höfundur leiddi fyrir Íslands hönd samningana við Evrópusambandið um Evrópska efnahagssvæðið (EES) á árunum 1989-93.



AFA Aðstandendafélag aldraðra Aðalfundur

verður haldinn mánudaginn 18. maí nk.
kl. 16.30 í safnaðarheimili Breiðholtskirkju.

Dagskrá

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Lagabreytingar.
3. Önnur mál.

Ógnar kreppan öldruðum?

Rædd verður afkoma aldraðra í
hinni alvarlegu stöðu þjóðarbúsins

Frummælendur

Anna Birna Jensdóttir, framkvæmdastjóri
Sólveig Anna Bóasdóttir, siðfræðingur

Gestur fundar

Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðgjafi

Fundarstjóri

Margrét Margeirsdóttir

Aðstandendur, sýnum samstöðu
tjöldmönnum á fundinn!

www.hjaafa.is



Dansskóli Birnu Björns og Sporthúsið kynna



Allir heitustu og nýjustu dansarnir kenndir af atvinnudönsurum.

Hip hop - jazz - street ofl. Kenndir verða dansar úr söngleiknum Grease sem verður settur upp í sumar. Frábærir kennarar sem allir eru atvinnudansarar, danshöfundar og margfaldir Íslandsmeistarar.



NÁMSKEIÐ Í BOÐI

Dans 7-9 ára

BLANDAÐ

Þriðjudaga og fimmtudaga kl: 17.30

Dans 10-12 ára

BLANDAÐ

Þriðjudaga og fimmtudaga kl: 15.30

Dans 13-15 ára

BLANDAÐ

Þriðjudaga og fimmtudaga kl: 16.30

Dans 16-24 ára

BLANDAÐ

Mánudaga og miðvikudaga kl: 18.30

Dans 25 +

BLANDAÐ

Mánudaga og miðvikudaga kl: 19.30

Verð á námskeið er **12.500 kr.**

Námskeiðin hefjast 25. og 26. maí

**KENNDIR VERÐA
DANSARNIR ÚR SÖNGLEIKNUM**

NÝTT!

SPORTHÚSIÐ

heilsurækt fyrir alla

Sporthusid.is | Dalsmára 9-11 | Kópavogi | Sími: 564 4050 | sporthusid@sporthusid.is

☆ Tenerife

Fanabe Costa Sur☆☆☆☆

ALLT INNIFALIÐ* 99.999 kr.

Verð frá: 99.999 kr.

á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í viku. Brottför 1. júlí.

* Morgunverður, hádegisverður og kvöldverður með innlendum drykkjum. Snarl milli mála og kökur og kaffi. Krakkaklúbbur á daginn og skemmtidagskrá fyrir krakka á öllum aldri á kvöldin.

JÓNSSON & LEIMACKS • JLI



Aðeins fimm börn með færeyskt heil

Tvíburarnir Beinta Maria Didriksen og Levi Didriksen verða ný ára gömul í júlí. Beinta er með svo sjaldgæfan sjúkdóm að einungis fimm aðrir núlifandi einstaklingar í heiminum hafa greinst með hann en Levi er alheilbrigður. Júlía Margrét Alexandersdóttir hitti tvíburana og móður þeirra, Heidi Didriksen.

Beinta greindist með færeyskt heilkenni (Sucla2) fyrir aðeins um þremur árum. Hún var orðin sex ára þegar endanlega var hægt að skera úr um hvaða sjúkdómur hrjáði hana þótt það hafi verið ljóst frá eins árs aldri að hún var mjög fötluð. Foreldrar Beintu og Levi eru færeysk. Faðirinn, Schumann Didriksen, er þó fæddur og uppalinn á Íslandi en Heidi kom hingað til lands á fullorðinsaldri, kynntist Schumann og sneri ekki aftur til Færeyja. Færeyskt heilkenni er genagalli sem þekktist einungis í Færeyjum en hann er talinn hafa komið þar fyrst upp á 17. öld eða árið 1630. Krakkarnir sem þjást af þessum sjúkdómi í dag búa öll í Færeyjum utan Beintu.

Heyrnarlaus um fimm ára

„Þessi genagalli sem Beinta er með lýsir sér með hreyfihömlun og alls kyns alvarlegum veikindum en ónæmiskerfi þeirra sem eru með sjúkdóminn er mjög viðkvæmt og þá sérstaklega barna. Þau verða heyrnarlaus með aldrinum en Beinta heyrir ekki lengur. Þegar hún liggur eða situr getur hún örflitid hreyft útlími. Það hefur sýnt sig að þessir krakkar eru miklu betur staddir andlega en líkamlega og kollurinn á þeim í fínu lagi,“ segir Heidi og bætir við að Beinta þyki af þeim sérfræðingum sem rannsaka að hafa færeyska heilkenni standa sig ótrúlega vel. „Við fáum auðvitað mikla hjálp hér heima á Íslandi miðað við í Færeyjum, svo sem iðjuþjálfun og sjúkraþjálfun. Því miður hafa færeysku krakkarnir

ekki verið eins heppnir. En Beinta er algjört kraftaverkabarn og það er skritið til þess að hugsa að fyrst þegar þeir voru að reyna að finna út úr sjúkdómi hennar og náðu að flokka hann í svona ákveðinn „yfirhóp“ – án þess að vera búnir að finna nákvæmlega að þetta var færeyska heilkennið – var okkur sagt að Beinta myndi í mesta lagi verða fimm ára.“

Herbalife hefur haft góð áhrif

Það barn sem lengst hefur lifað með færeyska heilkennið varð 21 árs. Hefur þar mest að segja að ef veikindi koma upp er ónæmiskerfið

Herbalife og hefur verið um nokkurt skeið. „Við hugsuðum sem svo að við hefðum engu að tapa og fyrir tveimur árum fórum við út og hittum þrjá sérfræðinga frá Hollandi og Þýskalandi. Þeir voru yfir sig hrifnir af því hve vel Beinta stóð og sögðu hana á allt öðru stigi en hin börnin í Færeyjum. Þeir gátu ekki neitað því að það sem við höfum verið að gera fyrir hana í mataræði hefur greinilega haft góð áhrif og við höfum mætt velvild í skólanum og dagheimilinu að allir gefi henni þetta. Heilsufar hennar hefur sagt sína sögu en það hefur verið afar gott síðustu misserin.“



Hvernig tala ég við hana? Nú, með táknmáli. Ég segi góða nótt og góðan dag við hana. Og segi henni þegar við erum að fara að sofa og borða.

veikt og langt og erfitt verk að vinna bug á því sem fyrir okkur eru venjulegar flensur. Beinta matast í gegnum sondu en foreldrar hennar segja að þau hafi ákveðið að fara óvenjulegar leiðir með mataræði hennar. „Ónæmiskerfið hennar hefur styrkst mjög mikið síðustu árin. Bæði höfum við auðvitað farið í einu og öllu eftir læknisráðum en svo höfum við líka farið okkar eigin leiðir. Þær eru á okkar eigin vegum og ábyrgð því lækna ráðleggja ekki óhefðbundnar aðferðir.“ Beinta er á uppbyggjandi prógrammi frá

Misstu 9 mánaða fatlaðan dreng

Beinta er ekki fyrsta fatlaða barnið sem Heidi og Schumann eignast en árið 1995 eignuðust þau son sem dó nýu mánaða. „Vegna þessa fór ég í legvatnsstungu þegar ég varð ófrísk í seinna skiptið og þá kom í ljós að annar tvíburinn var á því sem kallast „grátt svæði“ og ekki vitað almennilega hvað var að. Við tóku því miklar rannsóknir og skoðanir og meðgangan tók því mikið á og var erfið andlega. Hins vegar þegar Beinta fæddist var ekki hægt að sjá strax hvað var að og það hefur verið

SUMAR FERÐIR

sumarferdir.is

**NÝTT
KORTA
TÍMABIL**

**ÓDÝRT Í
HAGKAUP**

**ÓDÝRT Í
HAGKAUP**

MEXÍKÖNSK DÝFA

2 avocado vel þroskaðir eða avocado especial frá Simplot Rauðlaukur Sítrónusafi 1-2 dósir salsa medium sterk Sýrður rjómi 18% Rifinn ostur

Stappið avocado og setjið í ofn-fastmót. Kreistið smá sítrónusafa yfir. Fínsaxið rauðlaukinn og stráíð yfir, hellið því næst salsa í mótið og smyrjið sýrða rjómanum varlega yfir. Stráið rifnum osti yfir og setjið inn í ofn við 180°C þar til osturinn hefur bráðnað. Berið á borð og dýfið í með nacho flögum.



EUROVISION
SONG CONTEST
MOSCOW 2009



Mest seldu diskarnir í dag!



Kjúklingabringur
ferskar



Nautalundir
frosnar



Nauta piparsteik
nautaat



Jensen's BBQ svínarif
tilbúin beint á grillið



PEPSI
2 LÍTRA
139 kr/stk.
Verð áður 192.-



KETTLE CHIPS
SNAKK
599 kr/pk.



ENERGY DRINKUR
250 ML
108 kr/stk.



SS
GRILLSALAT
299 kr/stk.



DORITOS
2 TEG.
279 kr/pk.



ÓDÝRT Í
HAGKAUP
KJÚKLINGA
VÆNGIR
2 fyrir 1



GUACAMOLE
2 TEG.
479 kr/pk.



JÓI FEL
BRAUDSALÖT
299 kr/stk.



OPIÐ

ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 17. maí á meðan birgðir endast.

Kringlunni • Skeifunni • Garðabæ • Smáralind •

EUROVISION

OPIÐ
til **20**
alla daga



Santa Maria

HEIMALÖGUÐ NACHODÝFA

1 dós rjómaostur 400 g
1 dós Santa Maria salsa
1 poki rifinn Mexíkóostur

Setjið rjómaostinn í ofnfastmót og hellið salsa yfir. Stráið síðan rifna ostinum yfir og setjið inn í 180°C heitan ofn og látið ostinn bráðna. Aðeins haft örfáar mínútur í ofni. Dýfið í með nacho flögum



2.399 kr/kg.
Merkt verð 2.998.-

Kjúklingagrillspjót
2 tegundir



1.574 kr/kg.
Merkt verð 2.098.-

Nautakótilettur
að argentískum hætti



2.999 kr/kg.
Merkt verð 3.998.-

VSOP lambafile
koníaksmarinerað



1.799 kr/pk.
Merkt verð 2.399.-

Svínalundssteikur
frosnar, 10x100g steikur



ÜLTJE
HNETUR
20%
afsláttur v/kassa



NAMMILANDIÐ
50%
afsláttur v/kassa



DR PEPPER
119 kr/stk.



SAMBA
KOSSAR
189 kr/pk.



NÓA RJÓMA
SÚKKULADI
259 kr/stk.

• Spöng • Akureyri • Holtagörðum • Eiðistorgi

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Kýs Hallbjörn með öllum þeim djöflum sem hann dregur

Hann hefur samið 136 lög sem öll hafa verið gefin út. Nú hefur hann ekki slegið nótu í árabíl. **Hallbjörn Hjartarson** sagði **Jóni Sigurði Eyjólfssyni** frá sjálfum sér og kúrekanum sem gefur honum frí frá þunglyndinu sem tónskáldið glímir við.

Fátt þótti meiri firra en kúreki norður á Fróni árið 1981 þegar Hallbjörn Hjartarson skaut fram á sjónarsviðið í kúrekaklæðum árið 1981 og gaf út sína fyrstu kántrýplötu; Kántrý 1. „Menn héldu að ég væri eitthvað klikkaður, sem ég kannski er,“ segir Hallbjörn sjálfur þegar hann rifjar þetta upp. En nú þegar ferðamaður kemur til Skagastrandar stendur Kántrýbær þar eins og musteri manns sem lét drauma sína rætast. Í Útvarpi Kántrýbæ hljómar svo rödd hans þar sem hann kynnir kántrýslagarana sem þar eru spilaðir. Þetta hefði jafnvel þótt ankannalegt fyrir árið 1981 en Hallbjörn hefur kennt þjóðinni að það getur verið stutt í kúrekann þó það sé langt til Nashville.

Ekki slegið nótu í fjögur ár

En nú situr Hallbjörn á friðarstóli enda búinn að skila sínu, eins og einn Skagastrendingur komst að orði við blaðamann þegar hann skrapp þangað norður. Dóttir hans Svenny Helena og maður hennar Gunnar Sveinn Halldórsson hafa tekið við rekstri og umstangi við veitingastaðinn Kántrýbæ en Hallbjörn sér um útvarpið. Nótu hefur hann hins vegar ekki slegið í fjögur ár. „Flygillinn er hérna inn í stofu en ég finn bara ekki hjá mér nokkra þörf til að setjast við hann,“ segir Hallbjörn og bendir inn í stofuna heima hjá sér þar sem flygillinn er í horninu þakinn myndarömmum. Á píanóstólnum eru bækur og möppur og ljóst að þar hefur enginn tyllt sér lengi. „Síðast þegar ég spilaði eitthvað var þegar Jón Ársæll kom hingað og gerði þátt um mig. Þá bað hann mig um að spila og ég gerði það. Síðan hef ég bara ekki fundið löngun eða þörf til að spila eitt né neitt. Ég er líka þannig að ef ég færi að spila kæmist allt á fullt og lögin kæmu hvert af öðru en þetta er bara orðið gott. Lögin mín, sem eru orðin 136 talsins, eða börnin mín eins og ég kalla þau nú stundum, eru orðin vel þroskuð og þau yngstu um ferminguna svo ég unni sáttur við mitt. Þau eru öll komin út á plötum og ekkert geymt í handraðanum hjá mér þannig að ég er búinn að hlúa vel að öllum börnunum.“

Kúrekin er ágætur líka

Hallbjörn hefur átt við þunglyndi að etja alveg frá því hann lenti í bílslysi árið 1985 en þá höfuðkúpbrotnaði hann og hlaut aðra alvarlega áverka. „Ég gleymi því aldrei þegar ég var fyrst lokaður inni á geðdeild, þá hugsaði ég með mér „héðan fer ég aldrei“. Það var verulega erfitt. En núna held ég þessu niðri með lyfjum, ég er í rauninni gangandi apótek.“

En Hallbjörn á líka nokkuð annað sem bitur á þunglyndi. „Það er bara þannig að þegar ég er kominn í gallann og búinn að setja á mig hattinn og hanskanana þá er ég bara orðinn annar maður. Ég get ekki útskýrt þetta en þá er ekkert þunglyndi og ekki neitt.“ Spurður hvort ekki sé þá freistandi að vera meira og minna í kúrekahlutverkinu svarar hann: „Nei, ég kýs nú Hallbjörn frekar með öllum þeim djöflum sem hann hefur að draga. En kúrekin er ágætur líka.“ Stundum þegar hann fær góða gesti til sín í útvarpið fær Hallbjörn þó frí og kúrekin tekur yfir.

Hann segist handviss um að líf sé eftir þetta eins og það voru önnur áður en þetta hófst. Tengingin við menningu kúrekanna telur hann eiga sér rætur sem ná lengra en þetta líf.



HALLBJÖRN VIÐ FLYGILINN Á þennan flygil sló Hallbjörn síðasta tóninn fyrir fjórum árum. Mörg laganna 136 hafa orðið til við hann og mörg þeirra hafa hjálpað fólki við að létta lundina en hún getur verið býsna þung hjá tónskáldinu sjálfu.

→ HARPA HANS BÝR YFIR TÓNI SEM ALDREI MÁ ÞAGNA

Sálfræðingurinn og sjónvarpsmaðurinn Jón Ársæll Þórðarson þekkti Hallbjörn lítilla þegar hann fór norður með Steingrími Jóni Þórðarsyni til að gera þátt um hann í röðinni um Sjálfstætt fólk. Kúrekin atarna hafði mikil áhrif á sálfræðinginn í þeirri dvöl.

„Ég minnst þessa íslenska kúreka baksa til hrossa sinna í norðlenskri stórhrið svo ekki sá út úr augum,“ rifjar Jón Ársæll upp. „Ég sá hann líka velta sér á stofugólfinu heima með köttinn í fanginu þar sem hann táraðist yfir slæmsku heimsins. Þar var ljóðið íslenskt, hreint og tært. Þar var kominn hinn eini og sanni kúreki norðursins.“

Hann er líka réttnefndur konungur sveitasöngvanna. Maðurinn sem ruddi brautina og það á svo eftirminnilegan hátt að því verður aldrei gleymt. Þegar ég horfi til baka man

ég að ég vissi ekki hvaðan á mig stóð garrinn þegar Hallbjörn mætti eins og fullskapaður til borgarinnar á sínum tíma, alklæddur kúrekadressinu, sveiflandi svipu, hljóðnema og hatti og söng um mann og gresju, snöru og háls og blámann sem býr með okkur öllum.

Hallbjörn hefur allt til að bera: Þunglyndið, tregann og stóra hjartað. Jafnvel trúin er þarna einhvers staðar innst inni og svo þessi rödd og þessi taktur. Allt saman of gott til að vera satt.

„Og svo býr Hallbjörn Hjartarson yfir hugsjónum. Hann sér langt, langt út yfir drullupollinn sem okkur hinum þykir svo vænt um að svamla í. Hann á sér vængi sem lyfta honum hátt yfir jökulklaeda tinda upp í forsal vindanna. Harpa hans býr yfir tóni sem aldrei má þagna.“



JÓN ÁRSÆLL ÞÓRÐARSON

SPÁMAÐUR JAFNVEL Í EIGIN FÖÐURLANDI



MAGNÚS B. JÓNSSON

Magnús B. Jónsson, sveitarstjóri Skagastrandar, segir framlag Hallbjarnar til samfélagsins alveg ómetanlegt.

„Hann hefur alltaf smitað þessum frumkvöðlaanda út í samfélagið hérna,“ segir Magnús. „Hann var ekki gamall maður þegar hann setti ásamt góðu fólki upp kvikmyndasýningar hér í bænum og þá var reyndar Skagastrandarbiói sjálfstæð rekstrareining sem hann bar að einhverju leyti. Hann var verslunarmaður hér og var þá ófeiminn við að brydda upp á nýjungum. Orðið „nýlenduvörverslun“ var fyrst ritað á húsið þar sem hann rak sína verslun. Hann hefur einnig tekið þátt í leiksýningum hér og óparft

er að rifja upp feril hans sem kántrýtónlistarmanns en þar markaðssetti hann sig á bás sem enginn hafði verið á áður.“

Magnús lýsir Hallbirni sem góðhjörtoðum manni. En hann á einnig erfitt með að sitja á strák sínum þegar honum mislíkar, segir sveitarstjórinn. „Hann hefur stunduð verið óvæginn við þetta samfélag sem hefur ekki alltaf skilið hann. Þannig að hann hefur oft sagt samfélaginu og sveitarstjórnendum til syndanna og það er bara allt í lagi. En þegar hann minnst hins fornkvæða að enginn sé spámaður í sínu föðurlandi og telur það eiga við í sínu tilfelli hef ég bent honum á að hér syngur fólk lög og ljóð eftir hann hvenær sem það kemur saman og ef það er ekki að vera spámaður þá er spámaður líklega ekki til.“

Þegar kúrekin dettur af baki

Hallbjörn á fjölmarga aðdáendur og velgjörðarmenn. Oftsinnis hefur hann fengið staðfestingu á því. Til dæmis þegar Kántrýbær brann árið 1997. „Þá hélt ég að þetta væri allt búið,“ segir hann.

„En svo lét fólk mig ekki í friði, hafði samband og sagðist myndu styðja mig til að koma Kántrýbæ af stað aftur. Svo ég ákvað einn daginn að athuga hversu djúpt væri á meiningunni; var þetta bara í nösunum á fólkinu eða var það

virðilega að meina þetta?“ Eins og endurbýggður Kántrýbær er til vitnis um var hugur bak við orðin enda fjölmargir tilbúnir að leggja sitt af mörkum svo kúrekin kæmist á bak aftur eftir að vera af baki dottinn.

AF FERLI HALLBJARNAR

- 1975** Hallbjörn sendir frá sér sína fyrstu plötu. Hún ber titilinn „Hallbjörn syngur eigin lög“.
- 1981** Fyrsta kántrýplata hans „Kántrý 1“ kemur út en þær urðu tíu talsins.
- 1984** Hallbjörn stendur fyrir fyrstu Kántrýhátíðinni á Skagastrand. Friðrik Þór Friðriksson gerði kvikmynd um hana.

Um svipað leyti lokar Hallbjörn verslun sinni og breytir henni í Kántrýbæ.

- 1992** Hallbjörn stofnar Útvarp Kántrýbæ sem rekið hefur verið með hléum síðan. Sama ár kemur „Kántrý 6“ út en Hallbjörn tók hana upp í Nashville í Bandaríkjunum með þarlandum tónlistarmönnum.

- 1997** Kántrýbær brennur en er endurbýggður og opnaður aftur ári síðar.

- 2002** Gefinn er út hljómdiskurinn „Kúrekin“ þar sem þekktir tónlistarmenn flytja úrval af lögum hans.

En hvaða lag þykir honum vænst um af þeim sem hann hefur samið? „Maður gerir nú ekki upp á milli barna sinna. Ég veit vel hvaða lög fólk finnst best. En mér þykir ákaflega vænt um lagið Sannur vinur.“ Hann segir það hafa verið mikinn heiður þegar margir af þekktustu tónlistarmönnum landsins gáfu út plötu þar sem þeir sungu valin lög Hallbjarnar. En það er þó nokkuð annað sem yljur kúrekanum meira um hjartarætur. „Fólk hefur haft samband við mig og sagt að lögin mín hafi hjálpað því á erfiðum stundum og veitt því mikla gleði. Þetta er mér mjög mikils virði.“

Heimsendingarþjónusta

8000 5555



ISA-352 - IDEA grafísk hönnun

Söluaðilar AGA Gasol:

SELFOSS: Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548

SAUÐÁRKRÓKUR: Byggingavörudeild KS, s. 455 4626

REYÐARFJÖRDUR: Heildverslunin Stjarna, s. 474 1114

ÍSAFJÖRDUR: Þróstur Marsellíusson hf., s. 456 3349

AKUREYRI: Sandblástur og málmhúðun hf., s. 460 1515.



ATLANTSOLIA

* Kópavogsbraut 115, Kópavogi

Linde Gas]

AGA

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



Coke 4 flöskur = 8 ltr. 595 kr.
 COKE 2 LTR - COKE LIGHT 2 LTR - COKE ZERO 2 LTR.

NÝTT KORTATÍMABIL



59

PEPSI-PEPSI MAX- EGILS APPELSÍN 500 ml **59 kr.**



489

BONUS PYLSUR 10 STK **489 kr./kg.**
 25 KR STYKKIÐ

BONUS PYLSUBRAUÐ 5 STK **98 kr.**



219

BONUS SNAKK
 AÐEINS 20-25 % FITA
219 kr. pokinn.



279

SUNMAID RÚSÍNUR
 500g **279 kr.**

BAKAÐU ÞÍNA EIGIN PIZZU



259

BONUS
 FROSPINNAKASSI
 24 STK **598 kr.**



298

FERSKT PIZZUDEIG 400g **298 kr.**
 RIFINN MEXIKÓOSTUR 200g **259 kr.**



398

EMMESS ÍS-TOPPAR 4 STK
 2 TEG **398 kr pakkinn.**




279

SUNSWEEP SVESKJUR
 400g **279 kr.**



398

EMMESS SKAFÍS 1,5 LTR. **398 kr.**



369

VÍNBER RAUÐ **369 kr./kg.**



198

BONUS FROSIN SMÁBRAUÐ
 50% MEIRA MAGN
 SAMA VERÐ
198 kr pokinn.

BONUS BÝÐUR BETUR



OPIÐ: LAUGARÐ: 10:00-18:00 SUNNUÐ: 12:00-18:00

BONUS BONUS BONUS BONUS



1498

KJÖRFUGL FERSKAR
KJÚKLINGABRINGUR **1498 kr./kg.**



1798

ALI FERSKUR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2998 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR **1798 kr./kg.**



498

KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
498 kr./kg.



450

ÍSLANDSFUGL FROSINN HEILL KJÚKLINGUR
450 kr./kg.



598

ALI FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 998 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR **598 kr./kg.**

NÝTT KORTATÍMABIL



3498

K.S LAMBALUNDIR FROSNAÐ
3498 kr./kg.



1359

K.S FROSINN HRYGGUR Í SNEIÐUM
1359 kr./kg.



2698

K.S LAMBAFILLET FROSIÐ **2698 kr./kg.**



398

CAJ-P GRILL OLÍA 500 ml
398 kr.



1798

FERSKT LAMBAPRIME **1798 kr./kg.**



1359

LAMBALÆRI Í SNEIÐUM **1359 kr./kg.**



1198

INNFLUTTAR GRÍSALUNDIR
1198 kr./kg.



187

HUNTS BBQ SÓSUR 612 ml
187 kr.



399

SOKKAR LÁGIR 2 PÖR **399 kr.**



698

SÓGLÆRAUGU BARNA **698 kr.**



1198

SÓGLÆRAUGU FULLORÐINNA **1198 kr.**

SÆLGÆTISBARINN **50% AFSLÁTTUR**
ALLA DAGA

80 kr.pr 100 gr poki.

BONUS BÝÐUR BETUR

VISA

OPIÐ: LAUGARÐ: 10:00-18:00

SUNNUÐ: 12:00-18:00

Hefur heilaleikfimi að atvinnu

Norðmaðurinn **Oddbjörn By** hefur skrifað tvær metsölubækur um minnstækni sem hann hefur þróað á síðastliðnum fimm árum. Hann stefnir á að verða sá besti í heimi í listinni að muna. *Svavar Hávarðsson* telur það aðeins vera tímaspursmál.

Ég hef tekið nokkuð mörg viðtöl sem blaðamaður en þetta er það fyrsta þar sem ég tek með mér blaðsíðu 601 úr símaskránni. Við fyrstu sýn er það fullkomlega örökrétt, en ég hafði nefnilega í hyggju að leggja stutt próf fyrir Norðmanninn Oddbjörn By, sem hefur unnið sér það til frægðar að vera einn minnugasti maður heims.

Rain Man

Ég hitti Oddbjörn á hótélherbergi hans í miðbænum. Þegar ég bankaði á dyrnar átti ég eiginlega von á að hitta útgáfu af Dustin Hoffman í rauðblárri þrjónaðri peysu, en myndin af þessum fræga leikara úr myndinni Rain Man þröngvæði sér inn í hugskot mitt á leiðinni í bæinn.

Ég var því hálf hissa þegar brosmildur piltur á þrítugsaldri opnaði dyrnar, tók þéttingsfast í höndina á mér og heilsaði kumpánlega. Ekki var ég búinn að sitja lengur en nokkrar mínútur gegnt Norðmanninum unga þegar ég áttaði mig á því að það var ekki ég sem stjórnáði viðtalinu. Áður en ég gat áttað mig var ég staddur á hraðnámskeiði í minnstækni að hætti Oddbjarnar By. Innan tíu mínútna hafði hann kennt mér aðferð til að muna röðina á stærstu löndum heims, og um leið grunninn að minniskerfi sem hann byrjaði að þróa fyrir aðeins fimm árum; minniskerfi sem gerði honum kleift að slá heimsmet í að leggja tölur á minnið.

Var gleyminn

Oddbjörn, sem býr í Björgvin í Noregi, segir að minni sitt sé í raun ekki á nokkurn hátt frábrugðið minni hvers sem er. Lengst af segist hann reyndar hafa verið gleyminn á hluti í daglegu lífi. Hann er sagnfræðingur að mennt, en hefur einnig gráður í nokkrum öðrum fögum, en það er uppskera þess að hann hefur kerfisbundið þróað tækni sína með því að beita henni á skólabækurnar. Í dag hefur hann atvinnu af minnstækni sinni, enda hefur hann gefið út tvær metsölubækur um efnið og heldur jafnframt fyrirlestra og námskeið í háskólum og hjá fyrirtækjum víða um heim. En hvert er upphafið að þessum óvenjulega lífsstíl?

„Þetta byrjaði í raun á því að ég og vinur minn vorum að keppa innbyrðis í að leggja tölur á minnið,“ segir Oddbjörn. „Það kom til eftir að ég fann kerfi á netinu til að leggja tölur á minnið. Ég hafði síðan samband við breskan náunga sem hafði meðal annars keppt í minniskeppnum. Hann hvatti mig til að keppa á heimsmeistararamótinu árið 2004, þrátt fyrir að ég væri alls ekki orðinn mjög góður. Ég lærði síðan af öðrum keppendum og þetta þróaðist síðan koll af kalli.“

Oddbjörn segir að síðan hann tók þátt í fyrsta mótinu hafi hann meira og minna einbeitt sér að því að þróa minniskerfi sem bæði nýttist í daglegu lífi og í keppni. Þar hefur hann gengið í smíðju Forn-Grikkja og nýtt sér vitneskju og tækni mótherja sinna á minnismótum, auk tækni sem hann hefur þróað sjálfur.



ODDBJÖRN BY Þessi geðþekki Norðmaður er staddur á Íslandi í tilefni af útkomu bókarinnar Memo, sem bókaútgáfan Veröld gefur út í íslensku þýðingu. Bókin hefur selst í billförmum víða um heim og kennir minnstækni.

Einfalt dæmi

Bókin Memo, sem bókaútgáfan Veröld hefur gefið út í íslensku þýðingu, lýsir því hvernig hægt er að tileinka sér minnstæknina sem Oddbjörn hefur þróað. En til að útskýra í hverju minnstækni felst tekur Oddbjörn lítið dæmi. „Nýlega átti vinkona mín afmæli og ég vildi tryggja að ég myndi ekki gleyma að hringja í hana af því tilefni. Ég fór snemma á fætur, of snemma til að hringja, svo áður en ég fór í vinnuna henti ég appelsínu á rúmið mitt. Þegar ég kom heim sá ég appelsínuna á rúminu og hringdi án tafar.“ Það sem hér skiptir máli er að setja venjulegan hlut á stað þar sem hann á ekki heima. Uppbrotið sem í því felst minnir viðkomandi síðan á eitthvað sem í sjálfa sér er ekki í beinu sambandi við appelsínuna eða rúmið. „Í vinnunni gættir þú sett lykilorðið á tölvunni þinni á hvolf til þess að muna eftir því að hringja í bankann. Ég ábyrgist að þú munt muna eftir símtalinu þegar þú kemur að skrifborðinu,“ segir Oddbjörn.

1:48

Það er eitthvað heillandi við fólk sem getur gert hluti sem maður sjálfur telur ómögulega. Hið skrítna og óvenjulega hefur jafnvel enn frekar dáleiddandi aðdráttarafel en líkamleg afburðageta. Sérstaklega þegar maður er sjálfur þátttakandi.

Á litlu borði á hótélherberginu kom ég auga á spilastokk. Eg spurði viðmælanda minn hvort hann gæti sýnt mér svart á hvítu hvað hann gæti. Oddbjörn svaraði mér ekki beint. „Stokkaðu,“ sagði hann hiklaust og rétti mér spilin. Ég hlýddi og rétti spilin til baka. Oddbjörn fletti í gegnum stokkinn tiltölulega hratt, og svo aftur. Einbeitingin algjör. Að því búnu rétti hann mér stokkinn á ný, og ég leit á skeiðklukkuna á símanum mínum. Á skjánum stóð 1:48. Oddbjörn tók þá annan spilastokk og byrjaði að raða spilunum, allt að því kæruleysislega.

Ég verð að viðurkenna að ég skelti upp úr á meðan ég fletti mínum stokki á móti Norðmanninum. Spilin í stokkunum tveim voru í nákvæmlega sömu röð – auðvitað.

Að tæla konur

Oddbjörn er margfaldur Noregsmeistari í sérgrein sinni. Hann fékk hins vegar óvenju

kraftmikla samkeppni á síðasta Noregsmeistararamóti og tryggði sér sigurinn í tíunda og síðasta hluta keppinnar. Það kom honum skemmtilega á óvart þegar hann komst að því að hinn verðugi keppinautur hafði lesið Memo – bókina hans – og þannig orðið eins góður og raun bar vitni. „Þetta var afar ánægjulegt. Þarna sá ég á afgerandi hátt að bókin mín virkar eins og ég ætlaði henni að virka,“ segir Oddbjörn.

Reyndar er þetta aðeins eitt dæmi af mörgum. Bók hans hefur náð efsta sætinu á metsölulistum og fjöldi lesenda hans hefur sent honum línu um sína upplifun af bókinni. „Ég hef fengið bréf frá óperusöngvurum, uppistöndurum og leikurum sem nota minnstæknina. Einnig fjölmörgum nemendum og fólki í atvinnulífinu sem hefur lært að nota tæknina og spara sér tíma – en það er einmitt eitt aðalmarkmiðið.“ Aðrir sem Oddbjörn nefnir hafa notað bókina til að læra tungumál, dans, hreyfingar í karate, skák og póker. Einnig til að muna brandara og sögur hvers konar. Svo eru þeir sem hafa notað tæknina til að tæla konur. „Já, það eru til menn sem hafa lagt á minnið bækur eins og The Game með þessari tækni. Sú bók gengur út á hvernig nálgast má hitt kynið án þess að gera sig að ffli,“ segir Oddbjörn hlægjandi.

Sjö tölustafir

Eftir stutta rannsókn á Wikipediu komst ég að því að „venjulegur maður“ getur munað sjö tölur og talið þær upp að ákveðnum tíma liðnum. Oddbjörn og hans líkar eru hins vegar sérstakir. Oddbjörn setti heimsmet í að muna tölur þegar hann lagði á minnið 72 tölur á einni mínútu.

Ég spurði Oddbjörn hvort hann teldi það takmarkalaust hvað hægt væri að leggja á minnið. Hann segir að í raun stjórnist það einungis af þeim tíma sem hver og einn leggur í að muna eitthvað. Til dæmis hafi kínverskur náungi, kallaður Doktor Yip, lagt á minnið 66 þúsund aukastafi af „pi“ á nokkrum mánuðum!

Annar náungi, Ben Pridmore, hefur lagt 27 spilastokka á minnið á klukkutíma. „Hann er heimsmeistari og sá besti í heimi, en þegar hann byrjaði að keppa gat hann lagt þrjá stokka á minnið á þessum sama tíma,“ segir Oddbjörn. „Enginn fæðist með þessa hæfileika; allir sem keppa um heimsmeistaratilinn hafa æft gríðarlega mikið og þeir sem vinna hafa æft mest.“

Oddbjörn hefur það að markmiði að verða bestur í heimi, en viðurkennir að hann eigi langt í land með að ná sömu getu og þeir allra bestu í heimi. „Ef ég á að ná þessum áfanga verð ég að æfa mjög

mikið, og það mun taka mig mörg ár.“

Mannlegir eftir allt

Oddbjörn segist oft hafa mistekist í minniskunstum sínum, bæði í keppni og einnig í beinni útsendingu í sjónvarpi. Hann er sem sagt mannlegur eins og við hin. Það á einnig við um aðra sem iðka þessa makalaus hugarleikfimi. „Í heimsmeistarakeppninni árið 2005 áttu keppendur að leggja á minnið nöfn út frá myndum sem þeim voru sýndar. Síðan skrifuðu allir svörin og skiluðu þeim inn. Allir stóðu sig mjög vel en níu af 34 keppendum gleymdu að merkja selt svarblöðin, svo þeirra árangur gildi ekki í keppinni.“

Mistök í undirbúningi

Doktor Yip, náunginn sem lagði á minnið 66 þúsund aukastafi af „pi“, fer aldrei út úr húsi án þess að hafa orðabók í hendinni. Hann lagði innihald bókarinnar á minnið, svona að gamni sínu. Hann gerir sér það að leik að láta fólk nefna eitthvert tiltekið orð og segja því á hvaða blaðsíðu má finna það í bókinni.

Það var þarna sem ég áttaði mig á því að ég hafði gert grundvallarmistök í undirbúningi mínum fyrir viðtalið. Ég átti að koma með símaskrána með mér, en ekki bara blaðsíðu 601.

Hraðnámskeið í minnstækni að hætti Oddbjarnar By:

Memo er auðveld tækni til að muna. Prófið sem Oddbjörn lagði fyrir blaðamann byggist á tækni sem verður best lýst sem ferðalag.

Allir þekkja hvern krók og kima í húsinu þar sem þeir ólust upp. Oddbjörn bað mig að kortleggja ferðalag um æskuheimili mitt með tíu viðkomustöðum í lögiskri röð: Mín ferð var svona: 1. forstofa 2. eldhús 3. gangur 4. herbergi mömmu og pabba 5. Stínuherbergi 6. mitt herbergi 7. Böggaherbergi 8. stofan 9. svalir 10. garðurinn.

Gerði þetta fyrst. Því næst gaf Oddbjörn mér tíu orð sem ég setti í herbergin í sömu röð. Innan sviga er hreyfing eða athöfn sem ég kokkaði upp samkvæmt skipun frá Oddbirni, því hún auðveldar að muna hvað er hvað.

1. Vladimír Pútín (að gera armbeygjur á gólfinu)
2. Gæs (mamma að matreiða gæs)
3. Mikki mús (hlaupandi um)

4. Dreki (á milli foreldra minna í rúminu)
5. Kaffi (Stína með kaffiboð í herberginu)
6. Kengúra (stökkvandi upp og niður á gólfinu)
7. Indjáni (Boggi að berjast við villimanninn)
8. Maradona (að gera boltakunstir)
9. Kappakstursbíll (spólandi)
10. Súpermann (fljúgandi hring eftir hring)

Hér ættu allir að geta séð fyrir sér svipaða mynd frá þeirra eigin æskuheimili.

Án þess að gera mér grein fyrir því hafði ég lagt á minnið röðina á tíu stærstu löndum heims: Rússland, Kanada (frægt fyrir gæsir), Bandaríkin, Kína, Brasilía, Ástralía, Indland, Argentína, Kasakstan (tveir fyrstu stafirnir) og Súdan (tveir fyrstu stafirnir).

Samkvæmt Oddbirni By mun maður aldrei gleyma þessari röð. Það eina sem þarf er að endurtaka ferðalagid.



MEMO Bók Oddbjarnar By er gefin út af bókaútgáfunni Veröld í íslensku þýðingu Péturs Ástvaldsssonar.

Grill fyrir Eurovision-gleðina

Fáðu grillið samsett og sent heim* í tæka tíð fyrir gleðskapinn!



4.575 kr.
léttgreiðslur í 12 mán.

Ellingsen, 2 brennara

54.900 kr.

2 pör af grillhönskum, yfirbreiðsla og stálgljái fylgja.



7.075 kr.
léttgreiðslur í 12 mán.

Ellingsen, 3 brennara

84.900 kr.

2 pör af grillhönskum, yfirbreiðsla og stálgljái fylgja.



6.241 kr.
léttgreiðslur í 12 mán.

Coleman Select, 3 brennara

74.900 kr.

Hliðarbrennari, 2 pör af grillhönskum og stálgljái fylgja.

„Ég segi nú bara eins og Jóhanna Guðrún: Er það satt?“



*Heimsending er fyrir höfuðborgarsvæðið, Suðurnes og Akureyri og gildir til kl. 18 föstudag og laugardag. Við bjóðum upp á léttgreiðslur Visa og Euro!

Við höldum með þér!



Úrslitin réðust í raun í prófkjöri okkar 7. apríl. Eftir það var alveg ljóst að brugðið gæti til beggja vona. Þess vegna varð ég ekki fyrir stórafalli á kosninganótt,“ svarar Kolbrún spurð hvort hún hafi orðið fyrir miklum vonbrigðum með að ná ekki endurkjöri til þings.

Við drekkum saman morgunkaffið á Gráa kettinum við Hverfisgötu, tveimur dögum eftir að hún skilaði lykklunum að umhverfisráðuneytinu til flokkssystur sinnar Svandísar Svavarsdóttur.

En hvers vegna náðir þú ekki betri árangri í forvalinu en raun ber vitni?

„Tvær ungar og öflugar konur ruddu tveimur eldri öflugum konum aftur fyrir sig,“ svarar Kolbrún og á þar við Svandísi og Lilju Mósesdóttur sem hlutu betri kosningu en Kolbrún og Álfheiður Ingadóttir. „Það var mikil krafa um endurnýjun og fólk kannski sást ekki fyrir í þeim efnunum. Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé hæfilegt hvort með öðru, endurnýjun og reynsla. Ég var hluti af endurnýjun fyrir tíu árum en það er líka mjög dýrmætt að varðveita reynsluna.“

En þetta sem sagt gerðist; þessar ungu og hressu konur fóru í mikla kosningabaráttu eins og nýtt fólk þarf að gera en ég taldi mig ekki þurfa þess. Ég var ráðherra og hélt að ég fengi að njóta þess.“

Víkuna áður en forvalið fór fram sinni Kolbrún embættisskyldum í útlöndum og gat því lítið beitt sér í forvalsbaráttu. Hún hafði þó í hyggju að senda samflokksmönnum hvatningu en eftir að hafa spurt kjörstjórn var henni tjáð að slíkt bryti í bága við reglur. „Það varð uppi fótur og fit og þótti ekki við hæfi að skrifa svona bréf, sem mér fannst mjög miður. Þetta var leyft í öðrum kjördæmum en reglurnar voru greinilega ekki eins alls staðar.“

Hugsi um hið græna í VG

Niðurstöður forvalsins voru Kolbrúna ekki bara vonbrigði heldur komu þær henni á óvart. Hún hafði nefnilega fundið fyrir talsverðum fögnuði meðal flokkssystkina þegar hún varð umhverfisráðherra hinn 1. febrúar.

„Þetta kom mér mjög á óvart og ég velti fyrir mér hvort þetta væri til marks um að grænu gildin væru farin að dofna meðal flokksfélaga. Það hefur fjölgað gríðarlega í flokknum og kannski ástæða til að óttast að brotthvarf mitt verði til þess að grænu gildin falli í skuggann. Það finnst mér mjög miður.“

Náttúruvernd eða umhverfismálin almennt hafa ekki verið í kastljósinu frá bankahruninu í október og Kolbrún óttast að þau geti orðið út undan í viðreisn samfélagsins, ef ekki verði haldið rétt á spilunum.

„Lítlegra hefur aldrei verið meiri þörf á að gefa umhverfismálunum góðan gaum heldur en núna. Mér finnst riða á að við opnum augun fyrir samhengi hlutanna og heildarsýninni. Ef við ætlum mannkyninu gæfuríka framtíð í sambýli við móður jörð verðum við að endurhuga umgengni okkar við náttúruna og hverfa frá þeirri ágengu auðlindanýtingu sem stunduð er í dag.“

Kolbrún segir íslensk stjórnvöld sjaldnast hafa sýnt málaflokknum nægilegan áhuga og umhyggju. „Menn hefur skort skilning á því hvernig vistfræði, samfélag og efnahagur spila saman í öllum mikilvægum ákvörðunum. Opinber stefnumörkun í þessum efnunum hefur verið veik og margt af því sem stjórnvöld hafa sent frá sér verið útúrsmúningur úr hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Stundum dettur manni í hug að ráðamenn hafi lítið meint með undirskrift sinni undir alþjóðsamninga á þessu sviði.“

Brjálæðisleg viðbrögð

Í opinberri umræðu hefur náttúruvernd stundum verið afgreidd sem kverúlans og Kolbrún og aðrir talsmenn náttúruverndar mátt þola skít og skömm. „Það er undarlegt hve þessi mál sem ég



SKRIFAÐ Í SANDINN Kolbrún Halldórsdóttir ætlar ekki að sitja þegjandi og hljóðalaus þó að hún sitji ekki lengur á þingi. Hún býst við að finna hugsjónum sínum nýjan farveg og kveðst örugglega geta orðið að liði við móton nýja Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hætt en ekki farin

Kolbrún Halldórsdóttir setti sér háleit markmið þegar hún varð þingmaður fyrir tíu árum. Hún varð oft fyrir vonbrigðum en lýkur stjórnmalferlinum sátt við sig og sitt. Í samtali við *Björn Þór Sigbjörnsson* talar Kolbrún um lífið og tilveruna utan þings og innan.

hef barist fyrir; náttúruverndin og hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar annars vegar og svo kvenfrelismálin hins vegar, hafa vakið brjálæðisleg viðbrögð. Ég hugsa að ef leitað er að mest hötuðu manneskjunum í bloggheiminum síðustu tíu árin komist ég á topp tíu.“

Og hvernig hefur það verið?

„Bara ofboðslega erfitt. Fyrst var ég hissa á þessum tryllingslega neikvæðu viðbrögðum en það er bara ein leið til að komast í gegnum þetta og það er að lesa þetta ekki. Ég hef valið hana,“ segir hún.

Á þing með krepptan hnefann

Kolbrún kom með hveli inn í stjórnmalin fyrir kosningarnar 1999. Hún hafði árið áður staðið framarlega í hópi fólks sem barðist fyrir náttúruvernd með reglulegum uppákomum á Austurvelli og fjölmennum borgarafundi í Háskólabíói til verndar hálendi Íslands.

„Ég held að sumarið 1998 hafi Guðmundur Páll Ólafsson vakið náttúruverndarann í ansi mörgum Íslendingum. Vendipunkturinn hjá mér var þegar vatni var hleypt á Hágöngulón og jökulvatnið sökk í íslenska fánanum. Þá skræði ég mig í Náttúruverndarsamtök Íslands og ákvað að verða að liði.“

Það var svo fyrir orð og hvatningu Hjörleifs Guttormssonar og Kristínar Halldórsdóttur sem hún gaf kost á sér til setu á lista fyrir VG. Hún létur á þau sem guðföður sinn og guðmóður í pól-



Ég fór á þing, beint af Austurvelli, með krepptan hnefann og hélt í alvöru að mér tækist á fjórum árum að breyta viðhorfinu í samfélaginu.

itíkinni; náttúruverndarsinnann og feministann. En markmið hennar með framboði 1999 var skýrt; að bjarga hálendinu og snúa almenningsálitinu í átt til náttúruverndar.

„Ég fór á þing, beint af Austurvelli, með krepptan hnefann og hélt í alvöru að mér tækist á fjórum árum að breyta viðhorfinu í samfélaginu. Þá var talað um lón á Eyjabökkum og miklu minna álver en á kjörtímabilinu bólgnuðu áformin út og Kárahnjúkavirkjun var getin, fædd og föstruð í óðagoti á innan við fjórum árum. Ég lagði opineyg og græn í þennan leiðangur og eftir mikla baráttu var lokakrafa mín að málið yrði sett í þjóðaratkvæðagreiðslu áður en kæmi að kosningunum 2003. En það gekk nú ekki eftir. Allt var kyrfilega innsiglað og undirskrifad fyrir kosningar. Þetta voru stóru vonbrigðin í mínu pólitíska lífi og eftir þetta langaði mig mest til að hætta.“

Lempuð til

Kolbrún hugsaði með sér að orrustan hefði tapast og að nú myndi hún snúa aftur til síns fyrra lífs. Hún tjáði Steingrími J. Sigfússyni flokksformanni hug sinn en hann og aðrir í forystunni töldu henni hughvarf. „Þau komu í veg fyrir að ég hætti. Það þótti veikleikamerki fyrir flokkinn ef ég sem málsvari umhverfismálanna hyrfi af vettvangi, það væri mikilvægt að hafa mína rödd áfram. Ég var því lempuð til og ákvað að fara fram aftur.“

Kosningarnar 2003 voru Kolbrúna og öðrum vinstri grænum nokkur

vonbrigði. Flokkurinn missti einn þingmann og það setti mark sitt á kjörtímabilið sem í hönd fór.

„Kosningabaráttan var rosaalega erfið. Heilu stjórnmalaflokkarnir umturnuðust og mér fannst á stundum eins og allt snerist upp í baráttu gegn VG, fyrst og fremst út af umhverfisverndarstefnunni okkar og baráttunni fyrir feminisma.“

Kolbrún segir flokkinn hafa verið beygðan framán af kjörtímabilinu og sjálfri fannst henni ekki eins gaman á þingi og áður. En þegar leið að kosningunum 2007 fór landið að rísa á ný, flokkurinn fékk góða útkomu úr skoðanakönnunum og bjartsýnin jókst.

Draumurinn um vinstri stjórn

„Okkur fannst við hafa staðið okkur vel og settum stefnuna á að mynda meirihluta með Samfylkingunni. Við sáum öll tormeiki á því að fara í stjórn með Sjálfstæðisflokknum eða Framsókn, sem höfðu verið okkar höfuðandstæðingar í stóriðjumálunum. Sáum meira ljós í krötnunum og gerðum okkur von um að það yrði hægt að mynda vinstri stjórn í landinu.“

Draumurinn um slíka ríkisstjórn var driffjöðrin í kosningabaráttu Kolbrúnar og hún sá hlutverk fyrir sjálfa sig í þeirri stjórn.

„Ákvörðun mín um að fara í framboð 2007 helgaðist einna helst af því að ég eygði raunverulegan möguleika á að ég gæti orðið umhverfisráðherra. Ég hugsaði sem svo að árin fjögur sem ég ætlaði að taka í að bjarga hálendinu yrðu kannski tólf en síðustu fjögur árin af því tímabili yrði ég þó í ráðandi stöðu og gæti komið einhverjum af öllum mínum hugðarefnum í framkvæmd.“

Enn ein vonbrigðin

Svo fór þó að glimrandi skoðanakönnunirnar gengu ekki eftir og niðurstaðan var að VG fékk tæp tíu prósent í kosningunum, sem þó þýddi talsverða fjölgun í þingflokknum, eða úr fimm í níu. Kolbrún segir Samfylkinguna hafa leikið tveimur skjöldum í kosningabaráttunni og það hafi haft sín áhrif á fylgi VG. Samfylkingin hafi til dæmis laðað að sér umhverfisverndarsinnaða kjósendur með stefnuplagginu Fagra Íslandi. Kosninganiðurstöðurnar og ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokksins voru því enn ein pólitísku vonbrigðin fyrir Kolbrúna.

Hún hlær. „Já, þetta hefur verið erfitt en það hefur líka gerst heilmargt jákvætt og ég hef fengið gríðarmikla reynslu og lærdóm út úr störfum mínum í pólitík,“ segir hún. Einnig hafi verið afar ánægjulegt að fylgjast með hve ungliðahreyfing VG hefur styrkst með árunum. „Við höfum mikið fylgi hjá ungu fólki og það er ekki sist út af málum sem ég hef barist fyrir,“ segir hún.

Saltkjöt

Á dögnum sendi ungliðahreyfingin frá sér yfirlýsingu þar sem Kolbrúna voru þökkuð frábær hugsjónastörf í þágu náttúrunnar, kvenfrelsis, félagslegs jafnréttis og friðar. Henni þykir vænt um þetta. Ekki sist að vera sögð hugsjónakona. Það eru ekki allir hugsjónamenn í pólitík. Sumir eru atvinnustjórnmalamenn. En Kolbrún hefur haldið í hugsjónirnar og staðið á sínu.

„Það rifjast stundum upp fyrir mér að þegar ég var um þrítugt og stóð í stéttarbaráttu leikara var ég spurð í viðtali við Þjóðviljann hvort ég hefði aldrei hugleitt að fara út í pólitík. Ég svaraði nei, og að ástæðan væri sú að ef ferskur kjötbíti væri settur í þækil þá yrði hann saltkjöt. Ég er að átta mig á því núna að ég hef verið tíu árum í að verða ekki saltkjöt. Og ætli þetta Drekasvæðismál sé ekki til marks um að ég breyttist aldrei í saltkjöt.“

VG hlynt olíuleit

Með Drekasvæðismálinu á Kolbrúna við fræga frétt á Stöð 2 örfáum dögum fyrir kosningar sem, með öðru, er talin hafa fælt kjósendur frá VG. Sjálf telur hún að það hafi allt eins verið staðhæfingar fréttamannsins sem fóru fyrir brjóstið á fólki. „Ég var illa undirbúin fyrir þetta viðtal, hafði raunar alls ekki ætlað að veita það, en ég kys að dvelja ekki við það. Þingmálið um útbóð leyfa til olíuleitar og olíuvinnslu var afgreitt undir mikilli tímapressu rétt fyrir jól og ég gagnrýndi það ódagot sem var á afgreiðslu þess,



1400
SNÚNINGA
6kg

1400
SNÚNINGA
5kg

**EINSTAKT
TILBOÐ!**
AÐEINS Í DAG

ÚTSALA ÚR EINUM GÁMI

ÓÚTLITSGALLAÐAR ÞVOTTAVÉLAR!

BARKALAUSIR ÞURRKARAR LÍKA Á FRÁBÆRU TILBOÐI Í TÍLEFNI DAGSINS - AÐEINS Í DAG!



Whirlpool þvottavél

- 1400 snúninga þvottavél
- Rafeindastýrður kerfisveljari
- Hámarksvinda 1400 snúningar
- Ullarkerfi - Ullarvagga
- Handþvottakerfi

- Hraðkerfi 30 mín.
- Þvott hæfni A
- Vinduhæfni B
- Orkunýting A
- Íslenskt stjórnborð
- Íslenskur leiðarvísir

Whirlpool AWOD4730
5kg / 1400 snúninga

Whirlpool AWOD6715
6kg / 1400 snúninga

TILBOÐ

69.995

FULLT VERÐ 109.995

AFSLÁTTUR
Kr. 40.000

TILBOÐ

74.995

FULLT VERÐ 119.995

AFSLÁTTUR
Kr. 45.000

Ariel
þvottaefni
og Lenor
mýkingarefni
fylgir vélunum

meðan birgðir endast

**NÝTT
KORTA
TÍMABIL**

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
ÍSLENSKUR LEIÐARVÍSIR

OPIÐ KL. 10 - 16

FYRSTUR KEMUR - FYRSTUR FÆR!

Ath. Aðeins ein vél á mann!

Í fyrra seldist allt upp á nokkrum klukkutímum ...



Heimilistæki

www.ht.is

REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS
SUDURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 36 | GARDARSBRAUT 18A | EYRARVEGI 21
SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 464 1600 | 480 3700

FRAMHALD AF SÍÐU 34

skipulagsátturinn var í ólestri og annað er laut að umhverfismálum. Ég var ósátt við að iðnaðar-nefnd skyldi fá málið til umfjöllunar en ekki umhverfisnefnd og fleira mætti nefna. Við vinstri græn sátum því hjá við afgreiðslu málsins, en við studdum hins vegar upphaflega frumvarpið um rannsóknir og leit að olíu sem afgreitt var sem lög frá Alþingi 2001 og það er stefna flokksins. Fréttamaðurinn lagði hins vegar allt annað og meira í orð mín en tilefni var til.“

Mótdræg Moggfrétt

Kolbrún telur að þessi frétt kuni að hafa dregið úr fylgi VG í kosningum en fleira komi til.

„Það er vandasamt að sneiða hjá fallgryfjum fjölmiðlanna, sérstaklega í kosningabaráttu, og það féllu ýmis ummæli í þessari kosningabaráttu sem kunna að hafa haft áhrif á endanlegt fylgi okkar vinstri grænna. Þar get ég nefnt ummæli Steingrims um Evrópusambandsaðild kvöldið fyrir kosningar og ummæli Katrínar um launalakkanir og skatta-hækkanir. Forsíðufrétt Morgunblaðsins á kjördag var okkur líka mótdræg.“

Í henni var greint frá því að Ögmundur Jónasson hefði sett utanríkisráðherra stólinn fyrir dynnar varðandi innleiðingu þjónustulískipunar Evrópusambandsins á síðasta fundi ríkisstjórnarinnar fyrir kosningar.

„Ég tel að það hafi ekki verið hrein tilviljun að nákvæmlega þessi frétt var valin á miðja forsiðuna þennan dag. Reyndar þótti mér líka nóg um hvernig skrifað var um okkur í Staksteinum síðustu dagana fyrir kosningar. Endasprettur kosningabaráttunnar var okkur því að mörgu leyti mótdrægur, bæði vegna þess sem við sjálf sögðum og gerðum og líka vegna þess hvernig fjölmiðlarnir kusu að koma því á framfæri. En það er erfitt að fullyrða nokkuð um þetta samspil, stjórnsmálamenn þurfa á fjölmiðlum að halda til að koma boðskap sínum á framfæri og það er talsverð kunst á báða bóga að gera það með sóma.“

Galli á kosningakerfinu

Það fjölgaði um fimm í þingflokk VG eftir kosningarnar í apríl. Úr níu í fjórtán. Þegar öllu er á botninn hvolt segir Kolbrún það góða niðurstöðu.

„Það er einstök staða flokks sem er lengst til vinstri í litrófi stjórnmálanna og byggir þar að auki á umhverfisvernd og feminisma. 22 prósent fylgi er stórkostlegur árangur. En ég get ekki látið hjá líða að nefna vægi atkvæðanna í þessu sambandi. Flokkurinn fékk 23 prósent fylgi í mínu kjördæmi og tvo menn út á átta þúsund atkvæði en í Norðvesturkjördæmi fékk hann 23 prósent og þrjá menn út á fjögur þúsund atkvæði. Það er því ekki passað upp á lýðræðið sem skyldi í kosningakerfinu okkar og mér þykir mjög mikilvægt að huga að breytingum í þeim efnum, þannig að einn maður þýði eitt atkvæði.“

100 dagar í ráðuneyti

Við hverfum frá þingi og kosningum til daganna hundrað í umhverfisráðuneytinu. Stjórnarmyndunin í janúarlok tók skammtíma tíma og Kolbrún var stödd í Kaupmannahöfn þegar Steingrímur formaður hringdi í hana, upplýsti hana um stöðuna og sagði henni að hún gæti allt eins átt

FERILL KOLBRÚNAR

Kolbrún Halldórsdóttir er fædd 31. júlí 1955.

Hún tók verslunarpróf frá Ví 1973 og próf frá Leiklistarskóla Íslands 1978. Eftir útskrift vann Kolbrún hjá Leikfélagi Reykjavíkur og Alþýðuleikhúsinu. Hún var framkvæmdastjóri Kramhússins um skeið, leikstjóri og leikari hjá Svörtu og sykurlausu, dagskrárgerðarmaður við Ríkisútvarpið í áratug, framkvæmdastjóri Bandarlags íslenskra leikfélaga, fastráðinn leikstjóri við Þjóðleikhúsið 1995-1998 og lausráðinn leikstjóri hjá Leikfélagi Akureyrar og sjálfstætt starfandi atvinnuleikhópum.

Kolbrún var stjórnandi Þjóðleiks á Þingvöllum á Lýðveldishátíðinni 1994 og dagskrárstjóri á kristnihátíð á Þingvöllum 2000.

Hún var kjörin á Alþingi 1999 og gegndi embætti umhverfisráðherra frá 1. febrúar til 10. maí 2009.

Maki Kolbrúnar er Ágúst Pétursson kennari og eiga þau börnin Orra Hugni og Ölmú.



Vildi hundrað daga stjórnina áfram

En hvernig líst Kolbrúna á arftaka sinn í ráðuneytinu, Svandís Svavarsdóttur?

„Ágætlega. Svandís er kraftmikil manneskja, föst fyrir og réttisýn, og hún er örugglega myndari en ég. Hún á áreiðanlega eftir að standa sig mjög vel en það verður auðvitað talsverð vinna þar sem hún er nýkjörin á þing, sem minnir mig á það að mér finnst orðið tímabært að breyta fyrirkomulaginu hvað varðar framkvæmdarvaldið á Alþingi. Ég er sannfærð um að farsælast sé að þingmenn fari tímabundið út af þingi á meðan þeir gegna ráð-

„Ég hefði getað hugsað mér það, já. Er ekki í tísku að hafa utanþingsráðherra? En í fúlustu alvöru þá fannst mér ég ekki hafa lokið mínum verkum í umhverfisráðuneytinu og hefði verið afskaplega þakklát fyrir að fá það tækifæri. En ég geri mér líka grein fyrir því núna að þetta voru óraunhæfar væntingar.“

Kolbrúna varð ekki að ósk sinni hvað þetta varðar, en býst hún við að finna hugsjónum sínum og áhuga nýjan farveg?

„Já, já, mér leggst eitthvað til. Hluti af þeirri nýju pólitík sem nú er að ryðja sér til rúms er að auka lýðræðið og færa starfið meira út í grasrótsamtök. Það þarf að fara

og listunum.“

Þótt Kolbrún hafi áhuga á húsa-gerðarlist finnst henni nóg um alla peningana sem farið hafa í hús utan um menningu. Viðhaldsstefnan sé svo í meira lagi undarleg.

„Okkur hættir til að eyða of miklum peningum í umgjörð um menningu, reisa einhvers konar minnisvarða. Svo látum við byggingarnar drabbast niður, eins og Þjóðminjasafnið og Þjóðleikhúsið eru dæmi um. Fyrir þau hús var ekkert gert í áratugi, ekki fyrr en þau voru orðin ónýt, og þá var grenjað yfir hvað það kostaði mikið að laga þau.“

Kranarnir við Tónlistarhúsið við höfnina snúast þessa dagana og kveðst Kolbrún hafa verið hlynnt ákvörðun um að ljúka byggingu þess. „Úr því sem komið var þarf að klára húsið. Það hefði verið glapræði að gera það ekki. Ég var ekkert sérstaklega hrifin af þessu húsi á sínum tíma og hefði eflaust valið aðra tillögu í samkeppinni, einhverja sem var eins og klasi af gömlum húsum með risi og kvistum. Eitthvað sem minnti á Reykjavík“, segir Kolbrún, sem hrifst af vel heppnuðum arkitektúr og unír sér jafn vel í skemmtilegum og fallegum borgum eins og í auðn og víðáttu hálendisins.

„Þó að tilfinningin fyrir fortíðinni sé sterk þarf maður líka að kunna að fadma það nýja og ég vona sannarlega að okkur takist að útfæra hlutverk tónlistarhússins þannig að það skipti máli fyrir íslenska listsköpun. Hús er fyrst og fremst umgjörð um þá starfsemi sem það hýsir.“

Menningarverðmæti rifin

Kolbrún er hún hugsu yfir þeirri pólitík sem leggur mest upp úr steinsteypu og húsbýggingum, en sér ofsjónum yfir fjármunum í starfseminu sem húsin eiga að rúma.

„Við erum bara alltaf að byggja hús. Og rífum stundum heilu hverfin af menningarverðmætum svo við getum byggt eitthvað annað. Ég er félagi í Torfusamtökunum og ef ég væri yngri væri ég örugglega í hústökuliði.“

Hún rifjar upp að fyrsta greinin sem hún skrifaði í blað fjallaði einmitt um niðurrif húss. „Þá var ég sextán ára Verslunarskólannemi og skrifaði um fyrirhugað niðurrif á torfbænum Litlu-Brekku á Grímsstaðaholtinu. Ég er alin upp á Grímsstaðaholtinu og sá alveg óskaplega eftir bænum. Hann þurfti að víkja fyrir tvöföldun Suðurgötunnar. Ég skildi ekki af hverju þurfti að tvöfalda hana en taldi það vera þjatt hjá Vega-gerðinni, sem vildi að Keili bæri í miðja Suðurgötuna þegar ekið væri í suður.“

Það er vissulega falleg sýn.

„Já, en Litla-Brekka var fallegri.“

Að þessu sögðu kveðjumst við. Kolbrún heldur út í voríð bysna sæl með pólitíska ferilinn sem nú er að baki. Hún er hins vegar óviss um framtíðina og hvar hún muni bera niður næst. En eins og hún segir sjálf þá leggst henni sjálf-sagt eitthvað til.



Þessir hundrað dagar í ráðuneytinu voru frábærir. Ég hafði virkilega gaman af því að fá að spreya mig.

inu og finna hversu góðan grunn ég hef til að takast á við verkefnið, enda með tíu ára reynslu af setu í umhverfisnefnd Alþingis í fangrinum og þekki því málaflökkinn vel. Ég þekki stofnanafklórna og baráttuna fyrir því að auka veg stofnana umhverfisráðuneytisins gegnum fjárlagavinnu undan- genginna ára, sameiningu stofnana þegar Umhverfisstofnun var búið til, ég þekki þróun flókinnar lög- gjarfa á borð við mat á umhverfis- áhrifum og skipulags- og bygginga- lögin, loftslagsmálin og stjórnsýslu þjóðgarðanna og hvernig náttúru- verndin hefur átt undir högg að sækja í stjórnsýslunni. Allt liggur þetta nokkuð opfið fyrir mér og auð- veldaði mér starfið.“

Kolbrún telur sig hafa komið mörgu góðu til leiðar í ráðherra- tíð sinni, meðal annars komið inn- leiðingu Árósamningsins í far- veg, en með honum er lögleiddur aðgangur almennings að réttlátri málsmeðferð fyrir dómstólum í málum er varða umhverfið. Þá er hún stolt af að hafa klárað stefnu ríkisins um vistvæn innkaup sem hafði lengi verið í vinnslu. Hún segir málið afar mikilvægt því hún telji hægt að breyta heim- inum – hvorki meira né minna – með meðvitundum innkaupum. Val okkar á vörum hafi gríðarleg áhrif og þegar yfir 100 milljarða króna árleg innkaup ríkisins á vöru og þjónustu séu annars vegar skipti þetta gríðarlegu máli. Ótal önnur mál séu svo komin í farveg.

herraembættum. Þannig verða skilin milli lögjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins greinileg, eins og stjórnskipan okkar gerir ráð fyrir.“

Kolbrúna líst að mörgu leyti vel á nýtt ríkisstjórnarsamstarf VG og Samfylkingarinnar. Í samstarfs- yfirlýsingunni sé fjöldi framfara- mála en einna best lýtist henni á umhverfiskaflann. Hún kveðst nú svo sem ekki alsaklaus af þeim kafla. En hún varð fyrir von- brigðum með fjölgun ráðherra og að ekki skyldi ráðist strax í breyt- ingar á stjórnarráðinu.

„Ég sá tækifæri til að vinna strax að stofnun atvinnuvega- ráðuneytis samhliða tilfærslu á auðlindamálum yfir í umhverfis- ráðuneytið á sama tíma og unnið var að fjárlögum fyrir næsta ár. Þetta á einnig við um hugsanlegar tilfærslur í öðrum málaflökkum. Það hefði jafnvel mátt hugsa sér að 100 daga ríkisstjórnin hefði setið óbreytt til áramóta á meðan þessi vinna færi fram. Um ára- mót hefðu nýir ráðherrar tekið við nýjum ráðuneytum á grunni nýrra fjárlaga. Við vorum komin vel inn í hlutina og það var mikill vinnu- andi í þessari ríkisstjórn. Jóhanna keyrði hana duglega áfram í erf- iðum verkum, hún hafði Samfylk- inguna sameinaða á bak við sig. Ég hef raunar aldrei séð Samfylking- una jafn sameinaða og samstarfs- fúsa og í þessa hundrað daga.“

Þú vildir þar með sitja sjálf til áramóta.

→ DJÚPIR DALIR OG HÆSTU TINDAR

Allt þetta ár hefur verið viðburðaríkt í lífi Kolbrúnar. Fyrsti febrúar var mjög upphafinn dagur í hennar í hugar því lengi vel hélt hún að hún yrði amma þann dag. Sonur hennar og hans kona áttu von á barni. „Ég hafði hlakkað alveg rosalega til að verða amma en svo varð ég ráðherra 1. febrúar. Það var ekki á planinu. En ég varð amma viku síðar, fékk litla sonardóttur sem heitir Kolfinna.“

Viku eftir það, 15. febrúar, mjaðmarbrotnaði Halldór, faðir Kolbrúnar. „Þá upphöfst fimm vikna dauðastríð hans. Hann dó 21. mars.“

Mitt í þessu öllu hafði hún látið skira dóttur sína á fermingarárdri sem ákvað að fermast, haldið henni fermingarárdri, látið ferma systurdóttur sína, gefið sonardóttur sinni nafn og svo látið jarða þessa sinn.

„Og auk þess að vera umhverfisráðherra var ég líka samstarfsráðherra Norðurlandanna og því fylgdu annir.“ Við bæstast forval VG og kosningarnar 25. apríl.

„Þetta hefur því verið ofboðslegur umbrotatími og ég hef farið djúpt niður í öldudali og upp á hæstu tindu. Ég hef aldrei upplifað annan eins rússíbana og þessa hundrað daga. Þessi tími mun aldrei gleymast.“



Þrjár óperur fluttar á réttri viku

Hið rómantíska æði er frekt á íslenskum óperusviðum: Heinesen, Hel Sigurðar Nordal og hinn bráði trúður Verdis, Rigoletto.


SÍÐA 4



Myndlistarsýningar

Kristján Guðmundsson sýnir á Listahátíðarsýningu Listasafns Íslands ásamt Hrafnkatli Sigurðssyni.

SÍÐA 6



VERK EFTIR HULDU HÁKON

TVEIR MENN, KONA OG SÆSKRÍMSLI

Í dag opnar Hulda Hákon stórsýningu á verkum sínum í Listasafni Akureyrar: „Þetta er ekki yfirlitssýning, hér vantar fjölda verka úr einkaeign og frá útlendum söfnum,“ segir Hulda, „en verkin eru frá öllum ferli mínum, það elsta frá 1982 og það yngsta fárra vikna.“

MYNDLIST PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Það er sól og bjart á Akureyri þegar Hulda er að koma verkum sínum fyrir í vistarverum Listasafnsins í Gilinu. Hulda segir verkin vera á milli sextíu og sjöttíu og það hafi komið sér þægilega á óvart: „Ég komst að því hvað ég á mörg verk sjálf svo ég á einhverja sjóði sem geta dugað mér fram á efri ár, Mörg þeirra hafa ekki sést áður hér á landi,“ segir hún. „Hér er þó ýmislegt sem ekki hefur ratað saman á vegg, til dæmis eru hér allir fótoltamennirnir mínir, 22. Þeir hafa aldrei áður komið saman á vegg.“

Sýningin er hluti af Listahátíð í Reykjavík – og víðar um land. Samfara henni kemur út mikilvæg sýningarskrá sem bætist við fyrri bókverk um feril Huldu. Hannes Sigurðsson segir þar: „Allt frá upphafi ferils síns hefur Hulda Hákon (f. 1956) haft auga fyrir því að varpa einkennilegum hetjuljóma á hversdagslífið. Verk hennar eru bautasteinar um litla sigra, óhöpp eða bara forvitnileg atvik sem hún varðveitir í uppstillingum, myndum og texta, og minnir á að þau eru alveg jafn merkileg og þau viðfangsefni sem oftast eru uppspretta

opinberra skúlptúra.“ Megintexti bókarrinnar er eftir Auði Jónsdóttur rithöfund sem lagði sig fram við að kynna sér verkin og manneskjuna á bak við þau. Þar eru dregnir saman helstu textar um Huldu eftir innlenda og erlenda fræðimenn.

Og hvornig líkar henni dvölin nyrðra í sólinni og svalanum? „Það er svo mismunandi andi í þorpum og smábæjum, Eyjar og Akureyri gætu verið í sitthvoru landinu.“ Listasafnið er opið alla daga frá kl. 12-17 og er aðgangur ókeypis en hún varir til 28. júní. .

Mikið úrval vandaðra grilla frá Þýskalandi

Grillbúðin
www.grillbudin.is

Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400

<p>24.900 FULLT VERÐ 29.900</p>	<p>Ryð-frítt 69.900 FULLT VERÐ 79.900 16,5 kw/h</p>	<p>49.900 FULLT VERÐ 59.900 16,5 kw/h</p>	<p>Ryð-frítt 139.900 FULLT VERÐ 159.900 18,7 kw/h</p>
--	--	--	--

Opið laugardag til kl. 16

Um bókmenntahátíðir

Bókmenntahátíðin í Kaupmannahöfn hófst í gær og stendur fram á sunnudag. Danir eru góðir í að markaðssetja og kalla hátíðina CPH:Litt í stíl við CPH:Doc og CPH:Film. Yfir sjötíu rithöfundar mæta til Hafnar, troða upp á spjalli og upplestrum og er stór hluti þeirra danskur. Þar má þó finna íslensk nöfn: Hallgrímur Helgason er þar einn okkar manna en trompið er Salman Rushdie.

Tvær bókmenntahátíðir verða hér á landi í haust en ljóðahátíð Nýhil verður haldin um menningarnæturhelgina 21.-23. ágúst við lok hundadaga. Svo er Bókmenntahátíðin í Reykjavík fyrirhuguð 6.-12. september. Ekki er kominn heildarmynd á gestalista hátíðarinnar. Vitað er að hingað koma færeysku skáldin Bergtóra Hanusardóttir. Hún er virkur meðlimur í Kvenfélaginu í Þórshöfn og hefur skrifað fjölda smásagna. Meðal bóka hennar eru skáldsögurnar Skert flog (1990) og Burtur (2006). Hinn færeyski höfundurinn sem kemur í heimsókn er Jóanes Nielsen, en skáldsaga hans, Myndasafnararnir (Bílætasamlararnir), er meðal vinsælustu skáldverka sem komið hafa út í Færeyjum síðustu árin.

Hingað hafa að jafnaði komið tuttugu til tuttugu og fimm erlendir gestir og hafa yfirleitt verið í þeirra hópi höfundar sem eru að senda frá sér verk í íslenskum þýðingum.

Bókmenntahátíðin í Reykjavík verður haldin nú í september, í níunda sinn. Fyrsta hátíðin var haldin í september 1985 og hefur allar götur síðan verið mikilvægur




Nóbelsverðlaunahafinn og sagnskáldið J.M. Coetzee var meðal gesta Bókmenntahátíðar en von er á stórmennum hingað á bókmenntahátíðir í ágúst og september.

gluggi út í hinn stóra heim skáldskaparins.

Bókmenntahátíðin í Reykjavík 2009 verður í sambandi við kanadíska Griffin-ljóðlistarverðlaunin, en einn dagur í dagskrá hátíðarinnar verður tileinkaður ljóðalestri og umfjöllun um ljóðlist. Verðlaunin hafa verið veitt árlega frá árinu 2000. Að þessu sinni eru sjö ljóðabækur tilnefndar til verðlaunanna í tveimur flokkum. Lista yfir tilnefningar ársins má sjá hér, en sigurvegararnir verða tilkynntir 2. júní.

Bókmenntahátíðin hefur alltaf verið í nánu samstarfi við Norræna húsið. Formaður stjórnar hennar er nú Sigurður G. Valgeirsson en framkvæmdastjórnar verða þau Kristín Ingvarsdóttir og Hjalti Snær Ægisson. Helstu styrktaraðilar hennar eru menntamálaráðuneyti og Reykjavíkurborg.



Arnaldur Indriðason kemst ekki á lista yfir fjörutíu mest seldu skáldsagnahöfundana í Evrópu á nýliðnu tólf mánaða tímabili.

Reiðnámskeið í Hestheimum fyrir 8-12 ára krakka í júní og ágúst 2009!



Hestheimar, Ásahreppi (við Hellu) eru í aðeins 50 mínútna keyrslu frá Reykjavík. Frábær aðstaða fyrir hesta og menn í sveitasælunni.

- **Vikunámskeið: 22. – 26. júní og 17. – 21. ágúst 2009**
- **Innifalið: hestar, reiðkennsla, gisting, fæði, afþreying, o.fl.**
- **Verð kr. 50.000,- fyrir hvern nemanda (sama verð og í fyrri)**
- **Reiðkennsla, reiðtúrar, sundferðir, ratleikir, blak, fótbolti og kvöldvökur!**
- **Aðeins 20 nemendur komast að í einu!**

Tekið er við skráningu og nánari upplýsingar fúslega veittar í: **487-6666** og **hestheimar@hestheimar.is**

Bestu kveður úr sveitinni!

Lea Helga og Marteinn

METSÖLUBÆKUR Í EVRÓPU

Þýskir greiningarsérfræðingar hafa sent frá sér lista um mest seldu skáldrit í álfunni frá apríl í fyrra til mars í ár. Listinn er unninn eftir gögnum um bóksölu í Frakklandi, Þýskalandi, Hollandi, Svíþjóð, á Spáni, Ítalíu og Bretlandi. Á óvart kemur sterk staða sænskra glæpasagnahöfunda á evrópskum bókamarkaði.

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON MENNING

Greining þeirra Mihú Kovac og Rudigers Wischenbart hefur birst víða í evrópskum fjölmiðlum. Hún tekur til magns og skiptir sér lítið af gæðum enda ljúga tölurnar ekki um áhuga lesenda í stærstu löndum álfunnar og táknið eftir að listinn yfir tíu mest seldu bækur á svæðinu ber þess merki að útgefendur hér á landi fylgjast vel með: helmingur bóka á topp-tíu listanum er kominn út á íslensku. Þau skötu hjú vekja sérstaka athygli á því að höfundar sem skrifa á enska tungu eru ekki alls ráðandi á listanum. Í fjörutíu efstu sætunum eru aðeins þrettán höfundar sem skrifa á ensku, átta á sænsku, sex á frönsku, Niðurlendingar og Þjóðverjar eiga fjögur verk hvor þjóð, Ítalir þrjú verk, Spánverjar tvö og Portúgalar eitt, sem er reyndar upprunnið í Brasilíu.

Það kemur ekki á óvart að í efsta sæti listans er Stieg Larson með Árpúsunda-þríleik sinn, Stephenie Meyer fylgir fast á eftir. Khaled Hosseini er í þriðja sæti en fast á eftir honum er Roberto Saviano með Gómorru sína; um stöðu mafíunnar á Ítalíu. Krimmahöfundar eru raunar áberandi á listanum og það sem mesta athygli hefur vakið víða í erlendri pressu er sú firnasterka staða sem sænskir rithöfundar hafa um þessar mundir

á evrópskum markaði: í för með Larson eru Henning Mankell í tólfta sæti listans með útgáfu á Kínverjanum í fjórum löndum, gríðarleg sala á tveimur bókum Lizu Marklund í Svíþjóð einni tryggir henni 14. sætið. Vísast staðu bæði hún og Larson hærra ef tekið væri með í reikninginn hvernig þau hafa selt í Danmörku og Noregi. Neðar á listanum eru þeir Jens Lapidus, Jan Guillou og Ása Larson.

Greining Kovac og Wischenbarts leiðir í ljós að bókamarkaður Evrópu er fjarri því að vera einleitur. Jafnt flæði er milli þjóðtunga og sömu ritin njóta velgægni víða um álfuna. Sterkustu ritin á hverjum markaði eru samt eftir heimamenn, sömu sögu er að segja í útgáfu, dreifingu og lestri bóka eins og sýnir sig í dreifingu kvikmynda og tónlistar, heimamenn hafa bestu tókin á heimamarkaði.

Enginn íslenskur höfundur kemst á blað hjá greiningardeildinni. Eini maðurinn sem á einhverja möguleika að rata inn á lista sem þennan er Arnaldur Indriðason. Hann hefur víða komið út og hljóta útgefendur að skoða vandlega hvort ekki beri að stefna á sérstakt átak í að styrkja stöðu hans á evrópskum markaði. Tækifærið er að opnast þegar nær dregur heiðursæti Íslands á bókamessunni í Frankfurt.


Mest seldu skáldsagnahöfundar Evrópu

1. **Stieg Larson:** Millennium-bálgurinn
2. **Stephenie Meyer:** Fjórir titlar, auk Host
3. **Khaled Hosseini:** Tveir titlar
4. **Roberto Saviano:** Gomorra
5. **Carlos Ruiz Zafón:** El Juego del Angel
6. **Ken Follett:** World Without End
7. **Muriel Barbery:** L'Élegance du herisson
8. **John Boyne:** Drengurinn í röndóttu fötunum
9. **Cecelia Ahern:** The Gift
10. **Elizabeth Gilbert:** Eat, Pray, Love



list&ást&list

21. maí - 24. maí 2009
Norraena húsið



Opnunarhátíð og ljóðasirkus Nýhils 21. maí kl 15:00

Steingrímur Eyfjörð, Ólöf Arnalds, Ásdis Sif Gunnarsdóttir, Björk Viggósdóttir, Magnús Jónsson, Andrea Hörður Harðarsson, Einar Már Guðmundsson, Hulda Hákon, Egill Sæbjörnsson, Sara Riel

Lau Strandby Nielsen, Jakob Riis,
Mette Stig Nielsen, Katerina Mistal,
Johanna Gustafsson Fürst,
Petri Ala-Maunus

Anna Helga Henning, Bård Ask,
Hess Is More, Tuomo Haapala,
Jógvan Sverrason Biskopstø,
Vebjörg Hagene Thoe

Gestgjafar:
Benedikt Erlingsson &
Charlotte Bøving,
Sýningarstjóri: Poul R. Weile



REYKJAVÍKURAKADEMÍAN

BRANDTS



ODENSE KOMMUNE



Stjórnir af Reykjavíkurborg



norden



NORRÆNA HÚSIÐ



Í Óðamansgarði. Mynd frá frumflutningi verksins í færeyska Þjóðleikhúsinu: Jamie Boylan and Kajsa Wadhia og bak við þau Eyjólfur Eyjólfsson sem syngur líka í uppfærslunni hér.



Sigurður Sævarsson við æfingar á nýrri óperu sinni.

Þrjár óperur Á fáum dögum

Það rekur vel á fjörur óperuunnenda þessa dagana: á landinu verða þrjár gerólíkar óperur fluttar á næstunni, tvær á Listahátíð í Reykjavík og sú þriðja hjá eldhugunum í Skagafirði. Fyrsta ber að nefna óperuna í Óðamansgarði frá Færeyjum, nýja íslenska óperu, Hel, sem flutt verður í Íslensku óperunni og loks Rigoletto sem flutt verður í Skagafirðinum.

MENNING PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Hel, ópera byggð á tilraunatextum Sigurðar Nordal frá 1919 hefur verið nokkuð lengi í undirbúningi og vinnslu. Sigurður samdi textann Hel, sem myndaði síðar helming verksins Fornar ástir, kornungur. Sagan er tákleg og hentar að mörgu leyti í operatískt verk. Það voru þeir félagar Sigurður Sævarsson tónskáld, Ingólfur Níels Árnason leikstjóri, Siguringi Sigurjónsson, rithöfundur og framleiðandi, og Sigurður Eyberg Jóhannesson, leikari og leiklistarfrömuður, sem stóðu

fyrir samningu verksins og nú að flutningi þess. Leiðir þeirra lágu saman í Óperudeiglunni, vinnubúðum fyrir áhugamenn um óperusmíðar sem Íslenska óperan stóð fyrir: „Þeir Ingólfur og Siguringi voru búnir að finna þennan texta sem ég þekkti ekki,“ segir Sigurður Sævarsson, tónskáldið í hópnum. Hann hafði reynt af smíði á óperuverki þó hann kalli Zetu – ástarsögu sem flutt var í Skipasmíðastöðinni í Keflavík 2000 nú byrjendaverk. Kafli úr óperunni þeirra, Hel, var svo fluttur á ársfundi óperustjóra frá Norðurlöndum og Eystrasalts-

löndunum sem hér var í fyrri og líka á Ljósanótt.

En nú er komið að því að verkið fái fulla athygli og komi allt á svið. Hvers má vænta: „Tónmál verksins er aðgengilegt og ég lít á tónlistina sem sviðsmynd fyrir orðin. Raddsviðið er valið til að orðin komist til skila,“ segir Sigurður. Honum gafst tækifæri til að fullvinna verkið þegar starfslaun listamanna gáfust, en hann starfar sem skólustjóri Nýja tónlistarskólans.

Verkið er skrifað fyrir þrjá einsöngvara, tólf radda kór og þrettán hljóðfæraleikara. Það er Caput

sem kemur að flutningnum en Sigurður hefur áður unnið með þeim. Helstu viðfangsefni hans síðustu árin hafa verið óperur og kórverk, en nýjasta verk Sigurðar er Hallgrímsspásía Verkið er samið fyrir kór, hljómsveit og einsöngvara og textinn er unninn upp úr Passíu-sálmum Hallgríms Péturssonar. Schola cantorum og Caput, undir stjórn Harðar Áskelssonar, fluttu verkið, þá í annað sinn, síðastliðna páska.

Einsöngvarar í Hel verða Ágúst Ólafsson, barítón, í hlutverki Álfs, Jóhann Smári Sævarsson, bassi, í hlutverki Skugga og Hulda Björk Garðarsdóttir, sópran, í hlutverki Unu. Leikstjóri er Ingólfur Níels Árnason. Óperan er sett upp í samstarfi sviðslistahópsins Hr. Níelsar, Caput-hópsins, Íslensku óperunnar og Listahátíðar í Reykjavík. Textinn í verkinu er saminn af leikhópnum sem setur hana upp, Hr. Níelsi. Sýningar verða aðeins tvær: 23. og 24. maí kl. 20.

Galinn maður í garði

Hinn 21. maí hefjast sýningar á vegum Listahátíðar og Þjóðleikhússins þar í samstarfi við Tjóðpallinn í Þórshöfn á Í Óðamansgarði, fyrstu færeysku óperunni. Hún var frumsýnd í Þórshöfn haustið 2006 og verður sett upp í nýrri sviðsetningu á Listahátíð í Reykjavík í samvinnu Þjóðleikhússins og Tjóðpallsins í Færeyjum.

Verkið er eftir hið þekktu, færeyska tónskáld Sunleif Rasmussen, en hann hlaut Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs árið 2002. Óperan byggist á samnefndri smásögu Williams Heinesen úr safninu Fjandinn hleypur í Gamaliel, sem Þorgeir Þorgeirson þýddi, og er íslenskt heiti sögunnar Garðurinn brjálaðingsins.

Hugmyndin að óperunni kviknaði árið 2001 þegar meðlimir tónlistarhópsins Aldubáran skoruðu á Sunleif Rasmussen að skrifa óperu. Hann tók áskoruninni og fékk Dáníal Hoydal til þess að skrifa líbrettó. Ljóð- og myndræn saga Heinesen reyndist tilvalið efni í óperu. Sagan á sér hvorki tíma né rúm, heldur hverfist um brjálaðinginn ógurlega sem er einbúi. Helstu sögupersónurnar eru Marselíus og Stella; þar á unglingsaldri sem veltir því stöðugt fyrir sér hver sé saga brjálaðingsins. Þýr hann yfir yfirnáttúrulegum mætti? Er hann yfirleitt til?

Íslenskir og færeyskir listamenn sameinast í sýningunni. Tveir færeyskir leikarar flytja texta sem birtur verður á íslensku á skjá. Einnig koma tveir íslenskir dansarar fram í sýningunni. Söngvararnir

eru þrír, allir íslenskir. Til gamans má geta þess að leikmynda-hönnuður sýningarinnar er Elísa Heinesen, barnabarn Williams Heinesen.

Tónlistarhópurinn Aldubáran er skipaður færeyskum og íslenskum tónlistarmönnum. Leikstjóri er Ría Tórgarð, hljómsveitarstjóri Bernharður Wilkinson. Danshöfundur er Lára Stefánsdóttir, en söngvarar þau Eyjólfur Eyjólfsson, tenór, Þóra Einarsdóttir, sópran, og Bjarni Thor Kristinsson, bassi. Dansarar eru Frank Fannar Pedersen og Unnur Elísabet Gunnarsdóttir.

Sýningar á Listahátíð verða 22. og 23. maí og hefjast kl. 20.

Trúðurinn og dauðinn

Fyrsta óperan sem frumsýnd verður hér um næstu helgi er Rigoletto, þekkt verk þótt hún hafi aðeins verið flutt hér í tvígang, fyrst á vegum Þjóðleikhússins 1951 og síðar á vegum Íslensku óperunnar 1990. Það er Ópera Skagafjarðar sem setur verkið á svið og verður frumsýning í Miðgarði fimmtudagskvöldið í næstu viku. Ópera Skagafjarðar var stofnuð af Alexöndru Chernyshovu og Jóni Hilmarsyni í desember 2006 í þeim tilgangi að setja upp óperur í Skagafirði. Markmið Óperu Skagafjarðar er að styrkja enn frekar sterkt tónlistarlíf í Skagafirði með uppsetningu á óperu. Stefnt er að því að gera þetta að árlegum viðburði, þ.e. að setja upp eitt til tvö óperuverk á ári, þrjár til fjórar sýningar hverju sinni.

Um er að ræða viðamiklar uppsetningar þar sem að koma 30-35 manna óperukór, 6-10 einsöngvarar, 14-18 hljóðfæraleikarar, þrjár stjórnendur – í fyrsta lagi stjórnandi hljómsveitar, öðru lagi stjórnandi óperukórsins og þriðja lagi leikstjóri verksins, 8-10 manns koma síðan að verkefninu með einum eða öðrum hætti í undirbúningi og framkvæmd verksins. Samtals koma því að verkefninu um 60-70 manns. Langflestir sem að verkinu koma, koma frá Skagafirði og nágrenni.

Guðrún Ásmundsdóttir leikstjóri sviðsetningunni, en tónlistarstjóri er Pamela di Sensi. Undirleik annast Aladar Rác. Með helstu hlutverk í sýningunni fara Þórhallur Bjarnason sem syngur trúðinn Rigoletto, Sigurður Þengilsson sem syngur hertogann, Alexandra Chernyshova sem fer með hlutverk Gildu, og Stefán Arngímsson sem syngur bassann og illmennið Sparafugile. Sjö önnur nafnkennð hlutverk eru í verkinu en að auki kemur fram kór Óperu Skagafjarðar.





HÚSGÖGN Á FACEBOOK Við Facebook hefur bæst skemmtileg síða. Vinirnir Jökull Jóhannsson og Sævar Eyjólfsson halda úti síðu þar sem uppgerð húsgögn og munir eru til sölu. **SÍÐA 4**



MEÐ HORN OG HJÓL Rúdolf er sérstök blaðakarfa úr smiðju vörhönnuðarins Önnu Þórunnar Hauksdóttur. Fyrirmyndin er íslenskt trog. **SÍÐA 2**

heimili & hönnun

FRÉTTABLAÐIÐ LAUGARDAGUR 16. MAÍ 2009



ÍSLENSKT Í ÖNDVEGI

Sýning á íslenskri hönnun stendur yfir í Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum. **BLS. 2**



Norskir hitakútar

10 ára ábyrgð

- Úr ryðfríu stáli
- Fyrir sumarhús og heimili
- Yfir 30 ára reynsla hérlendis



Olíufylltir rafmagnsofnar Allt til rafhitunar

Brenna ekki rykagnir. Auðveld uppsetning á vegg.
250 - 400 - 750 - 800 - 1000 - 1600 - 2000 wött.



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is



● **SÍMI EÐA LJÓS** Hönnunarfyrirtækið Jericho Hands þykir eitt það skemmtilegasta á sviði ljóshönnunar í Bretlandi, eins og sést kannski ágætlega af þessum skífusíma sem hefur öðlast nýtt hlutverk eftir yfirhalingu starfsmannanna. Sjá www.jericho-hands.com.

Rúdolf færir bros á vör

Rúdolf kallast sniðug blaðakarfa á hjólum og kemur úr smíðju vöruhönnuðarins Önnu Þórunnar Hauksdóttur.

Hugmyndin að Rúdolf kviknaði hjá Önnu Þórunni þegar hún var við nám í lönskólanum í Hafnarfirði en hún útskrifaðist þaðan af listnámsbraut vorið 2004.

„Ég hafði setið fyrirlestur um Philip Starck meðan á náminu stóð, en mörg verka hans einkenast af miklum húmor. Þá kom einhver þúki í mig og ég sá fyrir mér að búa til blaðagrind á hjólum sem væri eins konar heimilisdyr sem fylgdi manni um íbúðina,“ segir Anna Þórunn glettin en hugmyndina að formi blaðakörfunnar fékk hún af íslensku trogi.

Haustið eftir útskrift skráði Anna Þórunn sig í vöruhönnun við Listaháskóla Íslands en þaðan útskrifaðist hún árið 2007. Síðan hefur hún starfað sem sjálfstæður vöruhönnuður auk þess sem hún hefur unnið verkefni í samvinnu við aðra hönnuði.

Frumútgáfan af Rúdfolfi varð til í lönskólanum og lét Anna Þórunn framleiða nokkur stykki af blaðakörfunni hér á landi sem flest hafa selst.

Hún stefnir nú á að framleiða fleiri eintök. „Rúdfolf var til sölu í Saltfélaginu en nú er hægt að panta hann í gegnum vefsíðuna mína www.annathorunn.is,“ segir hún og tekur fram að hvert eintak sé númerað og engin tvö bönd séu eins, en Rúdfolf er hægt að teyma á eftir sér.


Anna Þórunn tók þátt í HönnunarMarsí á dögunum og var ánægð með það framtak hjá Hönnunarmiðstöð Íslands. Hún á einnig góðar minningar frá þeim tíma. „Þá kom til mín útlendingur og sagði að hann yrði að eignast Rúdfolf, því hann fengi sig til að brosa. Það fannst mér gaman að heyra.“



Anna Þórunn með heimilisvininn góða. Rúdfolf má einnig fá í hvítu og glæru. FRETTABLAÐIÐ/STEFÁN



Hlý gjöf Dún og Fiður



DÚN & FIÐUR
Laugavegi 87 • sími: 511-2004





Íslenskt í brennidepli á Kjarvalsstöðum

● Sýning á íslenski hönnun stendur yfir í Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum. Hún er unnin í samstarfi við Hönnunarmiðstöð Íslands og er á dagskrá Listahátíðar í Reykjavík.

1. Hof á Höfðaströnd í Skagafirði er hannað af Studio Granda sem stofnað var af Margréti Harðardóttur og Steve Christer árið 1987. Húsið hefur hlotið athygli víða og var í ár tilnefnt til hinna virtu Mies van der Rohe-verðlauna. Staðsetning þess og efnisval er úthugað til að byggingin falli að umhverfinu í kring.

2. Skrauti er kertastjaki eftir vöruhönnuðinn Stefán Pétur Sólveigarson og er hann hluti af tvíeykinu Skrauta og Fjanda, sem urðu til þegar hönnuðurinn fann eitt sinn engan kertastjaka sem honum líkaði. Þeir eru skornir með leisergeisla og rafhúðaóir á Íslandi og til í takmörkuðu upplagi.

3. Nafn ruggustólsins Rocky Tre er sambland úr ensku og dönsku en hönnuðurinn Dögg Guðmundsdóttir býr og starfar í Danmörku. Formið er undir áhrifum frá lampahönnun Daggar þar sem þríhyrningsform kemur fram. Hugmyndin vaknaði þegar Dögg var barnshafandi og vantaði góðan stól fyrir brjóstgjöf. Efniviður og útlit eru undir áhrifum frá Alvar Aalto en Dögg var



4 með vísun í hann sem ekki varð úr. Aalto gerði marga viðarstóla en aldrei ruggustól og átti að bæta um betur.



4. Flugá er hönnuð af Tinnu Gunnarsdóttur 2006 og er garðhúsgagnasería sem samanstendur af fimm hlutum, kollum eða borðum. Í borðinu er leikið með þá hugmynd að stór býfluga hafi lent á borðinu og að hún endurspegli himininn. Önnur lendir á borðfætinum og endurspeglar jörðina.

Kreppuráð fyrir kaffihúsaeigendur

Smávægileg breyting getur gert gæfumuninn,“ segir Katrín Guðmundsdóttir innanhússarkitekt, sem hvetur veitinga- og kaffihúsaeigendur til að vera opna fyrir því að breyta og betrumbæta staðina sína fyrir sumarið.

„Allt snýst þetta um að skapa aðráttarafi,“ útskýrir hún. „Lausnin er ekki alltaf fólgin í því að moka öllu út. Í mörgum tilfellum nægir að mála í nýjum og fallegum litum, yfirdekkja stóla og færa til húsögn. Einn hlutur eða veggur í nýjum lit getur gert það að verkum að allt lifnar við.“

Katrín sem starfaði um tíma í Hollandi segir að hollenskir veitinga- og kaffihúsaeigendur séu afskaplega sniðugir í að endurnýta hluti; þar hafi hún séð rótgrónustu staði ganga í endurnýjun lífdaganna án þess að öllu væri þar umbylt.



Katrín innanhússarkitekt í góðri stemningu á veitinga- og kaffihúsinu Gló. Um Katrínu má lesa á www.katrindesign.com.



● **Forsíðumynd:** Stefán Karlsson tók mynd í Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum. **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlöð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórn:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is **Auglýsingar:** Hlynur Þór Steingrímsson s. 512 5439 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is

HUNDAHÓTELID Á LEIRUM heldur opið hús í dag frá 13 til 18. Hundar og menn fá nammi frá SS og börnin fá Svala. Þetta er tilvalið tækifæri fyrir þá sem vantar umönnun fyrir hundinn sinn í sumarfríinu að koma og skoða aðstöðuna og spjalla við starfsfólkið.



ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

weber
- upplagt á svalirnar

weber - mikið úrval af aukahlutum

Weber Q ferðagrillin komin.

Söluaðilar: Járn og gler - Garðheimar - Húsasmíðjan www.weber.is



John leikur töfralistir í verslun sinni Börn náttúrunnar á Skólavörðustíg. Hann tekur að sér að skemmta við hin ýmsu tækifæri.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

LAGERSALA Lín Design

Úrval rúmteppa, púða, dúka, rúmfatnaðar ásamt ýmsu öðru. Sýniseintök og umbúðalausar vörur með allt að **80%** afslætti.

LAGERSALAN er á Malarhöfða 8, (í brekkunni fyrir aftan Ingvar Helgason) Opið laugardag & sunnudag 10 - 16.

Lín DESIGN www.lindesign.is/lagersala

Töfrandi helgarplön

Töfraleikföng sem John Thomasson keypti inn fyrir verslunina Börn náttúrunnar urðu til þess að hann fór að stunda töfrabrogð að atvinnu. Helgi Johns er þaulskipulögð og á afmæli dótturinnar stóran hlut að máli.

John Thomasson og fjölskylda hans eru mikið afmælisfólk og halda fast í afmælishefðir. Því er ekki að furða að átta ára afmæli miðdótturinnar í dag, hennar Köru Línar, setji mark sitt á helgarplönnin. „Barnaafmælið ætlum við að halda á mánudaginn en að morgni afmælisdagsins höfum við sérstakan hátt á,“ segir John en þá vakna John, kona hans og hinar dæturnar tvær á undan afmælisbarninu til að blása í blöðrur og búa til göngubraut úr silkislaðum frá rúmi stúlkunnar að eldhúsbörðinu þar sem þau skreyta stól eins og hásaeti og útbúa morgunverðarkræsingar.

„Eftir afmælistorgunverðinn höldum við fjölskyldan af stað í Lækjarbotna þar sem er vinnuhelgi í skólanum hjá krökkunum,“ segir John en þar koma allir foreldrar saman til að þrifa, mála og dytta að því sem þarf. „Ég á að sjá um þrifin og konan mín verður að smíða,“ segir hann og hlær dátt. „Í kvöld ætlum við svo að fara út að borða og þar sem Kara Lind

á afmæli og fær að ráða förum við á sushi-stað,“ segir John en dætrum hans þykir sushi hið mesta ljúfmeti. „Ætli við förum ekki á Osushi í Lækjargötu því stelpunum þykir spennandi að sjá bitana koma á færibaldi,“ segir John, sem ætlar að ljúka deginum með því að hitta félagar sinn í töfrabrogðum. John er sjálfur fær í töfrabrogðum enda nýkominn heim af átta daga töfranámskeiði í Las Vegas. „Við ætlum að fara niður í bæ og gera töfrabrogð fyrir gangandi vegfarendur,“ segir hann og upplýsir að þeir félagar geri slíkt einu sinni í mánuði til að æfa sig á ókunnugum.

Á sunnudag heldur vinnuhelgin að Lækjarbotnum áfram en seinni partinn er svo lokatónninn sleginn í helgina þegar stórfjölskyldan mætir til veislu. Blaðamaður minnst á að ekki sé amalett að vera barn á þessu heimili þar sem afmæli kalli á margra daga veisluhöld. „Við eigum náttúrlega dótubúð þannig að við erum hálfgerð börn sjálf,“ svarar John glaðlega en hann og Sigrún

kona hans eiga og reka búðina Börn náttúrunnar á Skólavörðustíg. John segir reksturinn hafa gengið erfiðlega eftir efnahagsþrengingarnar og hafi þau neyðst til að stytta afgreiðslutímann til að skera niður launakostnað. Verslunin er því aðeins opin á fimmtudögum, föstudögum og laugardögum um þessar mundir.

John þakkar Börnum náttúrunnar töfraá hugann en hann varð til samhliða því að verslunin var stofnuð fyrir fjórum árum. „Okkur vantaði leikföng fyrir eldri börn og pöntuðum því töfradót. Um leið og ég opnaði fyrsta kassann heyrði ég englahljóð og tíminn stóð kyrr,“ segir John dreyminn en síðan þá hefur hann eytt allt upp í tíu tímum á dag í að læra og kynna sér hin ýmsu töfrabrogð. „Ég reyni að vera bæði með atriði fyrir börn og fulloröna enda er oft skemmtilegra að plata fulloröna fólkið,“ segir John og hlær en hann tekur að sér að skemmta í barnaafmælum sem og þritugsafmælum og öllu þar á milli.

solveig@frettabladid.is

Tilboð! Kínverskt heilsute ásamt hágæða handgerðu tesetti

Gamalt verð -30% afsláttur

Margskonar te við:

- orkuleysi
- svefnleysi
- hægðartregðu
- grenningu
- minkun kolesterols
- o.fl. o.fl.

Frí heilsuráðgjöf innifalin

Gallery Kína

Opið mánudaga - föstudaga 10-18 laugardaga og sunnudaga 10-16 Skeifunni 3j · Sími 553-8282

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



Prímadonnur syngja í Reykjanesbæ

Prímadonnur í galakjólum syngja ariur í Reykjanesbæ.

Fjórar af fremstu sópransöngkonum landsins, þær Auður Gunnarsdóttir, Elín Ósk Óskarsdóttir, Hulda Björk Garðarsdóttir og Þóra Einarisdóttir munu koma fram á tónleikum í Kirkjulundi í Keflavík á sunndag en þeim til halds og trausts verður Antonía Hevesi, fastráðinn píanóleikari Íslensku óperunnar.

Söngkonurnar hafa allar gert garðinn frægan bæði hér heima og erlendis og telst það nokkuð afrek að ná þeim öllum saman. Þær hafa

þó áður komið fram á tvennum tónleikum í Íslensku óperunni við góðan orðstír.

Efnisskráin er ekki af verri endanum en þar má finna margar af helstu perlum óperubókmenntanna. Má þar nefna ariur, dúetta og samsöngsatriði, eftir Bellini, Mozart, Verdi, Wagner, Puccini, Rossini og fleiri. Galakjólur og -greiðslur munu gleðja augu áhorfenda og eru þeir hvattir til að gera sér dagamun, klæða sig upp á og gleðjast.

Sala aðgöngumiða á tónleikana, sem hefjast klukkan 20, fer fram í Listasafni Reykjanesbæjar í Duus-húsum.



Prímadonnurnar Auður Gunnarsdóttir, Elín Ósk Óskarsdóttir, Hulda Björk Garðarsdóttir og Þóra Einarisdóttir ásamt píanóleikaranum Antoníu Hevesi.



Sunna Dís Másdóttir við eitt ástarbréffanna sem til sýnis eru á Laugaveginum um helgina.

FRÉTTABLAÐID/VALLI

Ástarbréfin í gluggunum

Það er vel þess virði að fá sér gönguferð niður Laugaveg um helgina og leita ástarinnar í verslunargluggum. Sunna Dís Másdóttir hefur safnað ástarbréfum landsmanna sem nú eru til sýnis í miðbænum.

„Ég er búin að vera brosaði frá því við byrjuðum söfnunina í byrjun mars,“ segir Sunna Dís Másdóttir sem hefur haft það ljúfa verkefni undanfarna mánuði að lesa annarra manna ástarbréf. Sunna Dís er meistaranemi í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands en verkefnið Ástarbréf óskast! vinnur hún í samstarfi við Landsbókasafn Íslands – háskólabókasafn.

Ástarbréf eru að mati Sunnu vanmetið rannsóknarefni, enda séu varla nokkur skrif jafn einlæg og ástríðufull og þau.

Um helgina verður fjöldi ástarbréfa og ástarjátninga sem borist hafa til sýnis í hinum ýmsu verslunargluggum á Laugaveginum.

Bréfin eru allt frá hefðbundnum handskrifuðum ástarbréfum til nútímalegri ástarjátninga á borð við smáskilaboð, tölvupóst og Facebook-skilaboð.

Flest bréffanna á sýningunni eru nafnlaus en ein undantekning er á því. Þar er að finna bréf ritað af ljóðskáldinu Steini Steinarr árið 1931 þar sem hann játar Þórhildi Hafliðadóttur ást sína.

Sunna Dís getur brosað enn um sinn, þar sem söfnunin heldur áfram út ágúst, þótt sýningunni ljúki á sunnudagskvöld. Hún óskar eftir gömlum og nýjum ástarbréfum, hvort sem þau eru frumrit, ljósrit eða útprent af tölvupósti. Sunna segist hafa orðið vör við að margir eigi erfitt með að ákveða

hvort þeir eigi að senda frá sér bréf eða ekki. „Mér finnst ekkert sjálfgefið að fólk vilji sýna ástarbréfin sín. En þau verða geymd á öruggum stað í Handritadeild Landsbókasafnsins, fyrir komandi kynslóðir. Hægt verður að takmarka aðganginn að þeim til tuttugu ára, sem mörgum líst vel á, enda margar ástarsögur til, sem kannski er ekki tímabært að segja frá enn þá.“

Nú er því kjörið tækifæri fyrir alla, bæði gamla og unga, til að kafa ofan í löngu læstar kistur, skrolla nokkur ár aftur í tölvupóstinum sínum eða lesa gömul smáskilaboð og gefa minningum um ástareld lausan tauminn.

holmfridur@frettabladid.is

GLÓFAXI HF.
Armúla 42 - Sími 581 2900
glofaxi@simnet.is

Bílskúrs-, útidyra- og iðnaðarhurðir

- Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

KOLAPORTIÐ

Kolaportið er OPIÐ laugardaga og sunnudaga frá kl. 11⁰⁰-17⁰⁰

Tryggvagötu 19 • 101 Reykjavík
Sími 562 5030 • www.kolaportid.is

Hringdu í síma **512 5060** ef blaðið berst ekki

Fjölþjóðleg ganga og bambusdans

Fjölbreytt dagskrá er í boði á fjölmeningardaginn í Reykjavík í dag.

Fjölmeningardagurinn í Reykjavík verður haldinn í fyrsta sinn í dag en markmið dagsins er að fagna fjölbreytileikanum sem borgarsamfélagið býður upp á. Dagskráin hefst klukkan 13 með fjölþjóðlegri göngu sem fer af stað frá Hallgrímskirkju. Fjölþjóðdaganginn er samstarfsverkefni Heimsgöngunnar og ýmissa samtaka innflytjenda á Íslandi. Markmið Heimsgöngunnar, sem fer fram síðar á þessu ári, er að stuðla að friði í heiminum og tilveru án ofbeldis. Yfirskrift fjölþjóðgöngunnar að þessu sinni er friður og eining. Lúðrasveitin Svanur frumflytur Heimsgöngumars eftir Ómar Ragn-

arsson við upphaf göngunnar og spilar hann aftur þegar göngunni lýkur við Ráðhús Reykjavíkur.

Í Ráðhúsinu og Iðnó verður fjölbreytt skemmtidagskrá frá 14 til 17 og eru allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir. Þar kennir ýmissa grasa, meðal annars bambusdans, dans snæljónsins frá Tíbet, japönsk teathöfn og söngur frá Kenú, Srí Lanka, Írak, Búlgaríu og Indlandi.

Fjölmeningardagurinn er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, Alþjóðahúss og Heimsgönguþópsins og er stefnt að því að gera hann að árlegum viðburði í borginni.

Ómar Ragnarsson hefur samið Heimsgöngumars sem verður fluttur af lúðrasveit við upphaf og endi fjölþjóðgöngunnar.



Á ylströndinni hafa gestir notið margra góðviðrisstunda síðustu sumur.

FRÉTTABLAÐID/GVA

Ylströndin opnuð

Þegar ylströndin í Nauthólsvíkinni er opnuð þá er sumarið komið! Það virðist að minnsta kosti þannig nú. Ströndin er opin alla daga milli 11 og 19 og þar eru búningaklefar sturtur og heitir pottar.

Fólk getur fengið sandleikföng og afnot af gasgrilli án endurgjalds í Nauthólsvíkinni. Einnig er kaffi og gos til sölu í sjoppunni, pylsur til að grilla og ýmislegt annað góðgæti.

- gun

BÍLAR & FARATÆKI



Óskum eftir eftirfarandi bílum til kaups:
Toyota Hilux, Toyota Hiace, Mmc L-200 árgerðir frá 1986-1997 meiga vera bílaðir ryðgaðir beyglaðir og ljótr upplýsingar sendar á tölvupóst arni@bilabankinn.is eða í síma 588 0700 Bilabankinn.

Óskum eftir:
Fellihýsum, hjólhýsum, tjaldvögnum og húsbílum á skrá og á staðinn ATH. INNISALUR sjá söluskrá okkar www.bilabankinn.is S.588 0700.

Bilabankinn Breiðhöfða, 112 Reykjavík Sími: 588 0700 Ópið 12-16 laugardaga www.bilabankinn.is



Vantar á söluskrá og á staðinn.

Húsbíla-hjólhýsi-fellihýsi-tjaldvagna Og vélhjól. Mikil eftirspurn. Skráð á bilas@bilas/bilas.is Bilás/Bilasal Akranes s-431-2622/bilas.is

Bilalan Bilás Akranes Smiðjuvöllum 17, 300 Akranes Sími: 431 2622 www.bilas



Erum með úrval mótörhjóla til leigu: Suzuki Vstrom 650, Kawasaki KRL 650, Kawasaki Versys 650, Yamaha XT 660, Honda Transalp 700

Mótörhjólaeigan Sími: 695 1855 www.ridingiceland.is

STÓRA BÍLASALAN



HONDA JAZZ 1,4i LS. Árg. 2006, ekin 4 þ.km, BENSIN, Sjálfskiptur. Verð 1.860.000. Áhvilandi 1.760.000 Rnr.110137. Til sölu og sýnis hjá Stóru Bílasölunni, Kletthálsi 2 s:586-1414. www.stora.is

Stóra bílasalan Kletthálsi 2, 110 Reykjavík Sími: 5861414 http://www.stora.is

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.helpus



FORD EXPEDITION XLT 4X4, árg. 2007, ek. 10þús.km, sjálfsk, cd, stígbretti, loftkæling, cruise, omfl. Mjög flottur bíll á frábæru verði, Ásett verð aðeins 4490 þús.kr.

100 bílar ehf Pverholt 6, 270 Mosfellsbær Sími: 517 9999 Ópið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16 www.100bilar.is



Subaru Impreza GX 4WD 5/2002 ek.101 þkm. Sjálfsk, 17" álf, CD. Tilboð 990.-



Hyundai Accent 8/2001 ek.129 þkm. Bsk, álf, CD. Ný tímareim og skoðaður 2010. Verð 490.- Möguleiki á 100% láni.



MMC Pajero 3.2 DID 1/2005 Ek. 75 þkm. Sjálfsk, krókur, húddhlíf. Tilboð kr. 2.690.-



Toyota Yaris 5 dyra. 6/2006 ek. 70 þkm. Bsk, CD, nýskoðaður til 2011. Tilboð kr. 1.190.-



Ford Mustang GT 10/2006 ek.34 þkm. Sjálfsk, shaker 1000, leður, álf. Umboðsbíll. Verð. 4.260.- Áhv 3.450.-

Bilasalan.is Nethyl 1, 110 Reykjavík Sími: 565-2500 www.bilasalan.is

Bílar til sölu



VW TRANSPORTER DOUBLE CAB SYNCRO árg. 8/05. Diesel 6 manna 4x4 nýsk. '10 ek. 120þ. VSK númer. Verð 1980 þús. + vsk. S. 847 6400.



Dodge grand caravan EX '03. Ek. 63þ. Loftkæling, spólvörn, fjarstýrð opnun á hliðarhurðum á skotti, aksturstövla, sumar og vetrardekk á álfelgum, dráttararbeiði ofl... Stgr. verð 1600þ. Uppl. s. 693 7314.



Isuzu NPR65PL Pallbíll Toppbíll nýsk. '10 ek. 135þ. diesel mikið endurnýjaður. V. 980þ. S. 847 6400.



Ford F150 Limited '08. Ek. 27þ. 22" felgur, 33" vetrard. Bill nr. 1397 af 5000 framleiddum. Sett 6,7 áhv. 4,7 ísl. Skoða öll skipti á ód. T.d. bát, bíl ofl. S. 897 7575.



Suzuki Swift '06 4x4. Ek. 31þ. Vel með farinn. V. 1680þ. Uppl. s. 848 3072, Jóna.



Til sölu 2 stk. Cadillac Devilla árg. '97 & '98, drappl. og hvítur, 4600cc ssk. m. öllu. Báðir eknir ca. 210þ.km. Í góðu lagi og sk. Verh.kr. 680þ. og 960þ. eða tilboð. Uppl. í s. 892 9171.



Selst hæstbjóðanda Bil
Buick wildcat 1963 Til sínis hjá krók suðurhruni 3 í garðabæ á mánudag milli 09-17 uppboð endar kl 20.09 18.05.2009 mánudagskvöld Bilaupboð.is



Cadillac Escalade árg.'07. Ekin 80 þús. Km. Með öllum aukahlutum sem Cadillac býður upp á. 2 dekkjagangar, vetrardekk á 20" felgum og sumardekk á 24" Ath skipti á ódyrára. Uppl. í síma 820 8483.



CAMARO SLP Árg'01 ek 81þkm. Nýsk,CD,rafm í öllu, góð dekk. Ásett 2.790, 350þ strg+gott ísl lán 2.015 s:8442041



Volvo V50 2.4i árg. '06, skutbill til sölu. Ek. 43þ.km. Næsta skoðun 2011. Nýkominn úr 3ja ára skoðun hjá umboði. Dráttarkrókur. Hefur staðið inni í vetur Toppeintak. Tilboðsverð: 2.9m Uppl. dimarjons@gmail.com eða í s. 895 5869.



Til Sölu Skoda RS 200 HP 2006 6 gr með öllu Skoða öll skipti og sérlega á dyrari Jeepa. 35" upplýsingar 862 8400.



BMW 525 4x4 '92. Ek. 195þ. í góðu ástandi, ný sprautaðir. V. 250þ. S: 661 4123.



BMW 316 '98. Ek. 144þ. í góðu ástandi. Ný sprautaður. V. 460þ. Uppl. s. 661 4123



Toyota Corolla árg. '01 ek. 146þ. í topplagi. Uppl. í s 898 1649.



Ford Explorer XLT árg. 2007 ek. 0 km Nýr ókeyrður bíll, skemmdist í flutningi, hægrí hlið beyglað, tilboð óskast, tjón metið á 8-900 þús. Get tekið góðan Land Cruiser 120 diesel árg. 2003-4 uppl. Nánari uppl. í s: 892-3506 Jón, bjalkar@yahoo.com



Til sölu Lincoln Navigator Ltd árg 2005, ekin 83þ, skemmdur á hlið, allir varahl fylgja, verð aðeins 1750þ, uppl í s: 892 1116



Toyota ek. 0 km, Highlander tvinnbíll Árg. 2008, Nýr bíll, gott verð, 280 hö. Eyðsla 7,5 l. Vel búinn og umhverfisvænn lúxusbíll á gamla verðinu. Get tekið góðan Land Cruiser 120 diesel árg. 2003-4 uppl. Nánari uppl. í s: 892-3506 Jón, bjalkar@yahoo.com



Mercedes Benz ML320 ek. 117þ.mílu sk.'10 í toppstandi. Verð 2.4m. SKoða sk. á ód. eða dyrari japönskum bíl. Sími 869 2511.



Til sölu Lexus SC 430, árg 2003, ekin aðeins 17þkm, glæsilegur sportbíll með felli topp. Uppl í s: 892 1116



VW Passat '97 1.6 ek. 160þ. Verð 320þ. Uppl. í s. 897 3732.



Toyota Tacoma 2008 double cab. Nýr bíll, 236 hö, 4wd, leður á sætum, sjálfsk. mjög vel búinn bíll. Verð aðeins 4,470 þús Get tekið góðan Land Cruiser 120 diesel árg. 2003-4 uppl. Langar þig í nýjan Skoda Octavia? Keyptu frekar þennan á sama verði.Nánari uppl. í s: 892-3506 Jón, bjalkar@yahoo.com



Jeep Commander árg. 2006. Ekin um 22.800 km. 6cyl. mjög vel búinn bíll. Tilboð. 3.900 þús. Get tekið góðan Land Cruiser 120 diesel árg. 2003-4 uppl. Nánari uppl. í s: 892-3506 Jón, bjalkar@yahoo.com



Tilboð 4.990.000.-
Til sölu Range Rover Sport 11/05 ek aðeins 63.þ.km einn með öllu listaverð 6.6.m fæst á 4.990.þ ekkert áhvilandi 80% lánamöguleiki upp.í 896-5290

Til sölu blár Toyota Yaris árg. '04. Gangverð 898 þús. Tilboð 740 þús. Uppl í S. 659 7392.

Kia Carnival diesel árg. '99 til sölu í varahluti. Ágæt vél nýtt hedd. S. 821 5306 & 0046 734115883.

VW Golf 1.9 TDI '01,ek.76þús,5L/100k m,1100þús,S:6988752,sjá www.ovissu-ferdir.net/golf

Daihatsu applause '97 til sölu. Tilboð óskast. Uppl. s. 861 6160.

Skoda Octavia Árg. '00. Silfur. Ek. 130þ. Álfelgur, CD. Uppl. s. 893 9777.

Til sölu Skoda Octavia árg. '99 með ónytan girrkassa. Uppl. í s. 698 2792.

VW Passat '98. Ný skoðaður. Ek. 179þ. Motor 1.6. V. 370þ. Uppl. s. 861 7642.

2 Renault Laguna St árg'99, '98 ný teknir í gegn, nýsk'10. V. 240 þ. og 170 þ. S: 866 5052.

Cadillac Escalade/Jeep SRT8
Óskast til leigu í amk nokkra mán. Uppl halldor74@hotmail.com

0-250 þús.



Tilboð.
Galloper '98, 7 manna, 2,5 diesel, ek. 200 þ. Góður bíll. Verð 290 þ. Uppl. í s. 659 3459.



TILBOÐ 225 ÞÚS!
PEUGEOT 306 1,6 SYMBIO árg'99 5 dyra,ný skoðaður 2010,eyðsla 6,9ltr/100 í blönduðum, sumar og vetrar dekk,cd,dökkar rúður,spoiler, ásett 370 þús TILBOÐ 225 ÞÚS S.841 8955



Ford Fiesta GHIA'03 ek70þ bsk, leður, rafmagn í öllu. verð 790þ, áhvilandi 640þ. uppl s.6950020



Til sölu Harley Fatboy árg 2005. Glæsilegt hjól mikið breytt uppl í s:8215335



Traktorafn til sölu
Fágaetur Massey Harris Pony ógangfær, Farmal á ógangfær, Tafe Classic "Ferguson Edition" árg 2009 sjá mynd. Selst saman í pakka. Verð 2160 m. + vsk. Vegna mikilla anna hringið aðeins fjáráráfólk í s. 697 3117 www.tafe.is



TILBOÐ 250 þús TILBOÐ
Peugeot 206 1.4 prócente 5d árg 11/99 bsk ekin 140þ skoðaður 2010 , nýtt í bremsum ofl gangverð 550þ verð nú 250þ !! uppls 894-6383



Vespa 1.árs lítið keyrð tilboð óskast ekki undir 90 þús.mótörhjólaþakki ónotaður 7 þús. S.662 5106.

Tilboð 60 þús.
Toyota Touring árg. '94, þarfnast smá lagf. Óskoðaður. Verð 60 þ. S. 891 9847.

Til sölu í húsbíla. Tr.matic 4000 miðstöð, vatnstankur m. dælu, ísskápur, klósett, vaskur m. 2 hellum, fellanlegur borðfótur m. plötu. Allt nánast nýtt og lítið notað. Uppl. í síma 849-9015 eða á pack@simmet.is

Bíll og vespa. Fiat Punto '97, 3 dyra. Sk. 10. V. 160þ. Xinling vespa '06, 90þ. Uppl. s. 898 3590.

Daewoo Nubira Station árg.2003 grænn á litinn.Ek.107þ km, Skoðaður 2010,ásett verð 600þ. TILBOÐ 295 ÞÚS. Uppl.s.616 3078.

250-499 þús.



Diesel jeppi á 390.000
Musso árg '98 2,9 diesel ekin 147 þ km sjálfskiptur 33" breyttur góð dekk krókur spoiler cb talstöð cd skoðaður 2010 glæsilegur bíll verð 550.000- fæst nú á 390.000- upplí síma 861-7600



Til sölu BMW 740,cd,árg.'92.Vel með farinn,skoðaður'08.Rafmagn í öllu. Verð:400þús. Uppl í s: 6900659



Tilboð 295 þús !
Hyundai Accent árg 2000, ek.105 þús,5 dyra, svartur, ný skoðaður 2010, eyðir litlu,ásett verð 440 þús, TILBOÐ 295 ÞÚS. s.841 8955



EYÐIR LITLU! TILBOÐ 290 ÞÚS!
RENAULT CLIO árgerð 2000 ekin 140þús,5 dyra,skoðaður 2010,eyðir litlu,ásett verð 380 þús TILBOÐ 290 ÞÚS! s.841 8955



Ford Exblorer 4.0 V6 sjálfsk. árg.'92. Ekin 108.500míl. Crus og aircond. Þessi bíll er í fullkomnu standi og riðlaus. Næsta skoðun sept.2010. Auka sett af álfelgum. Verð 390þ. Skipti á mótörhjóli,bát,snjósléða eða silku sem má þarfnast viðgerðar. Sími 863-1411 Hægt að senda tilb, á gudmundur@alkul.is

500-999 þús.



Kreppubíll. VW Polo Basicline '04. 55þ km. Yfirtaka 990þ. ca. 19þ mán. 8645622.

1-2 milljónir



SKODA OCTAVIA 1.8 TURBO 4X4 STW, árg. 2005, ek. 52 þ. km. Bensín, bs, verð 1890 þ. Skoða skipti á ódyrari. Upplýsingar í s. 895 5577.



BMW 520i, árg. 2003, ek. 110 þ. Sjálfsk, leðurseti, viðarinnr, toppl. Glæsilegt eintak. Verð 1890 þ. Sími 844-4980



Til sölu Pontiac Trans am ws6 96. ek, 60 mílur, 300hó, bsk. ekkert áhvilandi. engin skipti. ásett verð 1500 þús uppl í s: 866 7775 er í Rvk.



Suzuki swift GLX 07 Yfiirt á láni Ekinn 20þkm. Rauður 5dyra sjálfsk, sum+vetrad. Uppl. í s. 869 4498.



SKODA OCTAVIA AMBIENTE COMBI 4X4, árg. 2006, ekinn 53 þ.km. Bensínþ, Bs. Verð 2500 þ. Skoða skipti á ódyrari. Upplýsingar í s. 895 5577.



Ford EXPEDITION 8 manna Eddie Bauer 4X4 okt 2005, e.65þ. einn eigandi, Brimborgarbill. Sjálfsk. með öllu. Tilboð 3.500 þús. GSM 844-4556

Bílar óskast

Nú er tími notaðra bíla

Óskum eftir öllum tegundum bifreiða á skrá. Sölukostnaður frá aðeins 29.900.- fyrir þitt ökutæki. Kynntu þér málið á Netbilar.is Gerðu verðsamanburð. Bílasalan Netbilar.is - Hlíðasmára 2 - Sími 588-5300

Óska eftir húsbíl eða húsbílaefni. verð ca. 0 - 400 þús. Uppl. í S. 867 8964.

Óska eftir ódyrum bíl, 30-90 þús. Má þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 868 8565.

0-200 STAÐGREITT!!! Óska eftir bíl ekki eldri en '99 má þarfnast lagfæringa á 0-200þús. skoða allt s. 691 9374.

Óska eftir VW Golf, Polo, Toyota, Yaris eða 5 manna vinnubíl, Renault. 100-250þ. S. 892 6958.

Óska eftir pallbíll frá 0-700 þús. Helst með yfirtöku á láni. Uppl. í s. 847 6391.

Kaupi bíla sem þarfnast viðgerðar fyrir ca 20-100 þús. stgr. sími 896 6744.

Óska eftir bíl fyrir allt að 300þ. Tilboð sendist á netfang sisingva@simnet.is.

Óska e.áð kaupa til niðurrís gamla-Toyota sendibíla og allar teg. Peugeot. Nánari uppl. í s.661 2222.

DEFENDER 90 ÓSKAST. Uppl. í síma 698 4307.

Jeppar



Stuttur Pajero '98 til sölu. Beinsk. Ek. 183þ km. Vel við haldið og góður bíll. Verð 390 þ. stgr. Uppl. 840 5507.



Toyota Land Cruiser 120 VX Bensín. Árgerð 2/06. Ekinn 53þ km. Prófilbeisli, filmur og flöttur bíll í toppstandi. V 5.650þ Gott stgr verð. s: 690 2400



Diesel jeppi á 390.000 Musso árg '98 2,9 diesel ekinn 147 þ km sjálfskiptur 33" breyttur góð dekk krókur spoiler cb talstöð cd skoðaður 2010 glæsilegur bíll verð 550.000- fæst nú á 390.000- upplí síma 861-7600



Nissan Terrano 2.7 diesel árg 98. ek 176þkm. 7.manna. 33" dekkálfelgur sko. 2010. Fæst á 550.000stgr. s.893-5201



LANDCRUISER 120 GX SKIPTI. Árg. '03, dísel, sjálfsk, ek. 99þ. 33" dekk. Toppeintak. Bein sala eða skipti á L-90 eða ód. 822 4850.

EBERSPACHER, vatns- og hitablasarar 12 & 24volt, dísel og bensín, Viðgerðar og varahlutapjónusta. Stilling sími: 520 8000.



Til sölu í Tungudal sumarþúst. 24m2 + svefnoft. Uppl í s 893 3278 / 845 1425

Allt að hundráð þúsund evrur. Áhugasamir hafið samband: palmij@gmail.com



Ford Galaxy 500,árg.1967MG,árg.1975,hardtop,blæja(afmælistýpa)

Sendibílar

Óska eftir sendibíl td. Master, Sprinter, Vw LT í skiptum slett fyrir Skoda Fabia 04, 1,2 ek.123 þús. S. 820 3478.

Vörubílar



Til sölu vörubifreið Volvo FL 614 árg. '91 ek. 453þ. og Hanix grafa árg. '07 500 vinnustundir. Selst saman Nánari uppl. í s. 898 1649.



9 sæta Volkswagen Transporter árgerð 2005 4x4 dísel ekinn 108þkm verð 2,6 milj. O.K Varahlutir s. 696 1050, oksþares@simnet.is



Varahlutir í vörubíla, vinnuvélar, lyftara, traktora og vinnulyftur. Láttu okkur gera tilboð í varahlutina. www.vinnuveis.is Sími 892-6800

Forþjoppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eignum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

Húsbílar




Álbox fyrir ferðabíla KE Málmisnói, Axarhöfða 18. S. 587 0626 & 696 3522. www.ke.is

Fiat Ducato 290LMC Liberty 2500,árg 1993,ekinn 152.000 km. Verð 2.500.000

Til sölu Ford Econline '87 4WD ssk. Skoða skipti á dyrari húsbíl. S. 869 4152.

Mótorhjól



Yamaha Virago 535 árg 97.Ek 35000 km.Frábært byrjenda hjól.Verð 350000.6645878



Til Sölu Honda Shadow 1100 „Aero“ árg 2000 ekið 11þús mílur. Nánari Upplýsingar í síma 849 9605.



Yamaha FZ-6 árg.'06 ek.3900 km til sölu, hjól í topplagi verð 690þ stgr uppl. í s: 8681616



Til sölu H-D Heritage Softail 2006 Ekið ca:8000km. Verð 2100þ. Uppl. 695 0007.



Viltu leigja mótorhjól ? Erum með BMW GS 650 og Yamaha XT660 til leigu. Erum einnig með 50cc vespur til leigu(bilpróf dugar) www.bluemountain.is Rofabær 9,5.5787860 S:821 6386



Til sölu Honda Valkyrie Rune árg 2005, ekið 2þ km, allir aukahlutir, aðeins 1200 hjól framleiðd, aðeins ein sala. Uppl. í s. 892 1116.

Til sölu Suzuki GSXR 600 2007 svart, ek. 3700 . áhv. 820. Steinþór S.860 7902.

Honda Goldwing 1100 cc,árg.1982,Honda Magna árg. 84 og 86 Verð Tilboð

Suzuki Gsx-R600 til sölu. Árg. '07, svart, ek. 2500km, mjög fallegt hjól. V. 1.200þ. Bílálán getur fylgt. Uppl. í s. 663 4453.

Öku- og bifhjólakennsla. Kennslubifreið Mercedes Benz. Davíð S. Ólafsson. S. 893 7181.

Fjórhjól



POLARIS SPORTSMAN X2-800 FJÓRHJÓL skráð 07/09. Hjólið er götuskráð ekið 2000 km. og því fylgir kerra og 4 töskur. Verð 1.500.000 upplýsingar í síma 892 2260.



Pólaris Sportsman 800 '05. 50 ára afm.útgáfa, mikið af aukahl. E. aðeins 812km. V. 1 millj. Uppl. s. 892 5590.



POLARIS SPORTSMAN X2-800 FJÓRHJÓL skráð 07/09. Hjólið er götuskráð ekið 2000km og því fylgir kerra og 4 töskur. Verð 1.500.000 upplýsingar í síma 892 2260



Til sölu Polaris Outlaw árg 2007, eins og nýtt, mikið af aukahlutum 2 aukadekkjagangar ofl, uppl í s: 892 1116

Til sölu Polaris Outlaw árg 2007, eins og nýtt, mikið af aukahlutum 2 aukadekkjagangar ofl, uppl í s: 892 1116

Reiðhjól

Rafmagnsreiðhjól - engin tryggingariðgjöld / bensínkostnaður. www.el-bike.is

Vélsleðar

Polarys Indy Storm 800,árg.1999,Artic Cat Panther,árg.1993 Verð tilboð

Kerrur

Hjól- og bílaflutningakerra til sölu. Lengd 6,60 m. breidd og hæð 2,50 m. Verð 3,5 millj. Tilboð 2.190 þús. Ákv. 1.200 þús. Glítnir. Afb. 25 þús. Uppl. í s: 898 1598.



Innanmál: 205x116x35 cm - heildarþyngd 750 kg - burðargeta 550 kg - dekk 12" TILBOÐ: 99.000 Lyfta.is - Njarðarbraut 3 - Reykjanesbær - Sími 421 4037 - www.lyfta.is

Til sölu stór kerra 4mX185cm. Burðarg. 2,2tonn. Einnig Duomix múrdælur. S. 660 4490 & 660 4494.

Hjólhýsi



Nú fara allir í frá innanlands í sumar ! Til leigu hjólhýsi með sólarcellu og forþjöldum. Athugið sum stéttarfélag veita styrk til leigunnar t.d VR. og Kl. Pantíð tímlega fyrir ættarmótin. btnet.is/hjólhýsaieign S. 659 2452 Samsel.



Adria Adora 552UK árgerð 2007, kójuhús, 7 manna, heitt og kalt vatn, gólfhití + gasmiðstöð, stórt forþjald, lítið notað og vel með farið. Verð 2,8 millj. Uppl. í s.820 8483 .



Til sölu Hobby 720 árg 05 fer á yfirtöku á láni. Upplýsingar í síma; 8669290



„Fyrst minnst er á ferðalög þá bjuggum við eiginlega í rútu frá 1989 til 1994 því við vorum alltaf á ferðinni frá fimmtudegi til mánudags,“ segir Sigga og viðurkennir að þótt flökkulífið hafi verið skemmtilegt hafi vökur og þreyta fylgt með. „Einu sinni sátum við í Vatnsskarðinu í átta tíma í blindbyl eftir ball í Miðgarði, matar- og drykkjarlaus. Við ætluðum að spila á Broadway kvöldið eftir en vorum sótt úr Skagafirðinum og spilðum á pöbb á Sauðárkróki í staðinn,“ segir hún og Grétar rifjar upp aðra vetrarferð, líka eftir ball í Miðgarði. „Klukkan var sex um morguninn og við á leið upp á Öxnadalshéðina. Bílstjórinn þurfti að skipta um gir í miðri brekku og rútan byrjaði að spóla og renna. Þá heyrðist Sigga hrópa: „Allir út úr rútnni“ og við náðum að hoppa út. Rútan endaði á rassinum utan vegar og við hefðum örugglega slasast ef við hefðum verið í henni.“

En eru þau tilbúin að fara í þennan gir aftur nú? „Ekki í sama mæli og í gamla daga en við förum á flug,“ fullyrðir Sigga. „Já, gott ef við endurvekjum ekki sveitaballameninguna aftur,“ segir Grétar og lofar að spila í stórum húsum þannig að fólk geti dansað.

Fyrsta gíggjó er í kvöld í Vestmannaeyjum. Samt ekki fyrr en eftir Eurovision í sjónvarpinu. „Við fylgjumst stíft með keppninni,“ segir Sigga. „Ég fæ sjaldan gæsaáúð vegna tónlistar en ég upplifði það þegar ég hlustaði á Jóhönnu Guðrúnu á þriðjudaginn.“

gun@frettabladid.is

Útvarrþjónusta

Þegar Steinnson, útvarrþjóni, s. 091 0919

Þegar Rón, útvarrþjóni, s. 091 0919

Ólafur Ólafsson, útvarrþjóni, s. 091 0944

Sími 551 7080

Bálgata 4, 101 Reykjavík.

Vönduð og persónuleg þjónusta



Til hamingju með frábæra byrjun



Áfram Breiðablik!

Herbalife er stolt af því að vera
næringarbakgjafi meistaraflokks
Breiðablik í knattspyrnu

SUMARÞ



STÆRD: Ø105 SM.
890,-

Plastdúkar
Flottir plastdúkar á garðborðið.
Stærðir: Ø105 sm. með teygju **890,-** 100 x 155 sm. **990,-**

SPARIÐ
19.920,-



BORÐ + 4 STÓLAR + 4 SESSUR ÁÐUR 54.820,-

34.900,-



OREGON borð + 4 OREGON stólar með örmum + 4 NEWCASTLE eða LEEDS sessur
Fallett sett úr gegnheilum harðviði ásamt huggulegum sessum. Stærð á borði: Ø110 sm. Borðið og stólana er auðveldlega hægt að leggja saman svo lítið fari fyrir settinu í geymslunni. Vandaðir stólar með örmum. Borð **14.900,-** Stóll **7.990,-** Sessa **1.990,-**



Sundkútar
Flottir sundkútar fyrir börn. Þrjár mismunandi gerðir fánlegar.

1 STK.
399,-



Klossar fyrir alla fjölskylduna
Flottir klossar í sumarlegum litum. Skórni eru með PHYLON millisóla sem gefur mikinn stuðning, góða endingu og mikla mykt. Stærðir: 19 - 46.

2 STK. Í PAKKA
1.990,-



Göngustafir
Góðir göngustafir, hægt að stilla lengd á stöfunum. Fánlegir í bláum og rauðum lit.



Sundlaug
Flott sundlaug til að blása upp í garðinum eða á pallinum! Tekur 731 lítra. Stærð: 262 x 173 sm.

SUNDLAUG
2.990,-


MANILA garðstóll
Stílhreinn og góður garðstóll úr áli. Sessa og bak er fléttað úr sterku polyesterefni. Hægt er að staffa stólunum ofan á hvorn annan.

GARÐSTÓLL
9.990,-



OXFORD sólstóll
Með þykkri setu, háu baki og skemli. 1,8 stillingar á baki. Aklæði úr polyester.


SÓLSTÓLL
7.990,-



GARÐBEKKUR
24.900,-



MALUKU tekkbekkur
Glæsilegur garðbekkur úr gegnheilum tekkviði. Stærð: 120 x 63,5 x 89 sm. Komdu í Rúmfatalagerinn og gerðu góð kaup!



ÞYRLA + 2 SPÁÐAR
299,-

DRAGGAR...

BOOTES bakpoki
Góður 30 ltr. bakpoki.
Fæst í rauðum eða bláum lit.

BAKPOKI
1.290,-



...í Rúmfatalagernum!



MED
PHYLON
SOLA!



1 PAR

290,-



SPARIÐ
13.820,-

BORÐ + 4 STÓLAR + 4 SESSUR ÁÐUR 58.820,-

45.000,-

Jutlandia
Harðviður



SANTA FE borð + 4 PORTLAND stólar + 4 JASMIN sessur

Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði. Polir íslenska veðráttu. Í settinu eru 4 stólar með örmum og háu, stillanlegu baki. Stórt, áttíyrnt borð, stærð L150 x B85 sm. og 4 sessur í lime lit. Hægt er að leggja saman bæði stólana og borðið. Borð **16.900,-** Stóll **7.990,-** Sessa **2.490,-**



1 STK.

499,-

Gerviblóm
Flott gerviblóm í potti.

ALLT AÐ
33%
AFSLÁTTUR



VERÐ FRÁ:

1.490,-

FULHAM sessur

Flottar, bláar sessur með slitsterku polyester áklæði. Fyrir stól eða bekk:
Stærð: 50 x 45 sm. 8 sm. þykk. áður **1.990,-** nú **1.490,-**
Fyrir lágt bak: Stærð: 90 x 50 sm. 6 sm. þykk. áður **2.990,-** nú **1.990,-**
Fyrir stillanlegt bak: Stærð: 120 x 50 sm. 8 sm. þykk. áður **5.990,-** nú **4.990,-**



STÓLL

3.500,-

COMO garðstóll

Huggulegur garðstóll úr áli. Sessan í stólnum er fléttuð úr sterku polyesterefni. Góður stóll á frábæru verði!



ÁLFUR 1 STK.

299,-



Litlir garðálfar
Mikið úrval af sætum, litlum álfum í garðinn!

VEISLUTJALD

39.900,-

Þyrla +
2 spaðar
Skemmtileg
þyrla á
finu verði!



Veislutjald

Glaesilegt, hvítt veislutjald með gluggum til að hleypa birtunni inn. Frábært fyrir garðveisluna! Stærð: 3 x 9 m.

**RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGIÐ • BADIÐ • HEIMILID

www.rumfatalagerinn.is

Viltu skjól á veröndina?

Eigum við ekki að hætta þessari þrjúsku.



www.markisur.com • www.markisur.is
Veðrið verður ekkert vandamál



Árein Fjarfesting ehf

REX

Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma
567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar



NOKKUR ORÐ Freyr Gígja Gunnarsson

Eitthvað allt annað

Í dag verður mér það ljóst að draumur minnum fögnuð rætist ekki. Ég hef í rúm átján ár alið með mér þá von að dag einn muni ég hoppa hæð mína af kæti, knúsa næsta mann og öskra af gleði. Sú athöfn verður að bíða í eitt ár. Hið minnsta. Mér er minnstætt hvernig þessi tilfinning vaknaði. Ég var staddur í heimabæ mínum Hafnarfirði og hafði nýlökkið við að rifja upp takta Marco Van Basten á skólalóð við Öldutúnsskóla. Fór heim til æskuvinarins og hugðist horfa á liðið mitt lyfta titlinum.

Ég horfði á síðustu mínúturnar enda hafði ég lesið í íþróttakálfri Morgunblaðsins að það væru meiri líkur á því að halastjarna rækist á jörðina en að Liverpool myndi tapa með tveimur mörkum fyrir Arsenal. Ég kom mér notalega fyrir í leður sófanum og beidi eftir því að svartklæddur dómari myndi flauta til leiklok. Staðan var 0-1 fyrir Arsenal og aðeins

nokkrar sekúndur eftir. En svo dundu hörmungarnar yfir í líki Michael Thomas sem skoraði þetta örlagaríka mark og um leið og boltinn snerti netið var eins og örlaganornirnar tækju við stjórnvelinum hjá liðinu frá Bítlaborginni.

Síðan þá hef ég þurft að horfa á Manchester United, áður nefnda Gunners og milljarðalið ríkna Rússans lyfta titlinum. Míni menn hafa hins vegar enn ekki orðið þeirrar gæfu aðnjótandi. Og ég mun þurfa að upplifa niðurlæginu, SMS-skeyti og sára reiði þegar rauðu djöflarnir fagna í leiklok og eflaust mætti túlka þetta sem einhverja gerð af masókisma. Þetta er einfaldlega hluti af því sem stuðningsmenn Liverpool þurfa að lifa við og þetta er skárri en einn pistillinn um Eurovision.



myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Geljan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Miele

Pú sparar kr. 9.210

Sparaðu með Miele

Nýja S2120 ryksugan frá Miele er lágvæ, létt, kraftmikil og með stórum poka. Parketbursti að andvirði kr. 9.210 fylgir frítt með.

Tilboð kr. 22.994*

Opið í dag laugardag frá kl. 11:00-15:00

EIRVÍK -hággæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki

**Eurovision
partýið er í
Skífunni!**



Laugavegi · Kringlunni · Leifsstöð
www.skifan.is



5CD

1.499

2CD



Doritos
og 2L Pepsi fylgja
öllum Eurovision
diskum

NÝ TÓNLIST

NÝTT DVD



4CD

Re-mastered

**100 BESTU
PLÖTUR**
Íslandssögunnar
Fást í Skífunni



MYNDLISIT Frá einni af fyrri sýningum Flökkukinda á Laugavegi 84 í vetur. MYND/FLÖKKUKINDUR

Flökkukindur í hús

Hústökufólk var í fréttum fyrir nokkru. Mörgum blöskrar ill umgengni húseigenda um eignir sínar og hafa litla samúð með þeim. Hönnuðir hafa í samráði við Epal lagt undir sig nokkra glugga í tömu húsnæði við gamla verslunargötu í Reykjavík, Laugavegin. Nú eru myndlistarmenn teknir að þræða sömu götuna. Þeir kalla sig Flökkukindurnar og í dag ætla þeir að sýna í fjórða sinn í auðu verslunarrými. Í þetta sinn á Laugavegi 33 milli kl. 13 og 17.

Opnunin er hluti af stærra verkefni: Eins dags sýningum í rými sem stendur tímabundið autt. Sýningin er unnin inn í rýmið hverju sinni. Verkefninu er ætlað til að fylla upp í holur sem hafa myndast nú þegar í miðbæ Reykjavíkur. Sýningarnar eru unnar sem ferli

þar sem sýningin fer eftir listamönnum sem taka þátt, stærð og gerð rýmis sem notast er við hverju sinni og samvinnu innan hópsins.

Þeir listamenn sem taka þátt í verkefninu að þessu sinni hafa notað undanfarnar ár eftir útskrift til að byggja upp liststefnu sína og verið duglegir að sýna, bæði á einka- og samsýningum hérlandis og erlendis. Flökkukindurnar útskrifuðust ýmist úr Listaháskóla Íslands eða Myndlistaskóla Akureyrar. Boðið verður upp á skemmtilegt spjall á staðnum við listamenn um myndlist.

Hægt er að fylgjast með Flökkukindum, sýningunum fram undan, listamönnum sem taka þátt hverju sinni og myndum af liðnum atburðum á www.flokkukindur.blog.is.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 16. maí 2009

→ Tónleikar

22.00 Brain Police spilar á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu. Einnig koma fram **Dead Model** og **Foreign Monkeys**.

23.00 The Psyke Project spilar á Grand Rokk við Smeiðjustíg. Einnig koma fram **Celestine** og **Momentum**.

→ Opnanir

13.00 Hópur listamanna sem kallar sig **Flökkukindur** verður með sýningu aðeins í dag að Laugavegi 33 milli kl. 13 og 17.

13.00 Í **Ljósmyndasafni Reykjavíkur** við Tryggvagötu verður opnuð sýningin „**Lífið er ekki bara leikur - það er líka dans á rósum**“, þar sem sýndar eru íslenskar ljósmyndir frá sjöunda áratug síðustu aldar. Opnið virka daga kl. 13-19 og um helgar 13-17. Aðgangur er ókeypis.



14.00 Sigrún Guðjónsdóttir opnar myndlistasýningu í DaLi Gallery við Brekkugötu á Akureyri. Opnið um helgar kl. 14-17.



(hafnarmegin) opnar sýning á verkum **Kjartans Guðjónssonar**. Opnið fim.-sun. kl. 14-18.

15.00 Ari Svavarsson opnar málverkasýningu í Jónas Viðar Gallery við Kaupvangsstræti á Akureyri. Opnið um helgar 13-18.

15.00 Í Listasafninu á Akureyri við Kaupvangsstræti verður opnuð yfirlits-sýning á verkum **Huldu Hákon**. Opnið alla daga kl. 12-17. Aðgangur ókeypis.

15.00 Í Hafnarborg við Strandgötu í Hafnarfirði opna tvær sýningar þar sem listakonurnar **Jónína Guðnadóttir** og **Guðný Guðmundsdóttir** sýna verk sín. Opnið alla daga nema þriðjudaga kl. 11-17, fimmtudaga til kl. 21.

15.00 Kristín Blöndal opnar sýningu sína „**Úr einu í annað**“ í Listasal Iðu við Lækjargötu. Opnið alla daga kl. 9-22.



16.00 Arnardóttir opnar sýningu sína „**Hégómarröskun**“ í 8 gallerí við Klapparstíg 33. Opnið þri.-fös. kl. 11-17 og lau. kl. 13-17.

16.00 Dagur Gunnarsson opnar ljósmyndasýningu í Gallerí Grums að Laugavegi 12. Opnið virka daga kl. 11-18 og um helgar 10-16.

16.00 Í Suðsuðvestur við Hafnargötu í Reykjanesbæ verður opnuð sýning á verkum hollenska listamannsins **Klaas Kloosterboer** sem nefnist „**Pulp Machineries**“. Sýningin er opin um helgar kl. 14-17. Aðgangur ókeypis.

16.00 Guðrún Gunnarsdóttir opnar sýningu sína **Hughrif** í Gallerí Ágúst við Baldursgötu 12. Opnið mið.-lau. kl. 12-17.

17.00 Hópur listamanna frá Noregi og Íslandi opna sýninguna „**Within Reach**“ hjá **Kling og Bang** við Hverfisgötu 42. Opnið fim.-sun. kl. 14-18.

→ Handverkssýning

Handverkssýning hefur verður opnuð í **Félagsmiðstöðinni við Vítartorg**, Lindargötu 59. Opnið kl. 13-16, lau. og mán.

→ Sýningar

13.00 Vorsýning nemenda Iðnskólans í Hafnarfirði verður opnuð í dag. Sýningin verður opin daglega kl. 13-17 og stendur til 24. maí.

Í GalleríBOXI við Kaupvangsstræti á Akureyri, hefur verið opnuð sýning á verkum sem **nemendur Oddeyrarskóla** og **Brekkuskóla** unnu ásamt kennurum sínum. Opnið lau. og sun. kl. 14-17.



Í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg hafa verið opnaðar sýningar á verkum **Hrafnkels Sigurðssonar** og **Kristjáns Guðmundssonar**. Opnið alla daga nema mánudaga kl. 11-17. Aðgangur ókeypis.

→ Dans

17.00 Útskriftarnemendur dansbrautar leiklistardeildar LHÍ sýna dansverkið **Deadhead's Lament** í Hafnarfjarðarleikhúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði

→ Dansleikur

Á móti sól verða á Ráðhúskaffi við Hafnarberg í Þorlákshöfn.

Páll Óskar stjórnar **Eurovision-partýi** á NASA við Austurvöll og spilar Eurolog alla nóttina. Sérstakir gestir hans verða m.a. **Selma Björns, Stefán Hilmarrson, Eyjólfur Kristjánsson, Pálmi Gunnarsson, Helga Möller, Einar Ágúst & Telma og Haffi Haff.**

→ Málþing

13.00 Félag áhugamanna um heimspéki og Konfúsíusarstofnin Norðurljós standa fyrir málþingi um kínverska heimspéki. Málþingið fer fram í Odda, Sturlugötu 3, stofu 103. Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir.

→ Tónlist

15.00 Kórinn **Vox Academica** flytur H-moll messu **Johanns Sebastians Bach** á tónleikum í Langholtskirkju við Sólheima. Ásamt kórnum koma fram: **Hlín Pétursdóttir Behrens, Ingunn Ósk Sturludóttir, Gissur Páll Gissurarson** og **Jóhann Smári Sævarsson** og **Kammersveitin Jón Leifs Camerata.**

16.00 Koralkórinn, **Álta-Cantaton/Havssangarna** frá Svíþjóð ásamt **Kirkjukór St. Jósefskirkju**, verða með sameiginlega tónleika í St. Jósefskirkju að Jófríðarstaðavegi í Hafnarfirði. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

17.00 Kór Áttahagafélags Strandamanna heldur vortónleika í Árbæjar- kirkju við Rofabæ.

17.00 Kyrrurnar verða með vortónleika í Seltjarnarneskirkju. Á efnisskránni verða lög eftir m.a. **Tólfta september, Jón Ásgeirsson** og **Atla Heimi Sveinsson.**

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Sunnudagur 17. maí 2009

→ Dansleikur

20.00 Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni verður að Stangarhyl 4. Borgartrío leikur fyrir dansi.

→ Tónlist

17.00 Tinna Árnadóttir sópran heldur einsöngstónleika í Salnum við Hamraborg í Kópavogi. Á efnisskránni eru m.a. verk eftir **Bach, Mozart** og **Inga T. Lárusson**. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.



17.00 Kór hátíð verðu haldin í Sáfnaðarheimilinu Kirkjuhvoli í Garðabæ. Sjó kórar taka þátt sem telja 200 manns. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

17.00 Reykjalundarkórinn heldur sína árlegu vortónleika í Fella- og Hólakirkju við Hólager. Á efnisskránni verða m.a. sýrður með vinsælum dægurlögum og söngleikjum.

→ Tónleikar

20.00 Kór Langholtskirkju undir stjórn **Jóns Stefánssonar** flytur tvö verk eftir **Vivaldi** í Langholtskirkju við Sólheima.

→ Listamannaspjall

15.00 Daði Guðbjörnsson og Tryggvi Ólafsson ræða um verk sín og tilurð sýninga sinna sem nú standa yfir í Gallerí Föld við Rauðarárstíg. Í dag er síðasti dagur sýningarinnar. Opnið kl. 13-16.

15.00 Pétur Thomsen ræðir við gesti sýningarinnar „**Leiftur á stund hættunnar**“ í Listasafni Árnesinga við Austurmeiri í Hveragerði. Á sýningunni eru verk eftir átta íslenska myndlistarmenn sem allir vinna með ljósmyndina í list sinni. Aðgangur er ókeypis.

15.00 Þóra Sigurðardóttir verður með listamannaspjall á sýningu sinni sem nú stendur yfir í Listasafni ASÍ Freyjugötu 41.

→ Opnanir

11.00 Huginn Þór Arason opnar sýningu sína „**Allt í kúkk og kanill**“ í **Kunstraum Wohnraum** við Ásabyggð 2 á Akureyri.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

★★★★★
PBB, Fréttablaðið

„Ekki missa af þessari feðurð...“
ÞES, Viðsjá

SÍÐUSTU SÝNINGAR
17.05 kl.21 Sunnudagur
24.05 kl.21 Sunnudagur

húmanímal

Sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu
Miðasala í síma 555 2222 og á midi.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

Kardemommubærinn (Stóra sviðið)

Lau 16/5 kl. 14:00	Fös 29/5 kl. 18:00	Sun 7/6 kl. 14:00
Lau 16/5 kl. 17:00	Lau 30/5 kl. 14:00	Sun 7/6 kl. 17:00
Sun 17/5 kl. 14:00	Lau 30/5 kl. 17:00	Lau 13/6 kl. 14:00
Sun 17/5 kl. 17:00	Fim 4/6 kl. 18:00	Lau 13/6 kl. 17:00
Sun 24/5 kl. 14:00	Fös 5/6 kl. 18:00	Sun 14/6 kl. 14:00
Þri 26/5 kl. 18:00	Lau 6/6 kl. 14:00	Sun 14/6 kl. 17:00
Mið 27/5 kl. 18:00	Lau 6/6 kl. 17:00	Sun 30/8 kl. 14:00

Sýningar haustsins komnar í sölu

Creature - gestasýning (Kassinn)

Lau 16/5 kl. 20:00 | Sun 17/5 kl. 20:00

Kolklikaður leikhúskonsert - síðustu sýningar

Í Óðamansgarði - ópera í samstarfi við Listahátið í Reykjavík

Fös 22/5 kl. 20:00 | Lau 23/5 kl. 20:00

Aðeins tvær sýningar

Dreams 2009 - alþjóðleg döfð leiklistarhátið (Kassinn)

Mán 25/5 kl. 20:00 [The Hunt of King Charles - Finnland]
Þri 26/5 kl. 20:00 [Mistero Buffo - England/Singapúr]
Fös 29/5 kl. 20:00 [Lostin - Ísland]
Lau 30/5 kl. 20:00 [The Dreamboys - Svíþjóð]

Í samstarfi við Draumasmíðjuna

Ó, þú aftur - afmælisýning leikhópsins Hugleiks (Smiðaverkstæðið)

Sun 17/5 kl. 20:00	Sun 24/5 kl. 20:00	Fös 29/5 kl. 20:00
Mið 20/5 kl. 20:00	Mið 27/5 kl. 20:00	
Fös 22/5 kl. 20:00	Fim 28/5 kl. 20:00	

Snrapt sýningatímabil - miðaverð aðeins 1.500 kr.

40% afsláttur af Criceti 9 hamstrabúri
*aðeins þessa helði

DÝRARÍKIÐ

...fyrir dýravini!

Dýrarákið Miðbrauni 2 - við brúna hjá Ikea Opnið virka daga 11 - 18 Laugardaga 12 - 18 Sunnudaga 12 - 18	Grensásvegur 14 Opnið virka daga 10-18 Laugardaga 12 - 16 Sunnudaga lokað	Blómavalið Skútuvogi Opnið virka daga 11 - 19 Laugardaga 11 - 18 Sunnudaga 11 - 18	Blómavalið Akureyri Opnið virka daga 9:30 - 18 Laugardaga 10 - 18 Sunnudaga 12 - 17
--	---	--	---

Sími 568 66 68
dyrarikid@dyrarikid.is
www.dyrarikid.is

IS IT TRUE?



Í dag

Í tilefni dagsins veitir dælulykill Atlantsolíu 5 krónu afslátt til miðnættis. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Fáðu þér dælulykil á www.atlantsolia.is

ATLANTSOLIA

Atlantsolia - Lónsbraut 2 220 Hafnarfirði - Sími 591 3100 - atlantsolia@atlantsolia.is

> PENELOPE CRUZ Í CHANEL

Spænska feðurárdísinn Penelope Cruz er á kvikmyndahátíðinni í Cannes að kynna nýjustu mynd sína, Broken Embraces úr smíðju Pedro Almodovar. Cruz klæðist einungis fötum frá Chanel í myndinni og má sjá bæði „vintage“ og nýjar línur frá tiskuhúsinu. Almodovar er sjálfur mikill aðdáandi merkisins.

stíll

utlit@frettabladid.is

OKKUR LANGAR Í ...



Geggjaða rauða hælaskó frá Kron by Kronkron.

Nýja ilminn frá Puma sem er frísklegur og sportlegur, fullkominn fyrir sumarið.




Dásamlega fallegan bláan sundbol frá merkinu Myla. Fæst hjá Systur, Laugavegi.



DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA Anna Margrét Björnsson

Kynlífshár og klesstur ælæner

Það er ákveðið útlit sem er akkúrat andstæðan við bronslitaðar gyðjur sem geisla af heilbrigði með fullkomnar hvítar tennur, glansandi húð og glossaðar varir. Slíkt útlit er það sem kalla mætti „trashy chic“ og tengist gjarnan rokkónlist og töffheitum. „Trashy“ útlitið er dálítið erfitt meðferðar og krefst vissulega ákveðinnar kúnstar. Hvað er trashy lúkk kunna sumir að spyrja, en þá á ég við þær konur sem komast upp með það að ganga um með klessta augnmálingu og úfið hár sem gefur til kynna að þær hafi ekki verið að rísa úr rekkju einsamla. Þó að þetta hljómi við fyrsta lestur eins og óæskilegt útlit er það fjarri lagi því margar konur hafa orðið frægar á slíku útliti. Kate Moss, þrátt fyrir að vera oft glæsileg og vel tilhöfð, sést oftast úti á götu í þröngum gallabuxum með sjúkskað hár og ælæner og er samt töff. Edie Sedgwick á sjöunda áratugnum þreif aldrei af sér augnmálinguna og bætti bara meiri við. Partídyr og rokkaradætur eins og Peaches Geldof og Georgia Jagger eru auðvitað með þetta á hreinu og kunna að vera töff þegar þær hrynja út úr næturbúllum og börum. Síðastliðið haust var eins og tiskuhönnuðir hefðu líka hrifist af þessu útliti því sokkabuxur með lykkjufalli voru vinsælar á tiskupöllum og augnmáling í anda „trash“-gyðjunnar ógurlegu Amy Winehouse sást í franska Vogue. Ég býst við að maður verði annaðhvort að vera á táningsaldri eða útlítandi eins og Kate Moss til að ná stílunum því annars gæti maður virkað eins og róni eða vændiskona. Ég á til dæmis hryllilega bágð með lykkjuföll og finnst eins og það standi á enninu á mér „kona til sölu“ bara vegna smá saumsprettu á næloninu. Að sama skapi er eitthvað skelfilega rangt við mikinn og klesstan svartan augnblýant í íslensku morgunbirtunni, málningu sem þó leit svo vel út hálf tíma fyrr á Kaffibarnum. Sennilega er þetta eitthvað sem er sérlega útpælt og á að einkorðast við tiskupallana.



SVART Stefano Pilati notar svartan lit óspart, sem og leður.



SIXTÍS Hárgræiðsla sem minnr bæði á gamaldags hárgreiðslur í anda Catherine Deneuve og japanskar geishur.



KLASSÍSKT Fallegur gamaldags kjóll með aðsniðnu mitti.

STEFANO PILATI MEÐ FRAMÚRSTEFNULEGA HÖNNUN FYRIR YVES SAINT LAURENT

Japönsk form og einföld snið

Hönnun hins unga Stefano Pilati hefur verið umdeild. Það voru til dæmis ekki allir sáttir við víðu kvennabúrs-buxnasniðin, sem hann innleiddi síðasta vetur, né kubbslega víða jakka sem þóttu ekki klæðilegir fyrir konur. En ljóst er að Pilati fer ekki trúðnar slóðir og lína hans fyrir næsta vetur vakti mikla athygli. Fötin voru aðallega svört og mjög einföld en þó lék hann sér með form sem minntu á japanska hönnun ásamt skóm sem minntu helst á einhvers konar galdragripi. Nóg var líka um klassíkina sem konur hafa ætíð dáð hjá þessu fræga tiskuhúsi: alls konar fallegir svartir kjólar með mitti, smökkingjakkar við buxur og klassískar buxnadrattir. Notkun hans á leðri var líka mjög töff, en fyrirsetur voru í jökkum, kápum og jafnvel korselettum úr svörtu leðri.



HVÍTT Dömu- legur kjóll með svörtu beltí.



Mótaðu líkama þinn á met tíma fyrir sumarið með Strive 1,2,3.

4- vikur – 2x í viku.
Aðeins 40 mín í senn.

FYRIR KARLA OG KONUR

Festu þér pláss strax í dag.
Skráning á www.hreyfing.is
og í síma 414-4000

Tímar: 07.20 þri. og fim. ÁH
10.00 mán. og mið. GF
12.15 mán. og mið. BM
17.25 mán. og mið. FS
17.40 þri. og fim. FS
18.10 mán. og mið. FS

Hefst 25. maí
Verð 14.900 kr.

Allar upplýsingar á www.hreyfing.is

Árangur / HRAÐFERÐ

Styrktarþjálfun í Strive 1,2,3 er tækni sem kemur þér í toppform á met tíma. Hámark 16 manns í hóp – mikið persónulegt aðhald. Ein áhrifaríkasta og virkasta styrktarþjálfunarleið í heimi sem er notuð af bandaríska hernum sökum þess hve hægt er að ná góðum árangri á skömmum tíma.



SÍTT Skósíður leðurkjóll frá Yves St Laurent.

ELEGANT Svartur kjóll við klassískan jakka.

SEXÍ Leður- korselett frá YSL.

HREYFING
HEILSULIND

BLUE LAGOON
ICELAND
geothermal spa

Álfheimar 74
Sími: 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is

NÝJAR MYNDIR

komnar í verslanir Hagkaups



2.699.-



3.699.-



2.799.-



3.999.-

KLOVN sería 3 með íslenskum texta



2.799.-




2.699.-



2.699.-



2.699.-



2.699.-


Allt úrvalið er fáanlegt í Smáralind minna úrval í öðrum verslunum.

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

> KOMINN MEÐ BÍLPRÓF

Ástralski leikarinn **Hugh Jackman** getur loksins þeyst um götur Bandaríkjanna á eigin bíl eftir að hann tók bílpróf á dögunum. Jackman fann lausa stund í dagskrá sinni og tók prófið í New York. Samkvæmt fréttum fjölmiðla vestanhafs stóðst hann það með glans.



fólk
folk@frettabladi.is

Aniston er harðbrjósta

Bandaríska leikkonan Jennifer Aniston hefur ekki átt sjö dagana sæla hvað ástarmálin varðar. Fyrst var hún með Brad Pitt og taldi sig vera komna til himnaríkis. Sú dvöl breyttist hins vegar fljótt í martröð þegar Pitt gerði sér dælt við Angelinu Jolie og á nú með henni heilt handboltalið af krökkum. Síðan kom til skjalanna Vince Vaughn en hann þótti of mikil karlremba og hafði lítinn áhuga á rómantíkinni. Loks var það John Mayer

en Aniston hafnaði honum í það minnsta tvisvar.

Nú hefur komið í ljós að þetta á sér allt skýringar því Aniston þykir nokkuð harðbrjósta. Í það minnsta fannst henni lítið athugavert við að hafna fyrrverandi kærasta sínum á veitingastað. „Við vorum hætt saman og hann mætti með mömmu sína á veitingastað sem ég vann á í þeirri veiku von um að ég myndi taka hann aftur. Hann skellti sér á skeljarnar og bað mig um að giftast sér. Allur staðurinn trylltist af fögnuði en ég bað hann vinsamlegast um að standa á fætur og hypja sig út.“



EKKI RÓMANTÍSKT Jennifer Aniston sagði nei við mann á veitingastað þegar hann bað hana um að giftast sér. NORDICPHOTOS/GETTY

Susan Boyle boðið hlutverk í söngleik



Söngleikjamógúllinn Andrew Lloyd Webber hefur lofað Susan Boyle, sem uppgötvað var í Britain's Got Talent, hlutverki í söngleik. Lloyd Webber hitti Boyle nýlega í upptökuveri í London og segist ætla að finna hlutverk fyrir hana. „Hún er frábær og mikill aðdáandi sýninganna minna. Ef hana langar til að vera í einni þeirra, þá gæti það vel gerst. Það yrði að vera rétta hlutverkið. Hún á bjarta framtíð,“ segir hann.

Susan Boyle er 48 ára og býr í Skotlandi. Frami hennar hefur verið með miklum ólíkindum síðan hún kom fram í Britain's Got Talent.

Þar heillaði hún dómarana, Simon Cowell með talinn, þegar hún söng I Dreamed a Dream úr söngleiknum Vesalingunum.

SUSAN BOYLE Hitti Andrew Lloyd Webber og hann bauð henni hlutverk í söngleik.

Jordan sér eftir kynlífsbanninu

Fyrirsætan Jordan hefur sent eiginmanninum Peter Andre fjölda smáskilaboða þar sem hún grátiður hann um að taka við sér aftur. Bresk dagblöð greina frá því að Jordan hafi lofað bókandanum villtum bólförum ef hann hleypi henni aftur í hjónasæng þeirra. Jordan, sem heitir réttu nafni Katie Price, og Andre ákváðu að skilja í byrjun vikunnar. Fram að skilnaðinum hafði Jordan sett Peter í fjögurra mánaða kynlífsbann.

„Katie hefur sent Pete ótal skilaboð en hann hefur ekki svarað henni. Hún vill fá hann aftur en hann vill ekki sjá hana. Hún er sannfærð um að kynlífsbannið var mistök og segir að allt muni breytast,“ sagði vinur hjónanna við The Sun.

Pete dvelur um þessar mundir á heimili hjónanna á Kypur. Hann hefur rætt við börn sín í síma en hefur neitað því að ræða við Jordan. Kornid sem fyllti mælinn hjá Pete, en það var hann sem fór fram

MEÐAN ALLT LÉK Í LYNDI Jordan og Peter Andre ætla að skilja. Fyrirsætan reynir hvað hún getur til að fá Peter til að skipta um skoðun.



á skilnað, var þegar myndir birtust í fjölmiðlum af Jordan að faðma annan mann. Hann hefur lengi verið

afbrýðisamur og segja vinir hjónanna að Jordan hafi notið þess að kvelja hann af þeim sökum.

Stofnaður 1952



Skólaárið 2009 – 2010

Inntökupróf

Listdansskóli Íslands hefur viðurkenningu menntamálaráðuneytisins sem einkaskóli á framhaldsskólastigi.

Nám við Listdansskóla Íslands er samkvæmt aðalnámskrá á grunn- og framhaldsstigi

Skólinn er rekinn af Dansmennt ehf, sem er í eigu Listaháskóla Íslands

Listdansskóli Íslands



Framhaldsskóladeild nemandur fæddir 1993:
Mánudaginn 18. maí, kl 18:00 – 20:00

Eldri nemendur mega mæta í prufutíma
17. ágúst – 15. september 2009

Ath. Ekki eru teknir inn nýjir
nemendur eftir 15. september

Staður:
Engjateigur 1
105 Reykjavík

Nánari upplýsingar:
www.listdans.is
588 91 88

VORDAGAR

-500%

AF ÖLLUM NÝJUM VÖRUM
ATH! LOKADAGUR SUNNUDAGUR 17. MAÍ.

NÝTT KORTATÍMABIL

Regatta 
GREAT OUTDOORS[®]

www.utivistogsport.is

OPIÐ
VIRKA DAGA 10 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 – 16

ÚTIVIST&SPORT

verslun/heildverslun

Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322

AÐRIR SÖLUSTAÐIR: Hafnarbúðin Ísafirði, Hjá Dóru Hornafirði, Hornið, Sunnuhlíð Akureyri

Sigurjón áberandi í Variety

Kvikmyndaframleiðandinn Sigurjón Sighvatsson hefur verið áberandi í kvikmyndabibliunni Variety undanfarna tvo daga eða svo. Annars vegar í grein um aukið vægi enskrar tungu í skandinavískum kvikmyndum og hins vegar í frétt um nýjustu kvikmynd Jason Statham sem hann framleiðir.

Blaðamaður Variety, Andrew Stewart, veltir því fyrir sér í grein sinni af hverju Norðurlandþjóðirnar séu nú í síauknum mæli farnar að gera kvikmyndir á ensku í stað móðurmálsins. Sigurjón Sighvatsson, íslenski kvikmyndaframleiðandinn, verður fyrir svörum ásamt danska leikstjóranum Lone Scherfig en hún hefur vakið

mikla athygli fyrir kvikmynd sína An Education og var meðal annars hrósað í hástert á Sundance-kvikmyndahátíðinni.

Sigurjón segir samstarf Norðurlandanna og Bretlands hafa getið af sér tækifæri fyrir leikstjóra frá þessum löndum til að brjótast inn á alþjóðlegan markað. Leikstjórar frá Norðurlöndunum hafa í síauknum mæli horft til Bretlands sem heppilegs tókustaðar og nægir þar að nefna vikingamyndina Valhalla Rising sem sonur Sigurjóns, Þórður Snær, framleiðir. „Það skiptir engu máli hversu vel kvikmynd frá Skandinavíu gengur, hún mun alltaf fá mjög takmarkað áhorf, þannig að þegar allt kemur til alls

hefur þetta haft í för með aukna landvinninga,“ útskýrir Sigurjón. Hann tekur hins vegar skýrt fram að tungumálið skipti ekki öllu. „Í huga kvikmyndagerðarmanna er það sagan sem skiptir mestu máli og það er ekki hægt að keppa við Hollywood í Ameríku. Til þess að eiga einhvern möguleika á alþjóðlega sviðinu verður að hafa einhverja einstaka sýn,“ segir Sigurjón og svo mörg voru þau orð.

Variety fjallar síðan um nýjustu kvikmynd Sigurjóns, Killer Elite, sem skartar harðhausnum Jason Statham í aðalhlutverki. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá er hún byggð á æviminningum sérsveitarmannsins Ranulph



HASARHETJA Jason Statham er einhver vinsælasta hasarhetjan í Hollywood.



PUNGAVIGTARMÆÐUR Sigurjón Sighvatsson er í viðtal við tímaritið Variety.

Fiennes og segir frá því þegar meðlimir Navy Seals voru hundeltir af leigumorðingjum út um allar trissur. Samkvæmt Variety kostar myndin ekki nema fjöru-

tíu milljónir dollara í framleiðslu eða rúma fimm milljarða íslenskra króna. Fram kemur að tókur verði í London, París og Ástralíu en leikstjóri er Gary McKendry. -fgg



ora

Ástríða í matargerð

Hvað vantar með steikinni?



Þrjár spennandi grillsósur með grillkjötinu með hvítlauk, sólpurrkuðum tómötum eða kryddjurtum og lauk.

www.ora.is



DITA VON TEESE Sýndi á sér brjóstin uppi á sviði við æfingar á þýska Eurovision-laginu. NORDICPHOTOS/GETTY

Dita Von Teese dillaði brjóstunum

Listakonan Dita Von Teese, fyrrverandi kærasta hins ófrýnilega Marylins Manson, beraði brjóstin uppi á sviði við æfingar á lagi Þýskalands í Eurovision-keppninni. Lagið nefnist Miss Kiss Bang Bang og verður númer sautján í röðinni í kvöld. Dita ætlar að dilla sér uppi á sviði þegar lagið verður flutt og vonast til að veiða einhver atkvæði út á það.

Óvíst er þó hvort henni verður leyft að sýna brjóstin þegar kemur að beinu útsendingunni í kvöld, enda milljónir manna við skjáinn. Þó ber að hafa það í huga að glitrandi stjórnur huldu geirvörtur hennar á æfingunni og gæti atriðið því fengið grænt ljós hjá skipuleggjendum keppinnar.

Ferðast ekki neðanjarðar

Söngkonan Lily Allen ætlar ekki að nota almenningsgöngur í brád. Ástæðan er atvik sem átti sér stað í neðanjarðarlest í London fyrir nokkru.

„Síðast fór ég í neðanjarðarlest á nýárskvöld fyrir einu eða tveimur árum. Ég var að reyna að komast í miðborgina til að heimsækja kærastann minn og ég var alein,“ sagði hún. „Fólk byrjaði að hrópa á mig og syngja „Smile“ og þá byrjaði ég að gráta og kallaði: „Látið mig í friði.“ Þá hugsaði ég með mér að ég myndi ekki nota neðanjarðarlest í langan tíma á eftir,“ sagði hún.

LILY ALLEN
Söngkonan vinsæla er rög við að nota almenningsgöngur.



Bassaleikari rændur

Ráðist var á Jeff Ament, bassaleikara Pearl Jam, á dögnum fyrir utan hljóðver í Atlanta og hann rændur. Hljómsveitin er stödd í borginni við upptökur á nýrri plötu með hjálp upptökustjórans Brendan O'Brien.

Atvikið átti sér stað þegar Ament og aðstoðarmaður hans voru að leggja bíl sínum fyrir utan hljóðverið.

Þá komu að þeim þrír grímu-klæddir menn með hnífa og heimtuðu peninga. Slógu þeir Ament niður og höfðu með sér rúma sjö þúsund dollara í verðmætum, eða um 900 þúsund krónum.

Enginn hefur verið handtekinn vegna árásarinnar.



PEARL JAM Bassaleikarinn Jeff Ament var rændur á dögnum fyrir utan hljóðver í Atlanta.

Eminem þakkar Elton John

Rapparin Eminem segir að Sir Elton John hafi verið sér mikil stöð og stytta undanfarin ár í glímu sinni við fíkniefnadjöfúlinn. Eminem og Elton sungu saman á Grammy-verðlaunahátíðinni árið 2001 og hafa allar götur síðan verið góðir vinir.

Rapparin segist hafa hringt í Elton þegar hann var háður lyfseðilsskyldum lyfjum, áfengi og meþadóni. „Ég tala oft við Elton. Við urðum góðir vinir og núna tala ég við hann um ýmislegt tengt tónlistarferlinum,“ sagði Eminem. „Ég misnotaði vímuefni þegar ég var yngri. Þegar ég vildi losna undan fíkninni í fyrsta sinn hringdi ég í hann vegna þess að hann er í þessum bransa og hefur reynslu af þessum lífsstíl.“

Hann veit hversu erfitt getur verið að halda haus,“ segir Eminem. „Hann skilur hvernig þrýstingur og aðrar ástæður fá mann til að nota fíkniefni. Þannig að ég hringdi í hann og sagði: „Ég er að ganga í gegnum erfiðleika og þarf á hjálp þinni að halda,“ sagði Eminem. Nýjasta plata hans, Relapse, er á leiðinni í búðir en fimm ár eru liðin síðan síðasta plata hans kom út.



EMINEM Rapparin snjalli hefur leitað til Eltons John eftir ráðleggingum.

ELTON JOHN Elton kynntist Eminem á Grammy-hátíðinni árið 2001.



PHILIP SEYMOUR HOFFMAN Óskarsverðlaunahafinn hefur kvartað undan því hversu erfitt það sé að vera leikari.

Erfitt að vera dramatískur

Óskarsverðlaunahafinn Philip Seymour Hoffman hefur kvartað undan því hversu erfitt það sé að vera leikari. Í nýjustu mynd sinni, hinni dramatísku Synecdoche, New York, leikur hann sjötugan mann. Þurfti hann að taka á öllu sem hann átti til að sýna sannfærandi leik.

„Ég þurfti að sannfæra fólk um að ég væri sjötugur og væri við dánarbed dóttur minnar sem ég hefði ekki séð í þrjátíu ár. Það er töluverður sársauki sem fer í slíkt. Að sýna þennan sársauka er það sama og að vera dramatískur. Það tekur á og er alls ekki auðvelt,“ sagði Hoffman.



MICKEY ROURKE Leikarinn kunnir hefur tekið að sér aðalhlutverkið í Mona Lisa.

Rourke leikur í Mona Lisa

Mickey Rourke hefur tekið að sér aðalhlutverkið í endurgerð bresku glæpamyndarinnar Mona Lisa sem kom út á níunda áratugnum. Rourke leikur fyrrverandi fanga sem gerist bílstjóri fyrir eftirsóttu fylgdardömu. Eva Green, sem lék í Bond-myndinni Casino Royale, er í viðræðum um að leika dömunu. Leikstjóri verður Larry Clark, sem er líklega þekkastur fyrir hina umdeildu Kids. Tökur á myndinni hefjast í New York í júlí.

Bob Hoskins og Cathy Tyson léku aðalhlutverkin í upprunalegu myndinni sem kom út 1986 í leikstjórn Neils Jordan.

VIÐURKENND ÞJÓNUSTUUMBOÐ

HEKLA auglýsir eftir umsækjendum sem hafa áhuga á að starfrækja viðurkennd þjónustu-umboð fyrir vörumerkin Volkswagen, Skoda, Audi, Volkswagen atvinnubíla og Mitsubishi. Sérstaklega er leitað eftir umsækjendum á Vesturlandi, Vestfjörðum og Austurlandi.

Framleiðendur þessara vörumerkja gera miklar kröfur um fagleg vinnubrögð, afburðaðþjónustu við viðskiptavinum og gæðaeftirlit á öllum stigum þjónustunnar.

Eingöngu viðurkennd þjónustuumboð hafa heimild til að framkvæma ábyrgðarviðgerðir og innkallanir. Þá fá viðurkennd þjónustuumboð viðtækan stuðning frá HEKLU við uppbyggingu og eftirfylgni á vottunartíma, sem og á gildistíma þjónustusamnings.

Áhugasamir sendi umsóknir í tölvupósti á netfangið gæðastjori@hekla.is eða í pósti á póstfangið:

HEKLA hf.
b/t gæðastjóra
Laugavegur 172-174
105 Reykjavík



Das Auto.



SIMPLY CLEVER



Audi



Atvinnubílar



MITSUBISHI MOTORS

Reynslan er góð

Laugavegi 174 • 590 5000 • www.hekla.is • hekla@hekla.is



FRAMTÍÐIN ER TÍMI FYRIR FAGLEGAN METNAÐ OG LISTRÆNA SÝN

Vorið 2009 útskrifar Kvikmyndaskóli Íslands 25 nemendur af fjórum sviðum skólans. Þetta eru leikstjórar, leikarar, handritshöfundar, framleiðendur og tæknilegir sérfræðingar fyrir vaxandi framtíð myndmiðlunar á Íslandi. Við óskum þeim hjartanlega til hamingju með áfangann og óskum þeim góðs gengis í metnaðarfullum verkefnum.

Útskrift verður í Bæjarbíói, Hafnarfirði, laugardaginn 16. maí kl. 13 og eru allir velkomnir.



Arnór Pálmi Arnarson



Bjarni Gautur Eydal Tómasson



Brynja Valdís Gísladóttir



Davíð Jónsson



Diljá Sævarsdóttir



Heiðar Mar Björnsson



Þórður Hafliðason



Sölvi Mars Eðvaldsson



Ágústa Margrét Jóhannsdóttir



Eyrún Helga Guðmundsdóttir



Haldóra Kristín Unnarsdóttir



Jón Þór Jónsson



Magnús Torfi Magnússon



Víktor Davíð Jóhannsson



Anton Bjarni Ingibjartsson



Guðný Rósa Hannesdóttir



Sandra Steinþórsdóttir



Sigurður Ingi Sigurðsson



Bergþóra Ólöf Björnsdóttir



Guðfinnur Harðarson



Nana Alfreðsdóttir



Guðrún Lára Einarsdóttir



Guðný Lára Árnadóttir



Halldór Fannar Kristjánsson



Katrín Bjarkadóttir

Leikstjórn og framleiðsla

Skapandi tæknivinna



KVIKMYNDASKÓLI
ÍSLANDS

Handrit og leikstjórn

Leiklist


> Atvik umferðarinnar

Andrew Mwesigwa, varnarmaður ÍBV, ákvað að reyna að nota báðar hendurnar til að reyna koma boltanum í mark Blika í leik liðanna á miðvikudagskvöldið. Þar að auki var hann með gult spjald á bakinu og fékk því skiljanlega það rauða. Einkar einkennilegt.

> Bestu ummælin

„Ég veit nú ekki um vítið sem FH fékk en þú varst ánægður með það. Látum það nægja,“ sagði Þorvaldur Örylgsson, þjálfari Fram, í viðtali við Hörð Magnússon, íþróttafréttamann Stöðvar 2 Sports. Hörður er eins og alkunna er gamall FH-ingur en það hafði lítið með leik FH og Fram að gera og ómaklegt hjá Þorvaldi að veða að Herði með slíkum hætti.

sport
sport@frettabladid.is



PEPSI-DEILD KARLA: ÚRVALSLIÐ 2. UMFERÐAR

Sjóðandi heitir Stjörnumenn

Það er óhætt að segja að nýliðar Stjörnumenn hafi hafið þetta Íslandsmót með látum. Þeir unnu 6-0 stórsigur á lánlausum Þrótturum en nýliðar hafa aldrei byrjað svo vel í fyrstu tveimur leikjum sínum í deildinni, í það minnsta hvað markatölu varðar. Stjarnan hefur skorað níu mörk í þessum tveimur leikjum og aðeins fengið á sig eitt. Stjörnumenn eiga tvo fulltrúa í liði umferðarinnar, rétt eins og Fylkir og Valur.

Fylkir er eina liðið sem á enn eftir að fá á sig mark en Árbæingar hafa lagt sterka andstæðinga að velli í fyrstu tveimur leikjum – Val og Keflavík. Báðir þessir sigrar hafa þó komið á heimavelli og því áhugavert að sjá hvort að góða gengið haldi áfram á útivelli. Alls eiga átta

lið fulltrúa í liði umferðarinnar að þessu sinni og tveir leikmenn eru nú valdir í liðið í annað skiptið í röð. Það eru þeir Jónas Guðni Sævarsson, KR og Keflvíkingurinn Alen Sutej.

Auk Stjörnumenn og Fylkis eru KR og Breiðablik einnig með fullt hús stiga.



TÖLURNAR TALA

Flest skot: Valur 17
Flest skot á mark: Stjarnan 10
Hæsta meðaleink.: Fylkir 6,64.
Lægsta meðaleink.: Þróttur 3,62.
Grófasta liðið: Fylkir 21 brot.
Prúðasta liðið: Keflavík, Þróttur og Fram með 8 brot.
Flestir áhorfendur: 1287, á leik FH og Fram.
Fæstir áhorfendur: 560, á leik ÍBV og Breiðabliks.
Áhorfendur alls: 5407 (901).
Besti dómariinn:
Fjórir dómara fengu 7 í einkunn fyrir leiki sína í umferðinni.

Keflvíkingar verða án fyrirlíðans síns sem ristarbrotnaði í fyrradag:

Hólmar Örn frá í tvo mánuði

FÓTBOLTI Hólmar Örn Rúnarsson, fyrirlíði Keflavíkur, verður frá keppni næstu 6-8 vikurnar þar sem hann ristarbrotnaði í leik sinna manna gegn Fylki í fyrrakvöld. Um álagsmeiðsli er að ræða en atvikið gerðist undir lok fyrri hálfleiks.

„Ég steig niður og var að snúa mér þegar ég heyrði smell,“ sagði Hólmar Örn í samtali við Fréttablaðið. „Þetta er mikið áfall fyrir mig enda missi ég þar með af meirihluta tímabilsins. Ég hef verið heppinn í gegnum tíðina og aldrei verið svo lengi frá vegna meiðsla áður.“

Hólmar Örn skoraði sigurmark sinna manna í 1-0 sigri á Íslandsmeisturum FH í fyrstu umferðinni. Keflvíkingar sóknuðu hans greinilega eftir að þeir misstu

hann af velli í hálfleik í Árbænum og skoruðu heimamenn tvö mörk í síðari hálfleik.

Hann gegndi mikilvægu hlutverki í liði Keflavíkur á síðustu leiktíð og kom alls við sögu í 20 deildarleikjum á tímabilum. Hann skoraði í þeim þrjú mörk.

Hólmar tók við fyrirlíðabandinu af Guðmundi Steinarssyni fyrir þetta tímabil.

Keflvíkingar spila átta deildarleiki næstu átta vikurnar en sá fyrsti af þeim verður á móti Valsmönnum á heimavelli á mánuðagskvöldið.

- esá

Í LEIKNUM AFRIFARÍKA Hólmar Örn Rúnarsson sést hér í baráttu við Fylkismanna í leiknum á fimmtudagskvöldið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Er um enn að stilla strengina

Marel Baldvinsson er leikmaður 2. umferðar Pepsi-deildar karla að mati Fréttablaðsins. Hann átti stórleik í 3-1 sigri Vals á Fjölni á fimmtudaginn.

FÓTBOLTI Marel Baldvinsson átti sannkallaðan stjörnuleik með Val gegn Fjölni á fimmtudagskvöldið. Þar skoraði hann eitt mark og lagði upp annað í 3-1 sigri auk þess sem hann lék varnarmenn Fjölnis oft grátt í leiknum.

Marel gekk til liðs við Val skömmu áður en mótið hófst en hann lék áður með Breiðabliki. Hann neitar því ekki að það sé langt síðan hann hafi spilað eins vel og í gær.

að þeir hafi hreinlega verið lélegir í þeim leik.

„Það verður bara að segjast eins og er. En gegn Fjölni stilltum við upp sóknarsinnuðu liði og ef sá leikur gefur fyrirheit um það sem koma skal erum við í góðum málum.“

Frábært að spila með Helga

Marel og Helgi Sigurðsson léku saman í fremstu víglínu Valsmanna í gær.

„Við höfum ekki spilað mikið saman í gegnum tíðina þó svo að við vorum oft valdir í landsliðið á sama tíma. En það var frábært að spila með honum í gær og ég held að séum það ólíkar týpur að það henti okkur vel að spila saman,“ sagði Marel.

Hann segir góða stemningu ríkja í Valsliðinu. „Það eru mörg ný andlit í hópnum og það tekur auðvitað tíma að kynnast almennilega. En samstaðan innan hópsins er góð og sýndi það sig í leiknum þegar við náðum að koma til baka eftir lélega frammistöðu í fyrsta leik. Gegn Fjölni vorum við allir að leggjast á eitt og vinna fyrir hvor annan.“

„En við megum ekki missa okkur. Þetta eru bara þrjú stig og auðvitað gerum við kröfu á það á heimavelli gegn liði eins og Fjölni – með fullri virðingu fyrir þeim. Nú er bara að halda áfram á sömu braut.“

eirkur@frettabladid.is

Ekki dauður úr öllum æðum

„Ég var nú kannski ekki dauður úr öllum æðum áður en ég kom til Vals en vissulega var mjög gaman að spila þennan leik. Og klárlega var þetta einn af mínum betri leikjum í langan tíma,“ sagði Marel í samtali við Fréttablaðið.

„Það hefur gengið vel að aðlagast Valsliðinu. Mér hefur verið tekið vel,“ bætir hann við.

Nokkuð var fjallað um félagaskipti Marel nú á vormánuðum og umræða um að Marel hafi farið til Vals peninganna vegna.

Valur var spennandi kostur


„Ég gef ansi lítið fyrir þá umræðu enda var ég ekkert að spá í því þegar ég fór í Val. Þarna bauðst mér spennandi kostur enda er Valur með nýtt lið sem hefur burði til að gera góða hluti. Við erum enn að stilla saman strengina en það hefur ekkert breyst – við höfum enn burði til að ná langt.“

Valur tapaði fyrir Fylki í fyrstu umferðinni og segir Marel

BYRJAR VEL Marel Baldvinsson er þegar búinn að finna skotskóna sína á Hlíðarenda. Hann skoraði eitt mark og lagði upp annað í 4-1 sigri á Fjölni.

Handball Manager 2009

Hér færð þú tækifæri til að stýra stærstu handboltaliðum heims. Stýrðu íslenska landsliðinu til sigurs á Ólympíuleikunum eða í Heimsmeistarakeppninni. Eða taktu við félagslíði stærstu handboltadeildum heimsins, þar á meðal þeirri íslensku.



Fæst í næstu tölvuleikjaverslun

sena

okkar heimur // þín skemmtun



25%
afsláttur
ef þú sækir!*



Ruby Tuesday er í Eurovision-skapi

Kíktu á matseðilinn á www.rubytuesday.is,
hringdu og pantaðu mat fyrir þig og þína.

Nýtt símanúmer

577 1300

* Tilboðið gildir aðeins í dag, 16. maí 2009 - gildir ekki með öðrum tilboðum.

RubyTuesday
BRAGÐGÓÐ SKEMMTUN

Höfðabakka 9 & Skipholti 19

Úrslitin geta ráðist á toppi ensku úrvalsdeildarinnar þegar Manchester United mætir Arsenal á Old Trafford:

Tryggir United sér titilinn þriðja árið í röð?

FÓTBOLTI Stórleikur helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni er strax í hádeginu í dag þegar Manchester United tekur á móti Arsenal á Old Trafford. Manchester United þarf aðeins að krækja sér í eitt stig til þess að tryggja sér Englandsméistaratitilinn þriðja árið í röð og búast flestir við sigurveislu í Manchester-borg í dag.

Enska knattspyrnusambandið hefur líka gefið það út að United-menn fái að taka á móti bikarinn á Old Trafford í dag nái þeir í stig út úr leiknum á móti Arsenal.

„Við fáum aftur tækifæri til að vinna titilinn fyrir framan okkar stuðningsmenn og það væri gaman að ná því en ég hef samt alltaf



16. MAÍ 1999 Tíu ár liðin síðan Manchester United tryggði sér síðast enska meistaratitilinn á sínum heimavelli.

NORDICPHOTOS/AFS

sagt að það skipti ekki máli hvar við vinnum titilinn,“ sagði Sir Alex Ferguson, stjórnari Manchester United. United hefur aðeins einu sinni áður tryggt sér sigur í ensku úrvalsdeildinni á sínum heimavelli en félagið hefur unnið deildina tíu sinnum síðan hún var sett á laggirnar 1993. „Það er samt mjög skrítið að við höfum aðeins tryggt einn af tíu titlum á Old Trafford,“ sagði Ferguson.

Vinni Manchester-liðið titilinn í ár verður það átjándi meistaratitill félagsins sem er þá jöfnun á meti Liverpool. Ferguson segist samt aldrei hafa verið í keppni til að ná þessu meti. „Markmiðið var að vinna titilinn í fyrsta sinn

og stoppa sigurgöngu Liverpool. Mest krefjandi verkefnið var að ná í fyrsta titilinn,“ sagði Ferguson en hann kom í hús 1993. Síðan hefur Skotinn gert United tíu sinnum að meisturum.

Ferguson er viss um að leikmenn Arsenal koma einbeittir til leiksins í dag minnugir ófaranna í Meistaradeildinni.

„Þeir hafa verið gagnrýndir að undanförunu og ætla sér örugglega að sanna sig upp á nýtt á degi þegar allir búast við að United tryggi sér titilinn,“ sagði Ferguson en vinni Arsenal fær Manchester United annað tækifæri á móti Hull í lokaumferðinni um næstu helgi.

- óóó



FYRSTI LEIKURINN Þorgerður Anna Atladóttir spilar sinn fyrsta landsleik á móti Sviss.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Landsleikir á móti Sviss:

Þrír nýliðar í hópi Júlíusar

HANDBOLTI Júlíus Jónasson, landsliðsþjálfari A-landsliðs kvenna í handbolta, valdi í gær 20 manna hóp fyrir þrjá æfingaleik við Sviss og tvo leiki við Portúgal.

Íslenska liðið er að undirbúa sig fyrir undankeppni EM sem hefst í haust.

Júlíus valdi þrjá leikmenn í hópinn sem spila sinn fyrsta landsleik á móti Sviss. Þetta eru þær Heiða Ingólfssdóttir, markvörður Hauka, Sunna Jónsdóttir úr Fylki og Þorgerður Anna Atladóttir úr Stjörnunni.

Leikirnir við Sviss verða í Framhúsinu á mánudag, á Sel-fossi á þriðjudag og í Austurbergi á miðvikudaginn.

- óóó

LANDSLIÐSHÓPURINN

Markmenn:

Berglind Íris Hansdóttir, Val	83 leikir
Heiða Ingólfssdóttir, Haukum	0
Ólöf Kolbrún Ragnarsdóttir, HK	8

Aðrir leikmenn:

Arna Sif Pálsdóttir, HK	33
Ágústa Edda Björnsdóttir, Val	56
Ásta Birna Gunnarsdóttir, Fram	20
Dagný Skúladóttir, Val	78
Elísabet Gunnarsdóttir, Stjörnunni	40
Harpa Sif Eyjólfssdóttir, Stjörnunni	10
Hildigunnur Einarsdóttir, Val	30
Hrafnhildur Skúladóttir, Val	107
Íris Ásta Pétursdóttir, Val	3
Karen Knútsdóttir, Fram	1
Kristín Clausen, Stjörnunni	19
Ragnhildur Guðmundsdóttir, FH	47
Rakel Dögg Bragadóttir, Kolding	58
Sólveig Lára Kjærnestad, Stjörn.	36
Stella Sigurðardóttir, Fram	8
Sunna Jónsdóttir, Fylki	0
Þorgerður Anna Atladóttir, Stjörn.	0



NÝLIÐINN Íris Sværissdóttir stóð sig vel með Grindavík í vetur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Henning valdi kvennalandsliðið:

Íris er eini nýliðiinn í hópnum

KÖRFUBOLTI Henning Henningsson, landsliðsþjálfari kvenna í körfubolta, er búinn að velja tólf manna hópinn fyrir Smáþjóðaleikana á Kýpur í byrjun júní.

Eini nýliðiinn í hópnum er Íris Sværissdóttir, 19 ára bakvörður úr Grindavík en sjö af tólf leikmönnum hópsins eru að fara á sína fyrstu Smáþjóðaleika.

- óóó

HÓPURINN Á KÝPUR

-Bakverðir-

Helena Sværissdóttir, TCU	30 leikir
Kristrún Sigurjónsdóttir, Haukum	17
Ingibjörg Jakobsdóttir, Grindavík	9
Guðrún Ósk Ámundadóttir, KR	1
Íris Sværissdóttir Grindavík	0

- Framherjar -

Birna Valgarðsdóttir, Keflavík	68
María Ben Erlingsdóttir, Keflavík	23
Petrúnella Skúladóttir, Grindavík	15
Bryndis Guðmundsdóttir, Keflavík	13
Sigrún Ámundadóttir, KR	12

- Miðherjar-

Signý Hermannsdóttir, Val	53
Ragna Margrét Brynjarsd., Haukum	9

MERKJA OUTLET

Stærsta Outlet landsins! KORPUTORGI

Sundfatnaður | Dömufatnaður

Barnafatnaður | Herrafatnaður

Íþróttafatnaður | Skór | Töskur | DVD

Ný sending af
íþróttafatnaði!

Verðdæmi:

Dömubolir	695	FRØKEN PIL blússur	2.495
Dömubuxur	995	FRØKEN PIL buxur	3.995
Dömütöskur	995	FRØKEN PIL kjólar	6.995
